allt

GRÉTAR JÚLÍUSSON

*Með nýja seríu á hverju ári*

fasteignir hús

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



EINAR BÁRÐARSON

*Fer með Nylon til Bretlands 22. janúar*

Verða þær næstu Spice Girls?

**FÓLK 66**






Björgvin Halldórsson
Ár og öld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005
3CD
Stórkostleg safnplata í næstu verslun



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. desember 2005 — 343. tölublað — 5. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 550 5000


### Huggulegi diskóboltinn

Plötusnúðurinn Margeir verður með sitt síðasta diskókvöld annan í jólum. Hann velur diskó fram yfir brennivínsslagara.



**FÓLK 52**

### Dúxaði í FG

Freyja Haraldsdóttir útskrifaðist með hæstu einkunn úr Fjölbrautaskóla Garðabæjar á laugardag.



**TILVERAN 22**

### Kona bara skilur þetta ekki

Guðmundur Andri Thorsson veltir upp þeirri spurningu í umræðu dagsins hvers vegna Framsóknarflokkurinn hefur ekki treyst sér til að skipa konu sem ráðherra jafnréttismála.

**Í DAG 32**

### Ekkert fær stöðvað Chelsea

Chelsea vann í gær góðan sigur á liði Arsenal í ensku úrvalsdeildinni, en þetta var fyrsti sigur Chelsea á Highbury, heimavelli Arsenal, síðan úrvalsdeildin var stofnuð. Arsenal hefur nú tapað þremur deildarleikjum í röð.



**ÍÞRÓTTIR 62**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝNAR NOKKUÐ MEÐ** kvöldinu en víða frost nú í morgunsárið. Vaxandi vindur á landinu eftir því sem líður á daginn og kvöldið. Skúrir eða él víða um land í kvöld með hlýnandi veðri.

**VEÐUR 4**

# Fátæku ríkin hagnast mest

## Utanríkisráðherra er ánægður með niðurstöðu Hong Kong-fundarins. Tollar á fiski munu lækka. Innfluttar landbúnaðarafurðir gætu lækkað í verði.

**ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI** Geir H. Haarde utanríkisráðherra fagnar því að samkomulag hafi náðst á ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um yfirlýsingu þess efnis að fella niður tolla og kvóta á mikilvægustu útflutningsvörum allra fátækustu ríkja heims.

„Ég er mjög ánægður með að það hafi náðst samstaða um ráðherrayfirlýsingu á þessum fundi þrátt fyrir að ekki hafi litið vel út með það í byrjun. Í henni er margt jákvætt ef litið er til hagsmuna heimsbyggðarinnar. Málinu er ekki lokið en mikilvægt skref hefur verið stigið í átt að því að klára verkefnið.“

Einnig var samþykkt að afnema útflutningsbætur á búvörur fyrir árið 2013. Aðspurður segir Geir það ekki munu hafa nein bein áhrif á Íslendinga, sem afnámu útflutningsbætur árið 1990.

Geir segir ýmislegt í samkomulaginu þó koma til með að hafa jákvæð áhrif fyrir Ísland. „Við flytjum út fiskafurðir sem sums staðar eru tollskyldar og iðnaðarvörur sem hugsanlega munu fá betri fyrirgreiðslu í mörgum löndum.“

Hann leggur þó áherslu á að ávinningur þróunarlandanna sé mikilvægasta afleiðing samkomulagsins. „Við skrifum með glöðu geði undir það,“ segir Geir.

Björgólfur Jóhannsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir tolla enn við lýði á ákveðnum vörum í mörgum löndum og jákvætt sé fyrir fiskútflytjendur ef tollarnir lækki eða verði felldir niður. „Þetta getur ábyggilega haft góð áhrif,“ segir hann.

Drífu Hjartardóttur, formanni landbúnaðarnefndar Alþingis, líst sömuleiðis vel á samkomulagið. „Ég tel að það skipti miklu máli að náðst hafi árangur á þessum fundi,“ segir Drífa. Hún bendir á að Íslendingar flytji inn megnið af þeim landbúnaðarvörum sem hér eru notaðar, til dæmis ávexti, korn og sykur. „Þessar vörur ættu að lækka í verði í kjölfar samkomulagsins,“ segir Drífa.

**-sh/-bþs/** **sjá síðu 2**



**JÓLATÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU** Hátíðastemning var í Hallgrímskirkju í gær þegar Mótettukór Hallgrímskirkju flutti ásamt öðrum lög í anda jóla og aðventu. Tónleikunum var útvarpað til fjölmargra landa í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Benedikt XVI páfi í hugvekju um jólahátíðina:

# Gleði er jólagjöfin

**RÓM, AP** Gleði en ekki dýrar og tímafrekar gjafir er hin sanna jólagjöf sagði Benedikt XVI páfi í óformlegri heimsókn í kirkju í úthverfi Rómar í gær.

„Í veröld nútímans er guð horfinn. Fólk þarf deyfingu til að lifa. Það lifir í dimmum heimi,“ sagði páfinn. „Með brosi, góðverki, örlítilli hjálp og fyrirgefningu geturðu breitt út gleði, og sú gleði mun snúa aftur til þín.“

Með heimsókninni heldur Benedikt XVI í hefð Jóhannesar Páls II forvera síns sem sótti söknir Rómaborgar iðulega heim og flutti stuttar hugvekjur. ■

Jólatónleikar í Hallgrímskirkju:

# Sungið fyrir Evrópu

**TÓNLEIKAR** Hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju var útvarpað víða um Evrópu í gær.

Yfir daginn var útvarpað frá jólatónleikum sjö annarra evrópskra útvarpsstöðva, frá klukkan tvö og fram til miðnættis, meðal annars frá Slóveníu, Finnlandi, Eistlandi, Danmörku, Svíþjóð og Póllandi. Útsendingin hófst á tónleikunum í Hallgrímskirkju sem var útvarpað samtímis til fjölmargra landa Evrópu.

Á efnisskránni voru lög eftir innlend og erlend tónskáld í flutningi Mótettukórs Hallgrímskirkju, Ísaks Ríkharðssonar drengjasóprans, Sigurðar Flosasonar saxófónleikara og Björns Steinars Sólbergssonar orgelleikara, undir stjórn Harðar Áskelssonar.

**- jóa**


VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU
hausverk
Miðvikudagar
Vlissingen / Holland
591 3000


Colin Powell tjáir sig um fangaflug CIA í BBC-viðtali:

# Sakar Evrópubúa um hræsni

**FANGAFLUG** Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gaf í skyn í viðtali við BBC um helgina að evrópskir ráðamenn sem ekkert þættust hafa vitað um leynilega flutninga á föngum grunuðum um aðild að hryðjuverkum sýndu með því hræsni.

Powell sagði að þær upplýsingar sem nýlega komust í hámæli um flutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA á slíkum föngum milli staða utan bandarískrar lögsögu væru hvorki nýjar né ókunnar Evrópumönnum.

Ráðamenn marga Evrópulanda sem umræddar fangaflutningavélar hafa flogið um - þar á meðal Íslands - hafa sagst koma af fjöllum.



Nýliðin Evrópuferð eftirmanns Powells í embætti, Condoleezzu Rice, fór svo að segja öll í að útskýra þetta fangaflug og þá stefnu sem það er hluti af. Hún viðurkenndi að grunaðir hryðjuverkamenn væru fluttir í laun til staða utan Bandaríkjanna þar sem þeir væru yfirheyrðir. Hún sagði þetta lögmætar aðferðir í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum. Hún neitaði því að fangarnir væru pyntaðir. Powell tók undir þetta í BBC-viðtalinu og sagði æsinginn í Evrópu minna sig á skinheilagleika. **- aa**

**COLIN POWELL** Segir æsinginn í Evrópu út af fangafluginu minna sig á skinheilagleika. MYND/NORDICPHOTOS/AFP


5 DAGAR TIL JÓLA





## SPURNING DAGSINS

*Er Mjólka með einhverja leyniuppskrift að mjólk?*

„Já, við erum með leyniuppskrift að mjólk og Bændasamtökin mega alls ekki komast í hana“.

Ólafur M. Magnússon er ósáttur við að Mjólku sé skylt að láta af hendi trúnaðarupplýsingar til Bændasamtakanna þar sem sitji meðal annars aðilar frá helstu keppinautum fyrirtækisins.

Niðurstöður í forsetakjöri í Bólivíu gætu orðið áfall fyrir Bandaríkjastjórn:

# Kókaræktandi með forskot

**BÓLIVÍA, AP** Forsetakosningar fóru fram í Bólivíu í gær. Niðurstaðna er að vænta í dag, en talið var að mjótt yrði á munum milli tveggja helstu frambjóðendanna.

Annar frambjóðandinn er íhaldsmaðurinn Jorge Quiroga, fyrrverandi forseti landsins, sem styður frjálst markaðsumhverfi og stríðið gegn kókarækt. Hinn frambjóðandinn er hins vegar vinstrisinnaði kókabóndinn Evo Morales. Morales hefur naumt forskot í skoðanakönnunum, en verði hann fyrir valinu og nái yfir helmingi greiddra atkvæða verður það í fyrsta skipti sem indjáni er kosinn forseti.



**EVO MORALES** Yrði fyrsti indjáninn til að ná forsetakjöri í Bólivíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ef Morales vinnur er talið að það verði mikið áfall fyrir Bandaríkjastjórn og fíkniefnastríðið sem hún háir í Suður-Ameríku, þar sem Morales hefur lýst því yfir að verði hann forseti muni ræktun kókarunna verða gerð lögleg, en kókaín er unnið úr laufblöðum kókarunnans. Jafnframt hefur hann sagt að hann muni sjá til þess að útflutningsverð á olíu hækki. ■

Stuðningsnefnd stofnuð:

## Hillary gefur ekkert upp

**BANDARÍKIN, AP** Peter Feddo, ungur demókrati í Virginíu, hefur sett á laggirnar stuðningsnefnd á landsvísu fyrir forsetaframboði öldungadeildarþingmannsins Hillary Clinton. Hann vill svo sjá ríkisstjóra Virginíu, Mark Warner, sem varaforsetaefni.

Hillary hefur ekkert sagt um það hvort hún stefni í framboð til forseta árið 2008, en hún nýtur gríðarlegra vinsælda meðal flokksmanna sinna. Feddo segist þess fullviss að hún fari í framboð en framtak hans hefur engin tengsl við Clinton, sem ekkert hefur sagt um málið. Feddo segir að ósigur John Kerry árið 2004 hafi ýtt undir stofnun nefndarinnar. ■

Hlerunarheimildir Bush:

## Þingrannsókn fari fram

**BANDARÍKIN, AP** Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, kallaði í gær eftir því að þingið efndi til formlegrar rannsóknar á símahlerunum sem George W. Bush forseti hefur viðurkennt að hafa heimilað í nafni baráttunnar gegn hryðjuverkum.



**HARRY REID**

„Þetta þing hefur mjög lítið aðhafst til að fá yfirsýn (yfir þetta mál),“ sagði Reid í viðtali á Fox-sjónvarpsstöðinni. „Það ætti að fara fram rannsókn og vitnaleiðslur.“

Bush staðfesti á laugardag að hann hefði frá því í október 2001 heimilað Þjóðaröryggisstofnuninni (NSA) að hlera útlandasímtöl og tölvupóst fólks sem búsett sé löglega í Bandaríkjunum. Til að slíkar njósnir séu löglegar þarf að öllu jöfnu dómsúrskurð. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Útflutningsbætur afnumdar fyrir 2013

**Mörgum helstu ágreiningsefnunum var slegið á frest er ráðherrafundi Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, var slitið í Hong Kong í gær. Samkomulag tókst þó um að afnema bæri útflutningsbætur á búvörur fyrir árið 2013.**

**HONG KONG, AP** Sex daga löngum ráðherrafundi Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, lauk í Hong Kong í gær með samkomulagi sem fagnað var sem áfanga að nýjum allsherjarsamningi um frelsi í alþjóðaviðskiptum. Það helsta sem samkomulagið kveður á um er að öllum aðildarríkjum stofnunarinnar, sem eru nú 149 talsins, ber að afnema útflutningsbætur á búvörur fyrir árið 2013. Ekki tókst hins vegar að semja um nema smávægilegar breytingar á öðrum viðskiptahindrunum og lausn margra veigamikilla mála slegið á frest.

Samkomulagið uppfyllir ekki þær væntingar sem erindrekar WTO gerðu sér fyrir þessa viðræðulotu, en þær hljóðuðu upp á ítarlega áætlun um lækkun tolla og niðurgreiðslna á búvörur og iðnvarning.

Undir lok samningafundarins í Hong Kong var nýr frestur ákveðinn til að semja um þessa áætlun, 30. apríl 2006. Má það ekki seinna vera ef áform eiga að ganga eftir um að ganga frá nýjum allsherjarsamningi WTO um alþjóðaviðskipti fyrir lok næsta árs.

Til þess að einhver áþreifanlegur árangur lægi þó eftir fundinn í Hong Kong komu samninganefndirnar sér saman um afnám útflutningsbóta í landbúnaði. Samkomulagið felur í sér að ríku iðnríkin skuldbindi sig til að hætta niðurgreiðslum til stuðnings útflutningi á vörum eins og bómull og sykri. Talsmenn þróunarlanda segja slíkar niðurgreiðslur grafa undan samkeppnishæfni búvöruframleiðslu fátækustu þjóðanna.



**GEGN HNATTVÆÐINGU** Andstæðingar frjálsari alþjóðaviðskipta hamast með spjótum sínum á „WTO-skepnunni“ í Hong Kong í gær. MYND/AP

Það var sérstakur sigur fyrir Vestur-Afríkuríki, sem framleiða mikið af bómull, að samið skyldi um að ríku löndin afnæmu allar útflutningsbætur á bómull strax árið 2006. Í þessu samkomulagi felst tilslökun af hálfu Bandaríkjanna, sem flytja mikið út af bómull.

Ennfremur er í samkomulaginu ætlast til þess af ríku þjóðunum að þær veiti fyrir árið 2008 toll- og innflutningskvótafrjálsan aðgang að mörkuðum sínum fyrir að minnsta kosti 97 prósent af vörum sem fluttar eru út frá svonefndum minnst þróuðu löndum heims, en það eru lönd þar sem þjóðartekjur á mann nema innan við 750 Bandaríkjadölum á ári. **audunn@frettabladid.is**

Bill, Melinda og Bono:

## Time velur fólk ársins 2005

**BANDARÍKIN, AP** Tímaritið Time hefur valið hjónin Bill og Melindu Gates og U2-söngvarann Bono fólk ársins. Telur ritið þau hafa unnið til titilsins með baráttu sinni fyrir bættri heilsu á alþjóðavísu og gegn fátækt í heiminum.




**BILL, BONO OG MELINDA Á FORSÍÐU TIME**

Tímaritið segir árið 2005 hafa verið ár ótrúlegrar gjafmildi þar sem fólk gaf metupphæðir til þeirra sem lentu í skæðum náttúruhamförum á árinu. Time segir þó að Bill, Melinda og Bono hafi gengið skrefi lengra með markvissri baráttu gegn fátækt óháð náttúruhamförum. Bill og Melinda Gates standa að baki stærsta góðgerðarsjóði heims með yfir 29 milljarða dollara til úthlutunar á meðan Bono „þvingaði og blóðmjólkaði“ leiðtoga iðnríkjanna til að gefa eftir fjörutíu milljarða dollara af skuldum þriðja heimsins. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þriggja bíla árekstur** Þrír bílar á austurleið skullu hver aftan á öðrum um sexleytið í gærdag í Hveradölum. Alls voru átta farþegar í bílunum þremur og urðu þrír þeirra fyrir smávægilegum meiðslum og var farið með þá á næstu heilsugæslustöð. Mikil hálka er á svæðinu og minnir lögreglan á Selfossi ökumenn á að aka eftir aðstæðum.

## ÍSRAEL

**Sharon á sjúkrahús** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, var fluttur í skyndi á sjúkrahús í gærkvöld. Að sögn aðstoðarmanna hans var verið að rannsaka hvort hann hefði fengið minni háttar heilablóðfall. Talsmaður Hadassah Ein Kerem-sjúkrahússins í Jerúsalem sagði Sharon við fulla meðvitund og læknar væru að kanna ástand hans.




„Ég hélt nú á Silju yfir þröskuldinn!“
Það kostar aðeins 500 krónur að senda jólapakkann innanlands ef þú getur borið hann inn í afgreiðsluna hjá okkur.
**Upplýsingar um næsta afgreiðslustað Flytjanda færðu á eimskip.is eða í síma 525 7000.**
Flytjandi
EIMSKIP | Sími 525 7000 | www.eimskip.is | Member of Avion Group

Nýju meti spáð í innkaupum fyrir þessi jól:

# Kaupmenn mjög bjartsýnir

**NEYTENDUR** Rannsóknarsetur verslunarinnar spáir því að hver Íslendingur muni að jafnaði eyða um 20 þúsund krónum aukalega í ár vegna jólanna. Því er spáð að jólaverslun verði 10,8 prósentum meiri en í fyrra.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að metár hafi verið í jólaverslun í fyrra. „Í ár virðist sala aukast og tala einstakir kaupmenn um mikla aukningu,“ segir Sigurður og því ljóst að stefnir í nýtt neyslumet hjá Íslendingum. „Við erum býsna bjartsýnir á að þetta verði betra ár en í fyrra.“

Fram kemur á heimasíðu Samtaka verslunar og þjónustu að mesta aukningin sé í erlendri netverslun, sem er hagstæð vegna stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Þeirrar aukningar er einnig vart í Evrópu en talið er að um fjórðungur hefðbundinna jólainnkaupa í Evrópu séu gerð á netinu. Sé velta greiðslukorta borin saman milli jólanna 2003 og 2004 var aukningin 17,5 prósent.



**NEYSLUMET** Samtök verslunar og þjónustu spá metári í jólaverslun í ár.

Enn eru fimm dagar til jóla og því nægur tími til að reyna að slá metið frá síðustu jólum.

**- jóa**

# Jólin koma!



BORÐ 180X90 SM ÁÐUR 29.900,-

**19.900,-**

## „MESSINA" BORÐ OG STÓLAR

Frábært borðstofusett úr gegnheilli eik. Borð 160x90 sm áður 24.900,- Nú **16.900,-** Stólar **6.990,-** Borð + 6 „Messina" stólar, verð **59.900,-**




90 X 200 SM MEÐ FÓTUM

**29.900,-**

## PLUS B20 BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.



**1.990,-**

## „AMSTERDAM" BÓMULLARÁBREIÐA

Mjúk og þægileg ábreiða úr 60% bómull og 40% akrýl. Stærð 150x200 sm. Flott í jólapakkann!



ÁÐUR 1.990,-

**990,-**

## SYNGJANDI JÓLASVEINN

Flottur syngjandi jólasveinn á hreindýrasleða. Þessi er jólalegur og flottur, núna á frábæru verði!



**690,-**

## „KRISTINE" FLÍSTEPPI

Smart flísteppi með ljósrauðum rósum á. Stærð 130 x 180 sm. Tilvalin jólagjöf!



LÍTILL STÓLL

**3.990,-**

## „FINGER" STÓLAR

Skemmtilegir stólar með vönduðu áklæði. Frábær jólagjöf! 3 mismunandi stærðir. Stór **5.990,-** Miðstærð **4.990,-**



**990,-**

## „ROSE" SÆNGURVERASETT

Fallegt rósótt sængurverasett. 100% bómull. St. 140x200 sm. Má þvo við 60°C. Opið að neðan með tölum. Blátt/bleikt.

100% bómull



100 X 140 SM

**1.990,-**

## „PÓSTURINN PÁLL" SÆNGURVERASETT

Sængurverasett úr 100% bómull. Stærð 100x140 sm. Koddaver st. 40x45 sm.



BUXUR + JAKKI

**2.990,-**

## ÚTIVISTARGALLAR - JÓLAGJÖF GOLFARANS

Frábærir golfgallar/útivistagallar. Fást í nokkrum mismunandi litum og stærðum. Fyrir dömur og herra.



RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## ÚTIVISTARJAKKAR FYRIR HERRA

Vorum að fá þessa frábæru herrajakka. Fást í svörtu, gráu/svörtu og off white. Góðir jakkar sem eru vatns- og vindheldir og anda.



**2.990,-**

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,16 | 62,46 |
| Sterlingspund | 110,07 | 110,61 |
| Evra | 74,57 | 74,99 |
| Dönsk króna | 10,007 | 10,065 |
| Norsk króna | 9,346 | 9,402 |
| Sænsk króna | 7,855 | 7,9018 |
| Japanskt jen | 0,5344 | 0,5376 |
| SDR | 89,65 | 90,19 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,7986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Góð kjörsókn súnnía í þingkosningunum í Írak:

# Tilbúnir í samsteypustjórn

**ÍRAK, AP** Adnan al-Dulaimi, einn helsti stjórnmálaleiðtogi súnnía í Írak, segir sig og flokk sinn tilbúinn í stjórnarsamstarf með sjíum og Kúrdum. Hann þakkaði jafnframt uppreisnarhópum í landinu fyrir að hafa leyft kosningunum að fara friðsamlega fram.

„Þetta er mikilvægt mál og við munum gera þetta til að mynda sterka samsteypustjórn á þinginu sem er fær um að standa vörð um réttindi allra Íraka,“ sagði al-Dulaimi um væntanlegar stjórnarmyndunarviðræður. Enn er ekki útséð um hvort sjíar geti náð hreinum þingmeirihluta, en um sextíu prósent íbúa Íraks eru af þeim trúflokki. Súnníar réðu lögum og lofum í landinu í stjórnartíð Saddams Husseins. Þeir sniðgengu flestir kosningarnar þann 30. janúar en mættu fjölmargir á kjörstað nú, þegar þing var kosið til næstu fjögurra ára.

Forsvarsmenn bandaríska yfirvalda í Írak óskuðu landsmönnum til hamingju með vel heppnaðar kosningar og sögðu samstöðu mikilvæga við myndun nýrrar ríkisstjórnar. Enn fremur sögðu þeir góða þátttöku í kosningunum og takmarkaðar fregnir af ofbeldi tengdum þeim merki um vilja írösku þjóðarinnar til að verða virkur þátttakandi í uppbyggingu landsins.

Uppreisnarmenn voru þó ósáttir. Frá Íslamska hernum í Írak, einum helsta uppreisnarhóp landsins, barst svohljóðandi yfirlýsing: „Við vissum að súnníar myndu taka þátt í þessum leik [því] flestir voru neyddir til þess gegnum kúgun, pyntingar, skemmdarverk og þjáningar af völdum þræla krossins og sjía“. **- dac**



**ÞJÓÐSTJÓRN?** Þessi kona dró ekki dul á stuðning sinn við flokk súnní-araba. Ólíkt kosningunum 30. janúar mættu súnníar ekki síður en önnur þjóðarbrot til kosninga nú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓVÆNT HEIMSÓKN** Cheney heilsar upp á hermenn í herstöð í Írak í gær. MYND/AP

Dick Cheney heimsækir Írak:

## Þing áfangi að brottför herliðs

**ÍRAK, AP** Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, kom í óvænta heimsókn til Íraks í gær. Tilefnið sagði hann nýafstaðnar þingkosningar, sem hann sagði vera mikilvægan áfanga að því að gera Bandaríkjunum kleift að draga úr herstyrk sínum í landinu.

Eftir fund með yfirmönnum bandaríska setuliðsins í Bagdad bar Cheney lof á framkvæmd kosninganna og fagnaði því hve þátttaka í þeim hefði verið góð um allt landið.

Heimsóknin hafði verið skipulögð með svo mikilli leynd að ráðherrar í írösku ríkisstjórninni voru steinhissa þegar bandaríski varaforsetinn birtist til að eiga við þá orð. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Einn slasaðist í bílveltu** Einn maður slasaðist lítillega um sexleytið í gærmorgun þegar bifreið sem hann var farþegi í ók út af vegi og lenti ofan í Fjarðará í Seyðisfirði. Fernt var í bílnum og var hinn slasaði samkvæmt lögreglu eini farþeginn í bílnum sem ekki notaði bílbelti. Talið er að ökumaðurinn hafi dottað við stýrið.

**Fjórir bílar í árekstri** Fjögurra bíla árekstur varð um kvöldmatarleytið í gærkvöldi í umdæmi lögreglunnar í Selfossi. Engin slys urðu á fólki en áreksturinn varð þegar hlutur, sem lögreglan telur vera stykki úr vinnslufæribandi, fauk á hlið bílsins sem ók fremstur. Veður var slæmt á slysstað, hvassviðri og rigning.

**Mikið að gera hjá slökkviliðinu** Erilsamt var hjá slökkviliðinu í Reykjavík í nótt vegna sjúkraflutninga.



**GÓ-KART Á ÍSNUM** Ein af þeim nýjungum sem Mývetningar bjóða upp á og vonast til að muni draga ferðmenn á staðinn, þó vetur sé.

# Markaðssetja snjó, kulda og jólasvein

**Aðilar í ferðaþjónustu Mývatnssveitar taka þátt í evrópsku samstarfsverkefni til að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann. Nú auglýsa Mývetningar að jólasveinninn búi í Dimmuborgum. Samstarfsaðilarnir eru í Svíþjóð og Finnlandi.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Aðilar í ferðaþjónustu í Mývatnssveit taka þátt í evrópska samstarfsverkefnu Snow Magic sem er til þriggja ára. Tilgangurinn með verkefninu er að auka aðsókn ferðamanna yfir vetrartímann. Þátttakendur, auk Mývatnssveitar, eru bæjarfélögin Sorsele í Svíþjóð og Rovaniemi í Finnlandi. Verkefnisstjóri þess á Íslandi er Gunnar Jóhannesson hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Gunnar segir að þótt Mývatn hafi boðið upp á ferðaþjónustu allt árið um kring í tuttugu ár hafi straumur ferðamanna þangað verið nær eingöngu bundinn við sumartímann. Því sé markmið þessa þróunarverkefnis, í samstarfi við bæjafélögin tvö, að auka straum ferðamanna á norðurslóðir yfir vetrartímann og efla um leið atvinnulíf svæðisins. Bæjarfélögin deila reynslu sinni hvert með öðru og vinna sameiginlega að því að markaðssetja snjó og kulda sem spennandi valkost fyrir ferðamenn. Nýjasta útspil Mývetninga nú á aðventunni er auglýsingar þar sem heimkynni jólasveinsins eru sögð vera í Dimmuborgum.

Yngvi Ragnar Kristjánsson rekur Selhótel á Mývatni. Hann segir möguleikana á svæðinu yfir vetrartímann óendanlega. Í sumar voru ráðnir tíu manns í hugmyndavinnu fyrir ferðaþjónustuna á Mývatni og það hefur skilað árangri. Auk hefðbundinnar dægrastyttingar sem, í boði er bæði á sumrin og veturna, eins og gönguferðir, jeppa- og snjósleðaferðir og hestaferðir, gefst ferðamönnum nú tækifæri til að stunda dorgveiði, golf, keilu og jafnvel gó-kart úti á ísilögðu vatninu svo eitthvað sé nefnt, að ógleymdum nýju jarðböðunum sem hægt er að baða sig í allt árið hvernig sem viðrar.

Mývetningar hafa sent fulltrúa á fjölmargar ferðaráðstefnur erlendis til kynningarstarfsemi.

Aðilar ferðaþjónustunnar taka verkefnið alvarlega og gera sér grein fyrir mikilvægi verkefnisins fyrir atvinnulífið á svæðinu og að þetta sé ferli sem taki drjúgan tíma áður en það skili árangri. „Þetta er langhlaup, það er ekki verið að leggja af stað í þetta til að tjalda til einnar nætur“, segir Yngvi Ragnar hótelstjóri.

Verkefnið, sem áætlað er að kosti um fjórtán milljónir króna, hefur verið fjármagnað að nokkru leyti úr sjóðum norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, Northern Periphery, en það sem upp á hefur vantað hafa aðilar í ferðaþjónustunni safnað sjálfir. Þar að auki hefur fólk í bæjarfélaginu unnið hundruðir stunda í sjálfboðavinnu að markmiðinu.

**aegir@frettabladid.is**

Vinsælt að minna sjálfan sig á:

## Póstur sendur fram í tímann

**INTERNETIÐ** Nýverið hefur orðið vinsælt hjá fólki að senda sjálfu sér tölvupóst, sem berst þó ekki fyrr en nokkrum árum eftir sendingu.

Ýmsar vefsíður bjóða upp á þess konar áminningarþjónustu, nú síðast Forbes.com sem ætlar í samstarf við Yahoo.com og Codefix með verkefnið. Síðunni bárust yfir 140.000 bréf á sex vikum. Algengast er að fólk sé nokkuð hvasst í skilaboðum til framtíðarsjálfsa sinna, minni á allt sem eigi að vera klappað og klárt og það sé eins gott að svo sé. Flestir tímasetja bréfin innan við þrjú ár fram í tímann, en sumir allt að þrjátíu ár. ■

Urður Verðandi Skuld:

## Reiknað með söluviðræðum

**VIÐSKIPTI** Dana Hosseini, framkvæmdarstjóri Urðar Verðandi Skuldar, telur að styrkur Evrópusambandsins sem fyrirtækið fékk á dögunum komi til með að gera fyrirtækið enn fýsilegra í augum tilvonandi kaupenda.

Dana segir að viðræður á milli fyrirtækisins og Íslenskrar erfðagreiningar hafi átt sér stað síðstu ár með hugsanleg kaup í huga. Það muni því ekki koma honum á óvart ef þær viðræður verði teknar upp að nýju í kjölfar styrkjarins sem hljóðar upp á 3,6 milljónir evra á þremur árum. **- æþe**

## SUÐUR-AMERÍKA

**Átök í Kólumbíu** Um 500 uppreisnarmenn úr þremur skæruliðahópum lögðu saman krafta sína í árás á þorp í vestanverðri Kólumbíu fyrir dögun í fyrrinótt. Að minnsta kosti fimm lögreglumenn féllu í árásinni. 37 lögreglumanna er saknað og er talið að þeir kunni að hafa verið numdir á brott sem gíslar.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RYSJÓTT TÍÐARFAR**
Tíðafarið einkennist af endalausum sveiflum þessa dagana. Það er vaxandi vindur sunnan og vestan til síðdegis og í kvöld ásamt vaxandi vætu, en fer hlýnandi.

**JÓLIN KOMA!**
Enn dvína horfurnar á hvítum jólum. Aðfangadagur er eins og staðan er nú með rigningu, einkum syðra. Þó kólnar um kvöldið!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan gola í fyrstu en strekkingur síðdegis. Slydda og síðar rigning. Hlýnandi veður.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C léttskýjað | París | 6°C alskýjað | Alicante | 16°C léttskýjað |
| Osló | 1°C snjókoma | Berlín | 2°C alskýjað | Mílano | 6°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -1°C hálfskýjað | Frankfurt | 3°C skúrir | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | -7°C alskýjað | Madríd | 11°C léttskýjað | San Francisco | 15°C skúrir |
| London | 8°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 19°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Evrópa 23.900 kr.
USA 34.900 kr.
Saga Class Evrópa 49.900 kr.
Saga Class USA 54.900 kr.
Einungis fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair
Evrópa 29.900 punktar*
USA 43.900 punktar*
* Greiða þarf flugvallarskatta (Evrópa 6.800 kr., USA 9.600 kr.)
GEFÐU EINHVERJUM FRÍ UM JÓLIN
Um þessi jól er það ferðahugurinn sem skiptir máli.
Finndu jólapakkann á icelandair.is og gefðu frí þessi jól.
JÓLAGJÖFIN HANS: STEFNUMÓT Í NEW YORK
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 30070 11/2005
Þessar ferðir gefa 3.000-12.400 Vildarpunkta.
Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100.
VISA
• Sölutímabilið er til 24. desember 2005.
• Ferðatímabilið er 10. janúar - 14. maí 2006.
• Bóka þarf fyrir 27. janúar 2006.
• Tilboðið gildir til allra áfangastaða nema Orlando.
• Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags.
• Takmarkað sætaframboð.
• Sjá nánar skilmála á icelandair.is
Jólapakkar Icelandair
ICELANDAIR
www.icelandair.is



## KJÖRKASSINN

*Mun friður komast á í Írak nú eftir að búið er að kjósa til þings?*

| | |
|---|---|
| já | 13,3 |
| nei | 86,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Mun ríkisstjórnin lækka landbúnaðarstyrki?*

Farðu inn á visir.is til að greiða atkvæði

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði segir enga aðstöðu til tolleftirlits á Austurlandi:

# Líkamsleit gerð á kaffistofu starfsmanna

**TOLLSKOÐUN** Ekki er gert ráð fyrir tolla- og vegabréfaeftirliti á flugvellinum á Egilsstöðum og höfninni á Seyðisfirði. Reglulega lenda flugvélar í millilandaflugi á Egilsstöðum og Norræna siglir vikulega til Seyðisfjarðar.

„Það er akkúrat engin aðstaða,“ segir Ástríður Sólrún Grímsdóttir, sýslumaður á Seyðisfirði, um aðbúnað tolla- og vegabréfaeftirlits á Austurlandi. Ástríður tók við starfi um miðjan október og með hennar fyrstu verkum var að þarfagreina skipan mála en við það naut hún aðstoðar sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

Engin tæki eru til að grannskoða vegabréf og þarf starfsfólk því að gera það með berum augum í kjöltu sér. Þurfi að tollskoða húsbíla sem koma með Norrænu þarf að gera það úti undir berum himni innan um farþega. Þurfi að taka fólk til líkamsleitar á Egilsstaðaflugvelli er það gert á kaffistofu starfsfólks.

Sem dæmi um skipan mála á Egilsstaðaflugvelli má nefna að farangur fer í gegnum vopnaleitarvél áður en farþegar innrita sig til flugs. „Farþegar taka svo við farangrinum aftur og innrita sig og þá er vopnaleitin ónýt því fólk getur tekið úr töskunni, til dæmis hnífa, og sett í handfarangur án þess að nokkur fylgist með því. Vopnaleitin er því falskt öryggi,“ segir Ástríður. Vikulegt flug er milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar og í febrúar hefst vikulegt flug frá Póllandi.

„Ég get ekki uppfyllt skyldur mínar sem skyldi við þessar aðstæður,“ segir Ástríður, sem bíður þess að fá fund með fjármálaráðherra til að ræða málin. Tollamál heyra undir fjármálaráðherra. Hún segir það kosta nokkra tugi milljóna að færa ástandið í viðunandi horf og er vongóð um að úr rætist. **- bþs**



**FRÁ SEYÐISFIRÐI** Þurfi að tollskoða húsbíla er það gert úti undir berum himni og innan um farþega.



**SUSANNE OSTHOFF** Var rænt í Írak 25. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þýski gíslinn í Írak:

## Osthoff látin laus heil á húfi

**ÍRAK, AP** Susanne Osthoff, þýska konan sem var tekin í gíslingu í Írak, hefur verið látin laus að því er þýsku utanríkisráðherrann greindi frá í gærkvöld.

„Það gleður mig að geta tilkynnt að Susanne Osthoff er ekki lengur í höndum mannræningja,“ sagði ráðherrann, Frank-Walter Steinmeier, á blaðamannafundi í Berlín. Að hans sögn virtist Osthoff vera við góða heilsu, en hún hafði verið í höndum mannræningja síðan 25. nóvember er henni var rænt ásamt íröskum bílstjóra sínum. Mannræningjarnir höfðu hótað að taka gíslana af lífi slitu þýsk stjórnvöld ekki öll tengsl við Íraksstjórn. ■

Veftímarit um stjórnmál:

## Nýtt fræðirit á vefnum

**VEFTÍMARIT** Nýtt veftímarit íslenskra stjórnmála- og stjórnsýslufræðinga var opnað á slóðinni stjornmalogstjornsysla.is á fimmtudag. Vefritinu er ætlað að auka fræðilega umfjöllun um stjórnmál og stjórnsýslu og mun gegna fjölþættu hlutverki fyrir íslenska stjórnmálafræði.

Á vefnum, sem er öllum opinn, er meðal annars ritrýndur hluti sem gegnir hlutverki fræðitímarits í stjórnmála- og stjórnsýslufræðum en slíkt rit hefur ekki verið til staðar hingað til. **- sh**

# Íslendingar vilja verksmiðju í Danmörku

**Svíar og Danir deila um hvort norræn verksmiðja til framleiðslu á bóluefni gegn fuglaflensu skuli rísa í Svíþjóð eða Danmörku. Tekin verður ákvörðun í mars. Heilbrigðisráðherra segist fylgjandi því að reisa verksmiðju í Danmörku.**

**FUGLAFLENSAN** Norrænu heilbrigðisráðherrarnir hafa ákveðið að fresta ákvörðun um sameiginlega verksmiðju til framleiðslu á bóluefni gegn fuglaflensunni fram í mars á næsta ári og leyfa Svíum og Dönum að útfæra hugmyndir sínar á meðan. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir að samstaða sé samt um sameiginlega norræna lausn.

Heilbrigðisráðherrarnir hittust á fundi í Kaupmannahöfn til að fjalla um skýrslu vinnuhóps um norræna bóluefnaverksmiðju. Búist var við átökum á fundinum vegna yfirlýsingar sænska heilbrigðisráðherrann um að Svíar hygðust reisa verksmiðju í Svíþjóð í samvinnu við alþjóðlegt lyfjafyrirtæki. Fram að því hafði verið miðað við að verksmiðjan yrði reist í Danmörku. Ekki urðu þó jafnmiklar deilur og búist hafði verið við enda mætti sænski heilbrigðisráðherrann ekki á fundinn.

Niðurstöður Dana og Svía verða lagðar fyrir matsnefnd, sem allar þjóðirnar eiga fulltrúa í. Matsnefndin leggur síðan tillögu sína fyrir ráðherrafund sem haldinn verður í síðasta lagi í mars. Þá verður tekin ákvörðun um hvort verksmiðjan verði reist í Danmörku eða Svíþjóð. Í báðum tilfellum er um hálfopinberar lausnir að ræða en í Danmörku yrði verksmiðjan undir regnhlíf dönsku sóttvarnastofnunarinnar.

Ágreiningur Dana og Svía snýst fyrst og fremst um staðsetningu, báðar þjóðir vilja að verksmiðjan verði reist í landi þeirra. Í sænskum fjölmiðlum hefur komið greinilega fram síðustu daga að Svíar finni fyrir ótta heima fyrir um að vera neitað um bóluefni ef skortur verði á því. Þeir telji því öruggast að hafa verksmiðjuna í Svíþjóð þar sem þeir geti haft stjórn á henni.

„Ég hefði helst viljað ganga frá þessu núna en það er samt mikils virði að það er samstaða um að leita samráða annarra til lausnar. Ég lagði áherslu á að það þyrfti að flýta málinu eins og hægt er til að komast að niðurstöðu um hvaða leið verður fyrir valinu,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra eftir fundinn.

Hann kvaðst undrandi á því að Svíar skyldu koma með tillögu tveimur dögum fyrir ráðherrafundinn. Sænsku blöðin sögðu í gær að Svíar hefðu stuðning Íslendinga og Finna en þar segir Jón að Svíarnir hafi hlaupið á sig. Íslendingar séu fylgjandi dönsku leiðinni. **ghs@frettabladid.is**



**FUGLAFLENSAN** Enn er samstaða meðal Norðurlandanna um að reisa sameiginlega verksmiðju þótt Danir og Svíar takist á um staðsetninguna og ákvörðun tefjist af þeim sökum. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Reykjavíkurborg gefur segla:

## Geðorðin tíu á ísskápshurðir

**GJÖF** Segulmottur með geðorðunum tíu munu berast inn á öll heimili í Reykjavík á næstu dögum. Geðorðin eru einföld ráð sem ætlað er minna á ábyrgð hvers og eins á sjálfum sér og gagnvart samfélaginu.

Forvarnarnefnd Reykjavíkur og Velferðarsvið standa að sendingunni og vona að segulmotturnar endi á ísskápshurðum allra heimila.

Einhverjir kunna að fá geðorðin á ensku og vilji þeir fá íslensku útgáfuna er þeim bent á að hringja í síma 411-9000. **- sh**

### RÚSSLAND

**Hundrað þúsund í nístingskulda** Meira en 100.000 manns í borginni Kyzil í Síberíu voru án hitaveitu á sunnudag, en þá var 37 gráðu frost á svæðinu. Skammhlaup í rafkerfi hitaveitunnar um hádegi að staðartíma orsakaði bilunina sem vonast var til að hægt væri að laga fyrir nóttina.

### HÆSTIRÉTTUR

**Skilorðið afnumið** Hæstiréttur hefur dæmt þrítugan mann í sjö mánaða fangelsi fyrir að taka við þremur fartölvum hjá bróður sínum, en sá hafði stolið þeim úr verslun. Dómurinn sagði að þegar litið væri til brotaferils mannsins, sem á sér rúmlega tíu ára sögu, væri ekki hægt að skilorðsbinda dóminn. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður skilorðsbundið fimm mánuði refsingarinnar.

### FLUGSAMGÖNGUR

**Auknar samgöngur við Líbanon** Samningar náðust hinn 13. desember um flugumferð milli Íslands og Líbanon. Flugmálayfirvöld í Beirút auk flugfélagsins Middle Eastern Airlines hafa að sögn mikinn áhuga á aukinni umferð landanna á milli. Formaður samninganefndar Líbanon hét Íslendingum allri þeirri aðstoð sem unnt væri að veita til þess að þeir gætu á grundvelli samningsins nýtt sér viðskiptatækifæri í heimshlutanum.


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30637 12/2005

Vodafone live!

Hringitónar
Fréttir og íþróttir
Leikir
Skemmtun



Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!


Miðbæjarskipulagi á Álftanesi mótmælt af Samtökum um betri byggð:

# Undirskriftalistum safnað

**SKIPULAGSMÁL** Álftnesingar í Samtökum um betri byggð ganga um þessar mundir milli húsa og safna undirskriftum gegn nýju miðbæjarskipulagi þar í bæ.

Berglind Libungan, einn af forsvarsmönnum samtakanna, segir 350 kosningabæra menn hafa skrifað undir. „Svo hef ég fengið um hundrað athugasemdir frá fólki sem við munum svo skila inn en frestur til þess rennur út á Þorláksmessu,“ segir Berglind.

Það sem mest brennur á mótmælendum, að sögn Berglindar, er það hversu þéttbyggður miðbærinn á að vera. Aðeins ein gata á að vera þar í gegn og telja mótmælendur að mikil slysahætta skapist við slíkar aðstæður.

Í byrjun þessa mánaðar stóðu samtökin fyrir opnu húsi þar sem skipulagsmálin voru rædd. „Það voru um tvö hundruð manns sem mættu. Það er alveg ljóst að það er hiti í fólki vegna þessa,“ segir hún.

Guðmundur G. Gunnarsson bæjarstjóri harmar það hversu harðar deilurnar séu orðnar. Hann hefur svarað gagnrýni samtakanna á þann veg að betra sé að hafa þéttan miðbæjarkjarna svo ekki þurfi að byggja þar sem fuglalíf og náttúrufegurð ríkja og að miðbærinn verði íbúavænn fremur en bílvænn og því dugi einn vegur. **- jse**




**SKIPULAGSDEILUR Á ÁLFTANESI** Skilti frá Samtökum um betri byggð var tekið niður fyrir skemmstu en er nú komið upp aftur. Það er aðeins einn anginn af þeirri deilu sem nú er komin upp í sveitarfélaginu.

# Landsliðið aðstoðar þig við valið á jólakjötinu

## Besti hryggurinn

### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**




## Landslið matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Skeifunni, Smáralind, Kringlu og á Akureyri og aðstoðar þig við val á jólamatnum. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Í Skeifunni, Smáralind
og Kringlu
19. - 22. desember
kl. 15-18

Á Akureyri
21. - 22. desember
kl. 15-18



HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*




Forval vegna gerðar Héðinsfjarðarganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar:

# Sex verktakar taka þátt í forvali

**SAMGÖNGUR** Sex aðilar hafa óskað eftir að taka þátt í forvali Vegagerðarinnar vegna gerðar Héðinsfjarðarganga, milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, ásamt byggingu tilheyrandi forskála.

Forvalið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og mun stýrihópur á vegum Vegagerðarinnar taka ákvörðun um hverjir fá að bjóða í verkið. Við valið verður meðal annars tekið verður mið af reynslu við gerð jarðganga og fjárhagsstöðu.

Verktakarnir og verktakshóparnir sem taka þátt í forvalinu eru eftirfarandi:

Íslenskir Aðalverktakar hf. Reykjavík og Marti Contractors Ltd., Sviss.

Metrostav a.s., Tékklandi og Háfell ehf., Reykjavík.

E. Pihl & Søn a.s., Danmörku og Ístak hf., Reykjavík.

Arnarfell ehf., Akureyri.

Leonhard Nilsen & Sønner a.s., Noregi og Héraðsverk ehf., Egilsstöðum

China Railway Shisiju Group Corporation, Kína.

Áætlað er að útboðsgögnum verði skilað til viðkomandi aðila í lok janúar og tilboðin verði opnuð í mars á næsta ári.

- jóa



**HÉÐINSFJÖRÐUR** Sex aðilar hafa óskað eftir að taka þátt í forvali vegna gerð Héðinsfjarðarganga. Áætlað er að tilboðin verði opnuð í mars á næsta ári.

Mjólkurframleiðsla á landsvísu dregst saman:

# Framleiðslan 2 prósentum lakari en á sama tíma í fyrra

**LANDBÚNAÐUR** Mjólkurframleiðsla hefur gengið best á Suðurlandi að undanförnu, á Selfossi og í Reykjavík, og er staðan þar nokkuð góð að sögn Þórólfs Sveinssonar, formanns Landssambands kúabænda. Hann segir ástand framleiðslunnar annars staðar á landinu mun verri, en framleiðslan á landsvísu er rúmum tveimur prósentum lakari ef miðað er við sama tíma í fyrra.

Erfitt tíðarfar og þar af leiðandi lélegra fóður er helsta orsökin fyrir lakari framleiðslu annarra landshluta, að sögn Þórólfs.

Vegna þessarar stöðu verður greitt fyrir alla mjólk sem berst í samlag þetta verðlagsárið. „Þessu eigum við ekki að venjast öllu jöfnu en nú er mikil hvatning til kúabænda að framleiða sem allra mest, því að þótt bændur hafi ekki greiðslumark fyrir öllu því sem þeir framleiða geta þeir fengið ágætis verð fyrir það af því að aðrir náðu ekki að framleiða upp í sín greiðslumörk.“

Hann telur sáralitlar líkur á því að mjólkurframleiðslan á landsvísu verði umfram greiðslumark þetta árið.

- æþe



**ÞÓRÓLFUR SVEINSSON** Formaður Landssambands kúabænda telur ólíklegt að mjólkurframleiðsla á landsvísu nái greiðslumarki.




Aðeins í dag!
30%
afsl.
af öllum
kertum
Hýasintuskreyting 499
Kertadagur
Jólatrésfótur 1990
Túlipanar, 10 stk. 990
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

ISUZU D-MAX
ISUZU




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautseigi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann vekur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af “4x4 Magazine” og hlaut gullverðlaun tímaritsins “What Van” 2004.

Komdu til okkar og kynnstu nýjum Isuzu D-MAX.



**Staðalbúnaður í D-MAX:** Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftpúðar, rafdrifnar rúður, útvarp og geislaspilari, snúningshraðamælir, samlæstar hurðir með fjarstýringu, stokkur á milli framsæta, höfuðpúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bílbelti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.

Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

2.590.000,-

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Actavis á austur-evrópskan markað:

# Nýtt samheitalyf á markað

**VIÐSKIPTI** Actavis hefur sett fyrsta samheitalyfið undir eigin vörumerki á markað í Tékklandi. Lyfið sem um ræðir er ætlað til meðferðar við flogaveiki og ber heitið Lamotrigine. Fyrsta sending lyfsins kemur í þremur styrkleikaflokkum.

Með kaupum Actavis á lyfjafyrirtækinu Pharma Avalanche í mars 2005 fékk Actavis beinan aðgang að mörkuðum í Tékklandi og Slóvakíu. Búist er við að markaðssetning á Lamotrigine muni styðja við sölu Actavis á þeim mörkuðum.

Með nýlegum kaupum Actavis á samheitalyfjasviði Alpharma, sem gengið verður frá í desember, verður Actacvis eitt af fimm stærstu fyrirtækjunum á samheitalyfjamarkaði. - jóa



**ACTAVIS HÖFUÐSTÖÐVAR** Actavis hefur markaðssett nýtt samheitalyf í Tékklandi. Lyfið ber heitið Lamotrigin og er ætlað til meðferðar við flogaveiki.

Fjölmenni á Laugaveginum þegar jólin nálgast óðfluga:

# Allt að verða tilbúið

**JÓL** Blaðamaður brá sér á Laugaveginn í jólaösina og tók púlsinn. Hraðinn var mikill og fólk skaut sér milli verslana í djúpum þönkum eða hrókasamræðum við verslunarfélaga. Erfitt var að segja til um hvort einbeittan jólaanda eða stress ætti að kalla.

Nokkrir sáu sér samt fært að staldra við og svara örstuttum spurningum. Hvernig ganga innkaupin og fer fólk í kirkju á afmæli frelsarans?

Flestir viðmælendur voru á því að innkaupin væru að mestu búin, þó svo að fjölmargir eigi örugglega eftir að skjótast eftir síðustu gjöfunum á Þorláksmessunni. - dac



**ANDREA OG KATRÍN** „Erum eiginlega búnar að öllu, ekkert stress. Nei við förum ekki í kirkju á jólunum."



**ARNDÍS OG VALGERÐUR** „Það gengur vel, byrjuðum í gær og helmingur búinn. Nei, við förum ekki í kirkju, en stelpuna langar það."



**ARI** „Obbinn er búinn, er alveg stresslaus. Jú, ég mæti í kirkju og syng þar í þokkabót."



**VALGARÐUR OG EIRÍKUR** „Það bara gengur ekki neitt," sagði Valgarður brosandi. „Ég er samt mjög hress," bætti Eiríkur við. „Kirkju? Maður hefur engan tíma til þess."

Á eigin vegum um jólin



Jólatilboð

Toyota Corolla
frá 3.571 kr. á dag

Toyota Rav4
frá 4.471 kr. á dag

Toyota Land Cruiser
frá 5.071 kr. á dag

Innifalið: 100 km á dag og CDW (kaskótrygging).
Verð miðast við 7 daga leigu.
Tilboð gildir til 15.01.2006

Sjá nánar á hertz.is

Ekkert jafnast á við að aka um frjáls í bíl frá Hertz. Ef þú átt ekki bílinn sem hentar hverju sinni þá getum við hjá Hertz bætt úr því fyrir lægra verð en þig grunar. Það er óþarfi að eiga jeppa til að komast allt sem þú vilt fara. Engar áhyggjur, bara gleðileg jól.

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Icelandair Vildarklúbbur

upplifðu ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Sölustaðir: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Höfn, Egilsstaðir

Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

# GÓÐA SKEMMTUN

*Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga*



*Vodafone live! SÍMI*

**19.900 kr.**

NOKIA 6101

*Vodafone live! SÍMI*

*ótrúlegt verð* **24.900 kr.**

MOTOROLA V3 RAZR

**26.900 kr.**

NOKIA 6230i

*Vodafone live!*



*Nýir leikir í Vodafone live!*

*Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.*

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30731 12/2005




**SKRAUTLEG MÓTMÆLI** Mótmæli hnattvæðingarandstæðinga í Hong Kong í tilefni af ráðherrafundi Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, tók á sig ýmsar myndir. Á borðanum stendur: Sömu laun fyrir farandverkamenn. MYND/AP

Óöld blossar upp í Írak á ný að loknum kosningum:

# Rúmlega tuttugu látast í röð árása

**BAGDAD, AP** Í kjölfar þriggja tiltölulega friðsamlegra daga samhliða kosningum í landinu tóku sprengingar og skotárásir við á ný aðfaranótt sunnudags í Írak. Um tuttugu manns létust í röð sprenginga og skotárása, þar á meðal tveir sjálfsmorðsárásarmenn, fjölmargir lögregluþjónar, ættingjar kúrdísks stjórnmálamanns og fleiri.

Í sprengingu á götu í Bagdad létust þrír lögreglumenn og tveir særðust, síðar samdægurs féll annar lögreglumaður og tveir særðust í skotbardaga. Í vesturhluta borgarinnar voru lögreglumaður og starfsmaður innanríkisráðuneytisins skotnir í bílum sínum á leið til vinnu á meðan fjórir lögreglumenn slösuðust alvarlega þegar kúlum rigndi yfir lögreglubifreið þeirra. Tesali var myrtur í nágreninu.

Í suðurhluta Baghdad voru varðstjóri og undirmaður hans skotnir til bana. Sjálfsmorðsárásarmaður í sendiferðabíl sprengdi sig og drap einn lögreglumann við vegartálma á meðan ein kona lést og í það minnsta ellefu særðust í sprenging á götu í norðurhluta Baghdad. Árásirnar hófust skömmu eftir að bann á farartækjum var afnumið og slakað var á hertum öryggisráðstöfunum sem gripið var til kringum kosningarnar.

**- dac**



**BÍLSPRENGING** Einn lögregluþjónn lést og tveir særðust þegar sjálfsmorðsárásarmaður sprengdi sig og bíl sinn við vegartálma í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ályktun samþykkt samhljóða:

## Sveitarstjórnin styður skólann

**SKÓLAMÁL** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir yfir fullum stuðningi við Háskólann á Akureyri í ályktun sem hún sendi frá sér og telur mikilvægt að undirstöður hans séu traustar, bæði faglega og fjárhagslega.



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI**

Í ályktuninni, sem samþykkt var samhljóða, skorar sveitarstjórnin á Alþingi og ríkisstjórn að standa dyggan vörð um Háskólann og hvetur jafnframt til þess að auknu fjármagni verði veitt til innra starfs hans svo að efla megi rannsókna- og námsþætti og standa straum af kostnaði við nauðsynlegar byggingaframkvæmdir.

**- sh**

Hátt gengi leiðir til fækkunar starfa hjá Sæplasti á Dalvík:

## Framleiðsla flutt úr landi

**IÐNAÐUR** Daði Valdimarsson, framkvæmdastjóri Sæplasts á Dalvík, segir að trollkúluframleiðsla fyrirtækisins verði að öllum líkindum flutt til samstarfsaðila Sæplasts í Danmörku. Þar með tapist tvö til þrjú ársverk í verksmiðu Sæplasts á Dalvík en hann segir að rekja megi ákvörðunina til óhagstæðra ytri skilyrða. „Hátt gengi íslensku krónunnar veldur því að afkoma félagsins í ár verður óásættanleg. Útlit er fyrir að reksturinn verði í járnum og er það versta afkoma félagsins í mörg ár. Við erum nú að skoða hvernig við getum brugðist við vandanum en til viðbótar við óhagstætt gengi er verð á hráefni fyrir plastiðnað í sögulegu hámarki í ár,“ segir Daði.

Starfsmenn Sæplasts á Dalvík eru nú 43 talsins en Daði segir að ekki sé ætlunin að segja fólki upp þrátt fyrir að trollkúluframleiðslan verði flutt úr landi. „Þess í stað munum við ekki ráða í framleiðslustörf sem losna. Við horfum því fram á að störfum muni fækka á komandi mánuðum en við teljum ekki hjá því komist við þær aðstæður sem okkur og öðrum íslenskum iðnfyrirtækjum eru búnar um þessar mundir,“ segir Daði.

**- kk**



**DAÐI VALDIMARSSON** Framkvæmdastjóri Sæplasts á Dalvík segir hátt gengi neyða félagið til að flytja trollkúluframleiðslu fyrirtækisins til Danmerkur en við það tapast tvö til þrjú ársverk á Dalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Sameiningarkosningar:

## Kosið á þremur stöðum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrátt fyrir að all flestar kosningar um sameiningu sveitarfélag sem fram fóru víðs vegar á landinu í haust hafi verið felldar hafa nokkur sveitarfélög ákveðið að ræða samruna sín á milli. Eru nú kosningar um slíka sameiningu áætlaðar á þremur stöðum á landinu á komandi ári.

Þann 21. janúar munu íbúar Húsavíkurhrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðar og Raufarhafnarhrepps greiða atkvæði um sameiningu. 28. janúar verður kosið um sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar og 11. febrúar verður kosið um sameiningu Hraungerðishrepps, Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin á öllum stöðum. ■





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760 www.hekla.is, hekla@hekla.is

Hörðu pakkarnir fást hjá

# Tæknival

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www taeknival is

öflugir pakkar!

## FARTÖLVUR

### Fujitsu Siemens Amilo Pro V2040 PM-1.73

VFY: APED2040-761DK

Amilo Pro fartölvan sameinar hagstætt verð og nýjustu tæknina. Ein með öllu á verði fyrir alla.

Pentium M M740 1.73GHz 2MB
512MB DDR2 minni (Mest 1,25GB)
60 GB S-ATA diskur
15.1" TFT XGA (1024 x 768)
Intel GMA 900 skjástýring
DVD±RW skrifari
3-in-1 minniskortalesari
10/100/1000 LAN og V.92 mótald
54Mbps þráðlaust netstýring
VGA, TV-OUT
4x USB 2.0, FireWire, hljóð inn/út
Realtek hljóðstýring og víðóma hátalarar
332 x 273 x 37 mm, 2.8 kg
Rafhlöðuending allt að 5 klst
Windows XP Professional
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**TILBOÐSVERÐ:**
**119.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**10.443 kr. á mán.**

**Þegar þú kaupir Fujitsu Siemens tryggjum við:**
- öflugan og áreiðanlegan búnað
- einhverja lægstu bilanatíðni sem þekkist
- afbragðs þjónustu Tæknivals



## BORÐTÖLVUR

### Fujitsu Siemens Scaleo P

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

LKN: DAN-889221-058

Scaleo P er sannkallaður gæðagripur á alveg ótrúlega góðu verði. Tölvan kemur ríkulega búin af aukabúnaði með allt heimilisfólkið í huga. Gott hljóðkort og öflugt skjákort tryggir yngstu kynslóðinni að spila uppáhalds leikina sína. Hægt er að afrita DVD diska án vandræða og svo er að sjálfsögðu hægt að vinna alla skjalavinnu með Microsoft Works pakkanum. Tölvunni fylgir einnig mjög góður öryggishugbúnaður.

Intel® Celeron® 3.06Ghz
512MB DDR minni
200GB 7200sn. diskur
ATI RADEON X600SE 256MB TV-Out
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
6 rása hljóðstýring
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8
Norton Internet Security (3 mánaða)
Nero Express 6
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



**TILBOÐSVERÐ:**
**79.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**7.042 kr. á mán.**

### Fujitsu Siemens Scaleo T

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

LKN:DAN-890300-041

Scaleo T er alveg hreint frábær heimilisvél. Ekkert mál er að spila alla nýjustu leikina með öflugum örgjörva og háhraða skjákorti. Tölvan kemur einni með gríðamiklu vinnsluminni og stórum hörðum disk. Þessi er tilbúin í hvað sem er!

AMD Athlon™ 64 3800+
1GB DDR minni
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI RADEON X700SE 256MB PCIe
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort,
Þráðlaust netspjald 54 Mbps
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
6 rása hljóðstýring
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8.0
Norton Internet Security,
Nero Express 6, WinDVD
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



**TILBOÐSVERÐ:**
**109.900 kr.**

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði.
**9.630 kr. á mán.**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**KYNNTU ÞÉR FLEIRI GLÆSILEG TILBOÐ Í JÓLAGJAFABLAÐI TÆKNIVALS Á WWW.TAEKNIVAL.IS**

**Opnunartími Tæknivals um jólin:** Laugardagur 17. des. 11-18, sunnudagur 18. des. 12-18, mánudagur 19. des. 9-20, þriðjudagur 20. des. 9-20, miðvikudagur 21. des. 9-20, fimmtudagur 22. des. 9-20, föstudagur 23. des. 9-22, laugardagur 24. des. 9-13.



# ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

*Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í veggsjónvörpum.*

*Sjón og heyrn er sögu ríkari.
Komið í heimabíó-básana okkar
í Smáralind og Síðumúla 9
og kynnist því besta.*

SAMSUNG

**SAMSUNG LE40M61BX**
Háskerpu LCD veggsjónvarp.
*Valið besta LCD Sjónvarpið 2005-2006*
6,4 milljarðar lita
Skerpa 5000:1
***Verð kr. 369.990***

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B









Pioneer

**PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMASKJÁR**
*Valið besta Plasma sjónvarpið 2005-2006*
Skjá stærð 127 cm (50 "r). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4000:1
***Verð frá: 499.900***

Pioneer

**PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3000:1
***Verð frá kr.: 399.900***

LOEWE.

LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE Individual er skýr sönnun þess.



**LOEWE INDIVIDUAL**
Skjástærð: 32 tommur 80cm.
HD Ready - HDTV háskerpusjónvarp
Skjáform: 16:9
Upplausn: 1366 x 768 , contrast filter
Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari
Stafrænt inn- og úttengi
Mynd í mynd (PIP)
Textavarp 3500 síðna minni
Birta: 450 cd/m2
Magnari 4x40w
***Verð kr. 299.900***







***VERTU EINSTAKUR!***
LOEWE INDIVIDUAL býður upp á allt að 63 valkosti í áferð og lit.

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
HEIMILISLEGAR OG VANDAÐAR
JÓLAGJAFIR
Solis
OF SWITZERLAND
Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900
TEFAL
Raclette grill
Kr. 4.900
TEFAL
Mínútugrill
Kr. 7.990
TEFAL
Hraðsuðukanna
Kr. 2.990
AEG
Brauðrist
Kr. 4.990
TEFAL
Blandari m/gleri
Kr. 5.990
AEG
Örbylgjuofn
Kr. 9.900
AEG
CaFamosa
Kaffivél
Kr. 39.900
AEG
Kaffivél
Kr. 3.990
TEFAL
Töfrasproti
Kr. 2.590
AEG
Handþeytari m/skál
Kr. 7.990
AEG
Matvinnsluvél
Kr. 13.900
TEFAL
Straujárn
Kr. 4.790
AEG
Uppþvottavél,
íslenskt stjórnborð
TILBOÐ:
Kr. 69.900
Kr.79.900 (stál)
AEG
Þvottavél -1200 sn.
íslenskt stjórnborð
Kr. 69.900
AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS
Þvottavél -1600 sn.
íslenskt stjórnborð
Þurrkari - 6 kg.
íslenskt stjórnborð
JÓLATILBOÐ: Kr. 149.900
AEG
Ryksuga Turbo T2
1600 W
Kr. 8.900
TEFAL
AEG
Hárblásari
Kr. 2.690
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
Umboðsmenn um land allt.



**KOSIÐ Í KONGÓ** Kjósandi í Kinshasa í Kongó greiðir atkvæði um drög að nýrri stjórnarskrá landsins í gær. Atkvæðagreiðslan er álitin áfangi á leið til stöðugleika, lýðræðis og friðar í þessu borgarastríðshrjáða Afríkulandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjúkdómurinn noma leggst eingöngu á vannærð og fátæk börn:

# Allt að 90 prósenta dánartíðni

**SJÚKDÓMAR** Einhver hræðilegasti sjúkdómur sem hrjáir fátækustu börn veraldar kallast noma en þau börn sem sýkjast afmyndast hræðilega í andliti á stuttum tíma og dánartíðnin er allt að níutíu prósent. Áhrif sjúkdómsins eru hræðileg en tiltölulega auðvelt er að koma í veg fyrir hann.

Yfir hálf milljón barna í heiminum þjáist af noma og áætlað er að yfir hundrað þúsund börn sýkist árlega en sökum þess að hann er bundinn við allra fátækustu börnin í allra fátækustu löndunum er hann ekki ýkja kunnur mörgum.

Sjúkdómurinn hefur í för með sér að drep kemst í harða og mjúka vefi í munni barna, yfirleitt á aldrinum tveggja til sex ára, og hefur án meðferðar í för með sér slæma hrörnun og afmyndun í andliti sem leiðir í yfirgnæfandi fjölda tilfelli til dauða. Jafnvel þó meðferð sé til staðar og hægt sé að bjarga lífi viðkomandi verða börnin mörg hver svo afmynduð að þau munu aldrei geta talað eða matast að nýju og líf þeirra verður aldrei samt aftur.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur um áratugaskeið reynt að vekja athygli á sjúkdómnum án mikils árangurs. Talið er víst að hann stafi af vannæringu og slæmri tannheilsu og því tiltölulega auðvelt að koma í veg fyrir þjáningu hundraða þúsunda á hverju ári miðað við marga aðra sjúkdóma sem hrjá fyrst og fremst fátækt fólk í vanþróuðum löndum.

- aöe



**LÁN Í ÓLÁNI** Þessi unga stúlka var heppin því hún komst undir læknishendur og lifði. Önnur hundrað þúsund börn eiga í engin slík hús að venda og deyja kvalafullum dauðdaga. NORDICPHOTOS/AFP

Vinnumálastofnun:

# Skráningin á netinu

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru þessa dagana að búa sig undir að lög um starfsmannaleigur taki gildi en samkvæmt þeim verður að skrá starfsmannaleigur, breytingar á starfsliði og umboðsmenn þeirra hjá stofnuninni áður en þær taka til starfa hér á landi.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að verið sé að móta verklagsreglur stofnunarinnar og unnið sé að rafrænu skráningarformi á heimasíðu stofnunarinnar. Skráning hefjist þegar lögin, sem nú liggja fyrir Alþingi, hafi verið birt í Stjórnartíðindum.

Stofnunin spáir óvenjulitlu atvinnuleysi í janúar og telur að áfram verði eftirspurn eftir fólki langt fram á næsta ár.

- ghs

„Ættmóðir Nokia-farsímanna“ heyrir brátt sögunni til:

# Síðasta stígvélið á markað

**FINNLAND** Svörtu Nokia-gúmmístígvélin heyra brátt sögunni til. Verksmiðjan Suomen Kumitehdas í héraðinu Nokia í Finnlandi hættir að framleiða gúmmístígvél næsta sumar. Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar segir að framleiðslan sé alltof lítil til að það borgi sig að halda framleiðslunni áfram.

„Þetta er sorglegt. Stígvélaverksmiðjan hefur verið mikilvægur hluti í héraðinu Nokia í rúmlega hundrað ár. Stígvélin eru eiginlega ættmóðir Nokia-farsímanna,“ sagði framkvæmdastjórinn við finnlandssænska blaðið Hufvudstadsbladet.

Stígvélaframleiðslan er aðeins fimmtán prósent af framleiðslu verksmiðjunnar. Ef framleiðslunni hefði verið haldið áfram er búist við að framleiðslan á stígvélunum hefði lækkað í tíu prósent. Verksmiðjan framleiðir líka reiðhjóladekk og fleiri vörur úr gúmmíi.

„Við myndum gjarnan vilja framleiða fleiri gúmmístígvél. Fyrir þremur árum framleiddum við 500 þúsund stígvél á ári. Nú er framleiðslan aðeins fimmtungur af því. Áhugi Finna á gúmmístígvélum hefur ekki minnkað en stöðugt færri stígvél á markaðnum eru framleidd í Finnlandi,“ sagði hann.

Fyrirtækið er í samningaviðræðum við þá 75 starfsmenn sem hafa unnið við framleiðslu stígvélanna.

- ghs



**NOKIA-GÚMMÍSTÍGVÉL** Svörtu Nokia-gúmmístígvélin hafa fengist hér á landi en hverfa brátt af markaði því að framleiðslunni verður hætt í Finnlandi næsta sumar.

Könnun á vaktavinnu:

# Samningur undirritaður

**ATVINNUMÁL** Verksamningur um gerð og framkvæmd könnunar á aðstæðum og aðbúnaði vaktavinnustarfsmanna var undirritaður á miðvikudag. Að samningnum koma Rannsóknarstofa í vinnuvernd og sérstakur starfshópur um málefni vaktavinnustarfsmanna sem skipaður er fulltrúum frá BSRB og BHM annars vegar og frá ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga hins vegar.

Rannsóknarstofan tekur að sér að kanna, fyrir hönd starfshópsins, aðbúnað vaktavinnustarfsmanna ríkis og sveitarfélaga, almenn og sértæk atriði sem geta haft áhrif á aðbúnað og möguleg ar afleiðingar vaktavinnunnar.

Niðurstöður verkefnisins verða kynntar í byrjun febrúar 2006.

- sh







Vatnsdropinn – tákn um líf
Þessi silfurlitaði vatnsdropi fylgir heimsendum gíróseðlum inn á hvert heimili í landinu. Láttu hann skreyta heimilið í desember og vertu viss um að þitt framlag skilar árangri.

Byggjum brunninn

Það er víða nóg af vatni í Afríku – vandinn er að ná því.

Ein leið er að grafa brunn. Taktu þátt með því að greiða heimsendan gíróseðil og þú eignast hlut í brunni. Fyrir 2.500 kr. getur þú leyst vatnsvandræði 20 manns til frambúðar.



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Norðmenn og Evrópusambandið gera samning um veiðar á norsk-íslensku síldinni:

# Forkastanleg vinnubrögð

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er fordæmanlegt athæfi hjá Norðmönnum og lýsir ekki ábyrgri afstöðu til fiskveiðistjórnunar af þeirra hálfu,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vegna frétta þess efnis að Norðmenn og Evrópusambandið hafi komist að samkomulagi um veiðar í norsku landhelginni á norsk-íslensku síldinni.

Samkomulagið þýðir að veiðar úr stofninum fara langt umfram ráðleggingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins og auk þess er ekkert samráð haft við aðrar strandþjóðir sem hafa hagsmuna að gæta eins og Ísland og Rússland.

Einar segir þessar fréttir slæmar fyrir Íslendinga en lítið sé við þessu að gera. „Það er ljóst að gengið verður afar nærri stofninum með þessum veiðum og mér sýnist að með þessari ákvörðun séu Norðmenn að auka hlut sinn um 35 prósent á einu bretti með einhliða hætti og þetta eru ákaflega vond vinnubrögð af þeirra hálfu. Þeir skrifa undir samninginn án þess að spyrja kóng eða prest og þetta er með öllu óþolandi en okkar hendur eru bundnar og við getum ekki komið í veg fyrir þetta.“ **- aöe**



**SÍLDVEIÐAR** Norðmenn munu veiða 570 þúsund tonn af norsk-íslensku síldinni á næsta ári og hafa gefið Evrópusambandinu 62 þúsund tonna kvóta. Veiðiráðgjöf vísindamanna gerir ráð fyrir 732 þúsund tonna veiði og því ljóst að meira verður veitt úr stofninum en gott þykir.



**GEGN ÖFGUM** Þátttakandi í mótmælagöngu gegn öfgum og kynþáttahatri í miðborg Moskvu í gær gengur með klút yfir vitunum sem á stendur: „Við sitjum ekki þegjandi hjá.“ Að göngunni stóðu mannréttindasamtök, frjálslyndir stjórnmálaflokkar og fleiri félagasamtök. MYND/AP

Iðnaðarráðuneytið:

## Nýr ráðuneytisstjóri ráðinn

**STOFNANIR** Kristján Skarphéðinsson hefur verið ráðinn ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá og með fyrsta janúar næstkomandi.

Kristján hefur verið skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu frá 1999 og settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu frá 2003. Þar áður starfaði hann sem fiskimálafulltrúi Íslands í Brussel og í sjávarútvegsráðuneytinu þar áður. ■



**NÝ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Í GRAFARVOG** Grafarvogsbúar héldu upp á fyrirhugaða byggingu þjónustu- og menningarmiðstöðvar sem mun rísa í Spönginni.

Hátíðahöld í Spönginni:

## Landnám í Grafarvogi

**HÁTÍÐAHÖLD** Boðað var til hátíðahalda í Grafarvogi í gær. Tilefnið var fyrirhuguð bygging þjónustu- og menningarmiðstöðvar í Spönginni. Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Grafarvogskirkja, lögreglan í Reykjavík, Hverfisráð Grafarvogs og Borgarbókasafn Reykjavíkur standa að starfseminni.

Stefán Jón Hafstein, formaður hverfisráðs Grafarvogs, ávarpaði samkomuna. Undirritaðar voru viljayfirlýsingar þeirra aðila sem að byggingu þjónustu- og menningarmiðstöðvarinnar standa ásamt því að þeir mörkuðu sér land með kyndlum að sið landnámsmanna. Unglingakór Grafarvogskirkju söng jólalög og nemendur í tónskóla Hörpunnar léku ljúfa jólatóna í tilefni dagsins. **- jóa**

Umferð vegna Kárahnjúka:

## Átak fyrir auknu öryggi

**UMFERÐARÖRYGGI** Foreldrafélag Hallormsstaðarskóla, Landsvirkjun og Vegagerðin hafa blásið til átaks fyrir bættri umferðarmenningu í Hallormsstaðarskógi, að frumkvæði foreldra skólabarna.

Vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka hefur umferð á svæðinu stóraukist nýlega og slys hafa orðið á fólki í kjölfarið. Samstarfshópurinn að baki átakinu sendi forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem hlut eiga að máli bréf þar sem beðið er um að brýnt sé fyrir ökumönnum hverjar hætturnar séu og skorað á þá að gæta öryggis í akstri. ■





**Opel.** Þýski gæðingurinn.

JÓLIN NÁLGAST!

NÁÐU FORSKOTI Á NÝJUM OPEL.

Við erum í sérstöku hátíðarskapi og því býðst þér Opel á frábæru jólatilboði út allan desember með einungis **10% útborgun**! En það er ekki allt: Hverjum Opel fylgir **100.000 kr. gjöf** frá Bræðrunum Ormsson handa þeim sem þér þykir vænt um.

**Opel Meriva DVD**

Á Opel Meriva kynnist þú áður óþekktu frelsi því sveigjanleiki og öryggi þessarar verðlaunabifreiðar skilar sér ótvírætt við íslenskar aðstæður. Prófaðu þennan fallega bíl sem er í fremsta flokki hvað snertir sparneytni og það verður ekki aftur snúið.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.795.000 kr.
10% ÚTBORGUN 179.500 kr.
**AÐEINS 23.999 kr. Á MÁNUÐI***



DVD spilari fylgir!

**Opel Astra Hatchback**



Fallegur og frábærlega smíðaður. Hann er líka vel búinn með ABS hemlavörn, skynvirku fjöðrunarkerfi, aksturstölvu og fullt af fleiri skemmtilegum kostum. Hann er aflmikill en líka sparneytinn, lipur og rúmgóður. Fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.695.000 kr.
10% ÚTBORGUN 169.500 kr.
**AÐEINS 22.810 kr. Á MÁNUÐI***

**Opel Astra Caravan**

Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni. Hann er frábærlega búinn, sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna – ekki bara þá sem sitja frammí. Innréttingin er falleg og vönduð og minnir á mun dýrari bíla. Hann er lipur, skemmtilegur í akstri og er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.760.000 kr.
10% ÚTBORGUN: 176.500 kr.
**AÐEINS 23.680 kr. Á MÁNUÐI***



**Við hvetjum alla ökumenn til að aka varlega um hátíðarnar.**

Glitnir

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100 | **Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230 | **Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141 | **Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808 | **Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376 | **Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | **Búðareyri 33** 730 Reyðarfirði 474-1453 | **Sindragötu 3** 400 Ísafirði 456-4540 | **Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960 |

*Miðað við bílasamning Glitnis með 10% útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fíton/SÍA



**FANNFERGI Í JAPAN** Íbúi borgarinnar Motosu í Mið-Japan mokar snjó af þaki húss síns í gær. Snjó kyngdi niður yfir stóran hluta Japans um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### KEA í viðræðum um kaup á héraðsfréttblaðinu Vikudegi:

# Blaðið falt fyrir rétt verð

**FJÖLMIÐLUN** Stjórnendur Kaupfélags Eyfirðinga hafa að undanförnu átt í viðræðum við Hjörleif Hallgrímsson, framkvæmdastjóra og eins eiganda útgáfufélagsins Nýs dags, um hugsanleg kaup KEA á héraðsfréttablaðinu Vikudegi á Akureyri. Hvorki Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, né Hjörleifur vilja að öðru leyti tjá sig um málið en staðfesta báðir að hugsanleg kaup hafi verið rædd. „Ég er tilbúinn að selja blaðið fyrir rétt verð,“ segir Hjörleifur.

Vikudagur kemur út vikulega en blaðið hóf göngu sína 5. desember 1997. Efnistökin miðast einkum við Akureyri en einnig Eyjafjarðarsvæðið í heild sem og Þingeyjarsýslur.

Félagssvæði KEA er Eyjafjörður og báðar Þingeyjarsýslur og að mati Halldórs er svæðið nægilega fjölmennt til að bera veglegt héraðsfréttablað og öfluga netútgáfu. „Við erum alætur á verkefni í þeim skilningi að við skoðum allt en fjárfestum aðeins í þeim verkefnum sem falla að okkar fjárfestingastefnu. Vissulega horfum við til byggðasjónarmiða varðandi val á verkefnum en gerum einnig þá kröfu að verkefnin séu arðbær,“ segir Halldór.

- kk



**HJÖRLEIFUR HALLGRÍMSSON** Vikudagur er til sölu - fyrir rétt verð, segir Hjörleifur en hann er nú bæði framkvæmdastjóri Nýs dags og ritstjóri Vikudags. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

### Guðlaugur Þór Þórðarson:

# Orkuveitan í snúinni stöðu

**STJÓRNMÁL** „Staðan sem upp er komin er snúin, en það var niðurstaða stjórnarinnar að þessi leið væri skást,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórnin hefur ákveðið að óska eftir tilboðum frá fjárfestum í þrettán prósenta hlut fyrirtækisins í Jarðborunum.

„Þetta er engin óskastaða, en ég vonast til þess að gott tilboð fáist í hlutinn. Í kjölfarið verði þá grynnkað á skuldum eða fjárfest í verkefnum á hefðbundnu sviði Orkuveitunnar,“ segir Guðlaugur. ■

### Harmleikur á Indlandi:

# Tugir manna tróðust undir

**INDLAND, AP** Fjöldi fólks tróðst undir við neyðaraðstoðarmiðstöð á flóðasvæði á Suður-Indlandi í gær. Að minnsta kosti 42 manns dóu og 37 slösuðust í troðningnum.



**SORG** Mæðgur syrgja aðstandanda sem fórst í troðningnum. MYND/AP

Harmleikurinn átti sér stað við skólabyggingu í Madras, þar sem neyðaraðstoðarmiðstöð hafði verið komið upp vegna flóða sem rústað hafa húsum margra íbúa á svæðinu. Um 3.000 manns höfðu beðið yfir nótt í biðröð eftir skömmtunarmiðunum. Troðningurinn hófst er hliðið var opnað til að hleypa bíl í gegn, að sögn R. Nataraj lögreglustjóra. ■

### Sjúkrahúsbruni í Kína:

# Rafvirki í gæsluvarðhaldi

**KÍNA, AP** Stjórnvöld í Kína hafa hneppt í gæsluvarðhald rafvirkja sem þau segja að beri ábyrgð á bruna á sjúkrahúsi í borginni Liaoyuan á fimmtudag þar sem 39 manns létu lífið. Þau hafa ekki tilgreint hvað hann hafi gert rangt eða hvort hann verði kærður fyrir glæpsamlegt athæfi.

Talsmaður kommúnistaflokksins í borginni hefur opinberlega beðist afsökunar á slysinu en slíkt var óhugsandi fyrir talsmenn flokksins þar til fyrir stuttu.

Allir þeir sem létust í eldinum voru sjúklingar en 89 manns stukku út um glugga til að flýja eldinn og 24 eru alvarlega slasaðir. ■



**HARMLEIKUR** Tæplega fjörutíu fórust í eldsvoðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**LEYNIÞJÓNUSTUSKÓLI** Þessa mynd tók ljósmyndari AP af vaktturni utan við þjálfunarmiðstöð pólsku leyniþjónustunnar við Stare Kiejkuty í NA-Póllandi. Hún er í tuttugu kílómetra fjarlægð frá Sczytno-Sczymany-flugvelli. Sczytno hét áður Ortelsburg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Leynifangelsi rædd í Póllandi

**Yfirlýsingar pólskra ráðamanna um að ekkert CIA-leynifangelsi hafi verið í landinu hafa ekki megnað að kveða niður orðróm um hið gagnstæða.**

**PÓLLAND, AP** Vangaveltur um að meint leynifangelsi bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi verið að finna í Póllandi hafa undið mjög upp á sig þar í landi að undanförnu. Opinberlega hafa pólskir ráðamenn ítrekað vísað því á bug að slík starfsemi í nafni „stríðs gegn hryðjuverkum“ hafi fundið sér skjól í landinu, þótt þeir viðurkenni að flugvélar á vegum CIA hafi millilent þar og að pólska leyniþjónustan eigi gott samstarf við þá bandarísku.

Þessar yfirlýsingar ráðamanna hafa ekki megnað að kveða niður orðróm um að ýmislegt kunni að vera til í því sem fram hefur komið í frásögnum fjölmiðla vestan hafs og austan um meint leynifangelsi CIA í Austur-Evrópu. Samkvæmt þeim frásögnum, fyrst í bandaríska blaðinu Washington Post í síðasta mánuði, hefur CIA haldið mönnum sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum föngnum í leynifangelsum þar eystra og yfirheyrt með leynd.

Sá staður í Póllandi sem sterkasti grunurinn beinist að um að hafa hýst slíkt leynifangelsi er þjálfunarmiðstöð pólsku leyniþjónustunnar í grennd við flugvöllinn Sczytno-Sczymany í hinu dreifbýla héraði Masúríu í norðausturhluta landsins, en það var syðsti hluti þýska héraðsins Austur-Prússlands til ársins 1945. Miðstöðvarinnar er vel gætt bak við gaddavír og skógarþykkni. Bannað er að sigla báti á vatninu sem liggur á milli þess og þorpsins Stare Kiejkuty. Filmur ljósmyndara pólska dagblaðsins Rzeczpospolita, sem þar var á ferð í liðinni viku, voru gerðar upptækar. Vopnaðir verðir sáu til þess að útsendarar AP-fréttastofunnar kæmust ekki of nálægt.

Zbigniew Siemiatkowski, fyrrverandi yfirmaður pólsku leyniþjónustunnar, segir það ekkert launungarmál að þarna sé rekinn leyniþjónustuskóli. Það sé heldur ekkert leyndarmál að samstarfið við CIA sé náið. En að hans sögn hefur skólinn „ekkert með leynifangelsi að gera“.

audunn@frettabladid.is






### Netsamtal nýtist heyrnarlausum:

# Pósturinn bætir þjónustu sína

**SAMSKIPTI** Pósturinn hefur á haustmánuðum boðið viðskiptavinum sínum upp á beint samband við þjónustufulltrúa fyrirtækisins með netsamtali. Þjónusta þessi hefur nýst heyrnarlausum sérstaklega vel þar sem þeir geta nú fengið aðgang að þjónustufulltrúum Póstsins til jafns við aðra.

Þjónustufulltrúar í þjónustuveri og fyrirtækjaþjónustu Póstsins veita upplýsingar og góð ráð bæði til einstaklinga og fyrirtækja gegnum netið og hafa viðtökurnar verið góðar.

Forsvarsmenn Póstsins segja það ánægjulegt að geta komið til móts við þarfir heyrnarlausra, sem áður var ógerlegt að veita þjónustu gegnum síma. Viðskiptavinir Íslandspósts hafa í auknum mæli nýtt sér netsamtal frá því að það stóð þeim til boða.

- jóa

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# Jólaboð Fjölbreytt úrval af gjafavörum



## Allison herrasnyrtitaska

Rakakrem 75 ml, sturtugel 150 ml og svitalyktareyðir 75 ml. Frískandi ilmur og frábært verð.

**2.435 kr.**



**2.229 kr.**

## Naomi Campell

Naomi Campell ilmirnir eru flottir og vinsælir, henta nútímadömum.



**1.990 kr.**

## Origins

Day & night. Night-A-Mins næturkrem, 30 ml, Make A Difference, 30 ml.
Verð aðeins 1.990 kr., 4.750 kr. virði.



**2.390 kr.**

## Estee Lauder maskarasett

augnblýantur, hreinsir og maskari.



**1.869 kr.**

## L'Oréal Revitalift

Dag-, nætur- og augnkrem sem hentar vel húð sem sýnir fyrstu merki um fínar línur og hrukkur.



**5.490 kr.**

## Nuddpúði

Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði fyrir fætur og bak. Rafhlöður fylgja ekki með.



**2.449 kr.**

## Basic Instict

Van Gils gjafakassar, henta herrum á öllum aldri.



**frá 1.699 kr.**

## Úrval geisladiska

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana.
Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

12 Tónar

Plan B

**Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 30655 12/2005

# Gjafir f

## OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla

**Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Kring**



7.990

### Dantax míkró samstæða
Míkró samstæða með útvarpi með stöðvaminnum, geislaspilara, kasettutæki og fjarstýringu.



7.990

### United MP3 spilari
MP3 Spilari í lyklakippustærð! Innbyggt 512mb minni, FM útvarp, diktafónn. LCD skjár með baklýsingu. Hægt að vista tölvugögn eða MP3/ WMA lög. USB 2.0 tengi fyrir gagnaflutning. Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu. Heyrnartól og rafhlaða fylgja.




1.990

### Sudoku tölvuspil
- Yfir 1,000,000 gátur
- 3 mismunandi stig
- Vistar gátur
- Enskar leiðbeiningar



7.990

### Casio hljómborð
37 nótur, 100 hljóð, 4 nótna polyfónía, 30 prógröm, 10 innbyggð lög. Stærð 65x21.1x7.8cm, þyngd: 1,5 kg, heyrnatól með míkrafón fylgja. Notar 5 AA rafhlöður eða straumbreyti (aukahlutur).



17.990

### Lenco DVD spilari
Fjölkerfa DVD spilari - silfurlitaður
7" LCD breiðtjaldsskjár
Hægt að snúa skjá um 180°
Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og VCD/SVCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
Dolby digital og DTS
AV og headphone tengi
Coaxal útgangur
Hleðslurafhlaða fylgir
Spennubreytir og tengi í bíl fylgir
Taska og fjarstýring fylgja.



16.990

### Philips heimabíókerfi
Fyrirferðalítið og nett heimabíósett, 400w (5x30w og 1x50w RMS) digital magnari. Fjölkerfa DVD spilari, 5 hátalarar og bassabox, dolby digital, DTS og dolby pro-logic II. Digital coaxal út, scart (með RGB), 2 RCA inngangar og 1 RCA útgangur. FM útvarp með stöðvaminnum, spilar MP3 og JPG og fjarstýring.



1.990

### Melissa naglasnyrtisett
Naglasnyrtisett með 8 fylgihlutum.



24.990

### United 21" sjónvarp með DVD spilara
21" Black Matrix myndlampi. Stereo hljóðkerfi, textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi. Fjarstýring, fjölkerfa DVD spilari, spilar DVD/CD/CDR/ CDRW/VCD/SVCD/ JPEG/MP3.



9.990

### United 14" sjónvarp
14" Black matrix myndlampi. Textavarp, scart tengi og svefnrofi. Fjarstýring, mál (bxhxd) : 35x34x34



5.990

### Philips skeggsnyrtir
Skeggsnyrtir með hársugu
Hársuga - safnar 90% af klipptum hárunum í box.
Steelwave sjálfbrýnandi hnífar
Gott grip
9 stillingar (1,5-18mm)
10 tíma hleðsla gefur 50 mín. notkun
Klippibreidd 32mm

Gildir til 27. desember eða á meðan birgðir

# yrir alla

**lu og á Akureyri. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.**



7.990

Senseo

PHILIPS

### Philips Senseo kaffikanna

1450w Senseo kaffivél, hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu, tekur aðeins 30 sekúndur að laga. Auðvelt að hreinsa.

4 fallegar könnur fylgja meðan birgðir endast.





Vaxtalaus verðsprengja!

aðeins

2.999* kr

á mán. í 12 mánuði

Verð 35.988,-

Kaffivélin sem slegið hefur í gegn í Evrópu

### Ariete expresso kaffivél

Malar baunir og býr til kaffið. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki. Cappucino system - blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir cappucino. Innbyggður bollahitari.

### Melissa Multimixer

Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira. Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina. Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur. Möguleikarnir eru óteljandi með Melissa multi mixer!

4.990





9.990

### Philips Gourmet kaffikanna

Kaffivél Café Gourmet
- Sýður vatnið



3.990

### Exido Blandari Stál+Gler

2 Hraðastillingar og púls möguleiki
Innbyggður öryggisrofi



5.990

### Disney ísvél

Hægt að nota til að búa til ís eða frosið jógúrt



5.990

### Disney poppvél

750W, skemmtileg og einföld poppvél fyrir alla fjölskylduna

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

### Okkur líkt

**„Þetta eru störf sem er mjög erfitt að fá Íslendinga til að vinna.“**

**Þórður Bachmann framkvæmdastjóri Alpan sem flyst til Rúmeníu, meðal annars vegna þess að á Íslandi fæst ekki fólk til starfa. Fréttablaðið.**

### Gott að vita

**„Sögnin að versla er ekki áhrifssögn, þ.e.a.s. hún stýrir ekki falli eins og sögnin að kaupa, sem stýrir þolfalli.“**

**Halldór Þorsteinsson, skólastjóri Málaskóla Halldórs, í grein um íslenskt mál í Morgunblaðinu.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, VARAFORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

## *Ég ætla að láta fólk vera í desember*

„Ég sit nú bara hérna heima hjá mér eins og klessa“, segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, en hún er í miðju barneignarfrríi þessa dagana.

Katrín fæddi frumburð sinn, lítinn dreng sem braggast ágætlega, 3. desember síðastliðinn og segir því fátt annað komast að þessa dagana en umönnun hans. „Hann byrjaði reyndar að koma í heiminn 1. desember þannig að ég hélt að þetta yrði fullveldisbarn en hann lét bíða aðeins lengur eftir sér,“ segir Katrín.

„Helstu tíðindin af honum eru þau að við förum í fyrstu gönguferðina okkar áðan,“ segir móðirin stolt.

Katrín segist aldrei hafa fylgst eins vel með fréttatímum sjónvarpsstöðvanna og í fæðingarorlofinu, hún missi aldrei úr fréttatíma, því hún segir að brjóstagjöf og sjónvarpsgláp fari einstaklega vel saman. „Ég er náttúrlega búin að fylgjast mjög vel með jafnréttisstýrumálinu og félagsmálaráðherra í fréttunum, það er kannski það mál sem mér finnst standa hvað mest upp úr núna,“ segir varaformaðurinn og auðvelt er að greina tilhlökkun í rödd hennar að komast aftur á leiksvið stjórnmálanna.

Hún kveðst ætla að halda áfram að taka það rólega þær vikur sem eftir eru af desember en svo býst hún við að blanda sér í borgarmálin fljótlega eftir áramót. „Það er mjög erfitt að halda sig frá pólitík, þetta er sennilega einhver veiki. En ég er búin að ákveða að láta fólk í friði í desember, ég held að þjóðlífið geti vel lifað án mín í nokkrar vikur, ótrúlegt en satt,“ segir hin nýbakaða og óþreyjufulla móðir og hlær.





**SÆT** Þessi skjaldbaka er til sölu á tæpar tuttugu þúsund krónur í gæludýraverslun í borginni Varna í Búlgaríu. Skjaldbakan er af tegundinni Chelydra Serpentina sem er amerísk vatnaskjaldbaka. Skoltar hennar eru miklir, eins og sjá má, og augnaráðið nokkuð blítt.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kom algjörlega á óvart

**Freyja Haraldsdóttir er tvítug stúlka sem á laugardag útskrifaðist úr Fjölbrautarskóla Garðabæjar með hæstu meðaleinkunn þeirra 38 nemenda sem brautskráðust. Það sem gerir námsárangur Freyju enn merkilegri er að hún býr við alvarlega fötlun og er alfarið bundin hjólastól.**

Freyja, sem einnig flutti ræðu fyrir hönd útskriftarhópsins, fékk ekki að vita að hún hefði dúxað fyrr en við útskriftina sjálfa og segist ekki hafa búist við því. „Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu. Námið hefur verið ótrúlega skemmtilegt, maður hefur auðvitað lært heilmikið og eignast góða vini og að sjálfsögðu er skemmtilegt að enda þetta á þennan hátt.“ Meðaleinkunn hennar var 8,4.

Freyja segir námið við FG hafa gengið vel. „Auðvitað getur ýmislegt komið upp á en þannig er það nú hjá flestum,“ segir hún og bætir við að aðgengi fyrir fatlaða nemendur sé til algjörrar fyrirmyndar í skólanum. „Ef það hefur eitthvað þurft að bæta þá hefur það verið gert.“

Freyja býr við sjaldgæfa fötlun sem á fræðimáli kallast *osteogenesis imperfecta*. Lýsir hún sér þannig að þeir sem stríða við fötlunina eru í sífelldri hættu á að beinbrotna við minnsta hnjask.

Freyja þarf stöðuga aðstoð og segist almennt hafa verið ánægð með stuðningsfulltrúa sína. „Ef stuðningsfulltrúarnir eru góðir get ég gert þetta alveg eins vel og aðrir. Það er skilyrði að við getum verið vinir og berum virðingu hvor fyrir annarri og þá gengur þetta eins og í sögu.“

Freyja er mikil félagsvera og segir hennar helsta áhugamál vera fólk almennt. Hún fer reglulega í bíó og á kaffihús með vinum sínum, sem hafa reynst henni afar vel.

Eftir áramót mun Freyja hefja störf við sérkennslu á leikskóla. Hún segist hafa mikinn áhuga á að vinna með börnum með sérþarfir og stefnir á frekara nám í náinni framtíð, þó að valið um námsgrein gæti orðið erfitt. „Ég hef jafnvel hugsað mér að leggja stund á fötlunarfræði en ég veit ekki hvort það verður strax næsta haust. Það ræðst af því hvernig mér líkar starfið á leikskólanum.“ ■



**FREYJA HARALDSDÓTTIR** Útskrifaðist með hæstu einkunn allra nemenda um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







Gísli Pálsson á Hofi gefur út ljóð eftir bróður sinn, Hermann heitinn Pálsson:

# Hóf að gefa út bækur 68 ára

Atviksorð í þátíð heitir nýútkomin bók með ljóðum Hermanns Pálssonar fræðimanns. Hermann bjó bróðurpart starfsævi sinnar í Edinborg og stundaði þar rannsóknir á íslenskum fræðum. Hann lést í umferðarslysi í Búlgaríu í ágúst 2002 og í kjölfarið kom í ljós að hann átti fjölmörg ljóð tilbúin til útgáfu.

Gísli bróðir hans, fyrrum bóndi á Hofi í Vatnsdal, hefur nú gefið ljóðin út en Gísli hóf bókaútgáfu fyrir sautján árum, þá 68 ára gamall. Er hann vísast elsti bókaútgefandi landsins, komin vel á áttugasta og sjötta ár. „Þetta er fertugasta og sjöunda bókin sem ég gef út,“ segir Gísli, sem lýsti því yfir í fyrra, við útgáfu bókar um Hrútafjarðará, að hann hygðist hætta bókaútgáfu. Þegar óbirt ljóð Hermanns bróður hans fundust gat hann ekki annað en dregið fyrri yfirlýsingar til baka og gefið þau út.



**GÍSLI PÁLSSON Á HOFI** Hóf að gefa út bækur fyrir 17 árum þegar fé var skorið niður hjá honum vegna riðu.



**ATVIKSORÐ Í ÞÁTÍÐ** Ljóðabók Hermanns Pálssonar.

Það var hins vegar tilviljun sem réði því að hann hóf bókaútgáfu 1988. „Fé var skorið niður vegna riðu og ég hafði lítið að gera. Þess vegna fór ég út í þetta,“ segir Gísli, sem meðal annars hefur gefið út niðjatöl, hestabækur og eldri verk Hermanns.

Gísli hefur haft gaman af bókaútgáfunni og ekki spillir að hún hefur gengið ágætlega í gegnum árin og afkoman verið þokkaleg. „Ég hef alltaf sloppið ágætlega og stundum haft svolítið upp úr þessu.“

Gísli sjálfur hætti búskap fyrir nokkru en sonur hans og tengdadóttir halda fjögur hundruð fjár á Hofi og á milli sjötíu og áttatíu hross.

Hægt er að panta Atviksorð í þátíð hjá Gísla í síma 452 4477 og sendir hann bókina burðargjaldsfrítt hvert á land sem er. ■

# TILBOÐ

# ACER 1692




**OPNUNARTÍMAR**
19-21 Des. 9-19
22-23 Des. 9-22
24 Desember Lokað

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.73GHz Pentium M Dothan740** Intel 915PM Express 533FSB-2MB |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið í 2GB |
| **Harðdiskur** | **100GB Ultra ATA harðdiskur** Nóg pláss fyrir gögn og leiki |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari** Skrifar CD-RW og DVD diska |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X700** Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig 56k mótald |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **4 in 1 minnis-kortalesari** Innbyggður lesari fyrir flest kort |

## ACER 1692WLMi 1.73GHz Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

**INTEL DOTHAN 2MB**
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD

**128MB ATI X700**
Eitt öflugasta skjákortið í dag! Gengur á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, Infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**
Acer Aspire fartölvan er aðeins 2.95Kg og með hágæða rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tíma

# VERÐ 134.900

## ACER 1694 WLMi




2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DDR2 533MHz minni • 100GB 5400RPM harðdiskur 8xDVD±RW Slot load skrifari • 15.4" CrystalBrite WXGA skjár 256MB ATI Radeon X700 PCI-Express skjákort • Bluetooth Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

## ACER 3023 WLMi




1.8GHz Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR minni • 80GB harðdiskur • 8xDVD±RW DL skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI Express skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 114.900**

## HD555 HEYRNATÓL




Sennheiser HD555 heyrnartólin eru kraftmikil og þægileg ásamt því að vera ein þau bestu á markaðnum í dag

**VERÐ 9.990**

## STÝRIPINNI




Logitech Extreme 3D Pro stýripinni með sérstöku "twist" handfangi, 12 hnappar, USB tengdur

**VERÐ 4.990**

## CANON IP4200




5 stök hylki fyrir hámarks nýtingu, 9600 dpi, full blæðing allt að A4, 29 bls/mín í SH, 19 bls/mín í lit

**VERÐ 14.900**

## VEFMYNDAVÉL




Logitech QuickCam Fusion vefmyndavél með innbyggðum hljóðnema, hreyfiskynjara og Video Effects hugbúnaði

**VERÐ 12.900**




VERÐ 3.690 | VERÐ 2.490 | VERÐ 3.990 | VERÐ 3.790 | VERÐ 2.990 | VERÐ 3.790 | VERÐ 3.990 | VERÐ 1.990

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur

# TÖLVULISTINN

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730

**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

## Svona erum við

> Þær hafnir þar sem flestum tonnum af þorski var landað í nóvember




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** KAFFISTOFA SAMHJÁLPAR

# *Bjóða bæði flatkökur og fatnað*

Málefni heimilislausra hafa nokkuð verið til umfjöllunar í Fréttablaðinu að undanförnu. Þjónusta við þann hóp hefur aukist á undanförnum árum en þó eru aðstæður margra mjög erfiðar. Kaffistofa Samhjálpar við Hverfisgötu heldur úti þjónustu sem er mörgum bágstöddum mikilvæg.

Hvað er gert á kaffistofunni?
Kaffistofan er opnuð klukkan tíu virka daga og er þá alltaf heitt á könnunni og bakkelsi sem fólk sem þangað leitar getur gætt sér á. Klukkan þrjú er svo heitur matur á boðstólum. Alltaf er boðið upp á heita súpu en einnig annan heitan mat ef efni standa til. Svo er lokað klukkan fjögur. Margir dunda við að lesa dagblöð á kaffistofuni og mikið er þar skrafað. Föt sem gefin hafa verið Samhjálp er þar að finna og geta utangarðsmenn og aðrir aðstöðulausir fengið þar flík. Um helgar er kaffistofan opin frá ellefu til fjögur.



**Á KAFFISTOFU SAMHJÁLPAR**

Hvað koma margir á kaffistofuna?
Daglega koma á bilinu 70 til 90 einstaklingar á kaffistofuna. Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, segir að kaffistofan fái um 25.000 heimsóknir á ári.

Hvaðan kemur maturinn?
Fjölmörg fyrirtæki gefa kaffistofunni matvörur. Má þar nefna Eyjakleinur, Gunnar Kvaran hf., Bakaríið Austurveri, Björnsbakarí við Skúlagötu og Arnarsbakarí á Keflavíkurflugvelli. Þjónustumiðstöð Reykjavíkur styður einnig starfsemina.

## SPURT & SVARAÐ

NAUTAKJÖTSSKORTUR

### *Þörf fyrir innflutning*



**LEIFUR ÞÓRSSON**
Framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara.

Mikill skortur er á innlendu nautakjöti og er svo komið að stærstu kjötiðnaðarfyrirtæki á Suðurlandi; Sláturfélag Suðurlands og Ferskar kjötvörur, eiga ekki nautakjöt í hakk og hamborgara. Að sögn Leifs Þórssonar, framkvæmdastjóra Ferskra kjötvara, hefur ástandið aldrei verið eins slæmt og nú.

**Hvað þarf að gera til að bæta úr þessu?** Það þarf meiri stjórnun á framleiðslunni, að magnið sé stöðugt og aukningin um það bil fimm prósent á ári, ekki að á þriggja ára fresti sé allt of mikið til og svo eftir önnur þrjú ár allt of lítið.

**Hvað er nautakjötsmarkaðurinn hér á landi stór?** Markaðurinn er 3.500-4.000 tonn á ári.

**Er lausnin á þessu sú að gefa innflutning á nautakjöti frjálsan?** Það væri gott fyrir alla að einhver innflutningur væri leyfður. Jafnframt þurfa stjórnvöld að sýna þessu meiri skilning svo að þau geti gripið inn í og heimilað aukinn innflutning þegar ástand markaðarins er með þessum hætti en ekki bíða í marga mánuði þangað til allt er komið í óefni. Það þarf að hlusta á þá sem vinna við þetta.

# Heilbrigðisyfirvöld vilja loka Hegningarhúsinu vegna ólofts

**Óloft í nokkrum fangaklefum, ófullnægjandi eldhús, ófullnægjandi aðstaða fyrir fanga til að hella upp á kaffi, léleg gólfefni. Þetta eru meginatriðin sem Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar hefur krafist úrbóta á í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.**



**FORSTÖÐUMAÐURINN** Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, er andvígur því að Hegningarhúsinu verði lokað áður en fangelsið á Hólmsheiði verður komið í notun. Gert er ráð fyrir að það verði árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Undanþága sem Hegningarhúsið við Skólavörðustíg er nú rekið á rennur út hinn 10. febrúar 2006. Fangelsið hefur á undanförnum árum verið rekið á undanþágum til tveggja eða þriggja ára í senn. Nú er komið að einni undanþágunni enn því hvergi er pláss fyrir þá fanga sem þar eru vistaðir, að því er fram kom nýverið í viðtali Fréttablaðsins við Valtý Sigurðsson, forstjóra Fangelsismálastofnunar.

Hegningarhúsið á sér langa sögu. Það var byggt árið 1874 en það er eina húsið á Íslandi sem reist var á sínum tíma sem fangelsi og hefur það þjónað því hlutverki æ síðan. Í umræðunni um fangelsismál hefur komið fram að það sé orðið óhæft til vistunar fanga sé litið til nútímakrafna í þeim efnum.

**Fangar vinna að viðhaldi**

Það var málningarlykt í lofti þegar Fréttablaðið heimsótti Hegningarhúsið í síðustu viku. Stöðugar endurbætur og viðhald standa yfir, að sögn Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu.

„Hér hefur verið skipt um hluta gólfefna og nú er verið að mála þar sem þess er þörf,“ segir Guðmundur. Hann bætir við að laghentir fangar fái að njóta þeirra hæfileika sinna, því þeir fái að taka að sér viðgerðir og málningarvinnu innanhúss ef þeir vilji og fái þá greitt fyrir það. Og það er einmitt einn þeirra sem nú er að mála klefa og hurðarkarma í fangelsinu.

Þegar talið berst að þeim kröfum sem Umhverfis- og heilbrigðisstofa geri til úrbóta á fangelsinu að þessu sinni kveðst Guðmundur ekki vera sammála þeim öllum þótt sumar séu eðlilegar.

„Það hafa til dæmis verið gerðar athugasemdir vegna eldhússaðstöðu,“ segir hann. „Hér er hins vegar aldrei eldað. Maturinn kemur allur úr Múlakaffi í þar til gerðum lokuðum plastbökkum. Hins vegar erum við í vandræðum með loftræstikerfið. Það fer ekki nógu mikið ferskt loft í gegnum klefana. Dyrnar á þeim eru þröngar og algjörlega þéttar. Í nokkrum klefum eru gluggar sem erfitt er að opna.

Þetta má rekja til ársins 1994 þegar nefnd um málefni fanga á vegum Evrópuráðsins var hér á ferðinni. Hún setti út á að ekki bærist nógu mikil birta í gegnum gluggana inn í klefana. Nokkrum var þá breytt til að bæta úr því en þá minnkaði loftinntakið. Það myndast því talsvert óloft í þessum tilteknu klefum að næturlagi. Samkvæmt tóbaksvarnarlögum mega fangarnir hvergi reykja nema inni í klefunum. Um níutíu prósent þeirra reykja og margir mjög mikið. Það segir sína sögu. En úr þessum loftræstivanda má leysa með breytingum ef vilji er fyrir hendi. Hér er margt hægt að laga innan eðlilegra marka, þ.e. án þess að rífa innviðina úr húsinu, ef fjárveitingar fást til að gera þessar breytingar.“

**Vilja ekki í önnur fangelsi**

Ekki má þó gera neinar byltingarkenndar breytingar á Hegningarhúsinu. Efri hæðin, sem hýsti Hæstarétt á sínum tíma og síðan íbúð yfirfangavarðar, er að stórum hluta friðuð. Þá er ytra byrði hússins allt friðað.

„Umhverfis- og heilbrigðisstofnun telur húsið svo gamalt og lúið að það samræmist ekki þeim rekstri sem í því er,“ segir Guðmundur. „Því er ég ekki sammála. Hér fer vel um fanga og þeir vilja vera hér. Nú hefur verið samþykkt áætlun þess efnis að nýtt fangelsi verði risið á Hólmsheiði árið 2009. Ég tel mjög mikilvægt að



**LOFTRÆSTING** Loftræstikerfið er ekki sem skyldi í Hegningarhúsinu. Loftræstingin er því bágborin í sumum klefanna. Nægja myndi að bora göt í gegnum þröskulda þeirra til að breyta því.



**FANGELSISGARÐURINN** Útivistarsvæði Hegningarhússins er ekki stórt en þar hafa fangar möguleika á því að iðka fótbolta eða hreyfa sig með öðrum hætti. Leikfimiaðstaða inni er engin.



**FANGAKLEFI** Klefarnir eru ekki stórir. Fangarnir virðast þó ekki setja það fyrir sig, því þarna vilja þeir dvelja. Enginn matsalur er í Hegningarhúsinu svo vistmennirnir verða að borða inni í klefum sínum.



Undur náttúrunnar:

# Smokkfiskar elska ungviðið



**MÓÐURÁST** Smokkfiskar virðast betri foreldrar en áður var talið, að minnsta kosti mæðurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn hafa fram til þessa talið að þegar smokkfiskar lykju hrygningu yfirgæfu þeir afkvæmi sín á hafsbotni.

Rannsóknir fræðimanna við hafrannsóknastofnunina við Monterey-flóa í Kaliforníu, sem sagt er frá í nýjasta hefti tímaritsins Nature, benda hins vegar til að smokkfiskamæður af tegundinni *Gonatus onyx* skilji ungviðið aldrei við sig heldur haldi þær á hrognabelgnum í gripörmum sínum í allt að níu mánuði og drösli honum með sér um allt.

- shg






**FANGAVÖRÐUR** Myndavélar gera starfsmönnum kleift að fylgjast með því sem fram fer á fangelsisganginum og utan húss.

Hegningarhúsið verði starfrækt þangað til."

Guðmundur hefur greinilega sterkar skoðanir á nauðsyn Hegningarhússins meðan ekki eru önnur úrræði fyrir hendi.

„Langflestir fangar koma hér inn áður en þeir fara austur á Litla - Hraun eða í önnur fangelsi. Hér er þá hægt að klára ýmis atriði, eins og læknisskoðun, sem allir fangar sem hingað koma þurfa að undirgangast, meðal annars með tilliti til hugsanlegra smitsjúkdóma og fíkniefnasögu.

Það þarf ekki að eyða tíma og fjármunum í ferðalög vegna rannsókna og viðtala við þá sem vistaðir eru hér. Þá hafa menn tíma til að útvega sér það sem þá vantar áður en þeir fara í það fangelsi þar sem þeir eiga að afplána, hvort sem það er Litla-Hraun, Kvíabryggja eða annars staðar. Vegna nálægðar við alla þjónustu og annað sem um ræðir getur þetta gengið fljótt og vel fyrir sig."

## Mikil nálægð

„Hingað koma stundum fangar sem eru hræddir, vilja ekki umgangast aðra fanga og hafa tilhneigingu til að einangra sig," heldur Guðmundur áfram. „Hér eru starfsmenn í mikilli nálægð við fangana og góðar aðstæður til að venja menn við, áður en þeir fara annað, því það fylgir jú fangavistinni að þurfa að umgangast aðra fanga."

Hegningarhúsið er flokkað sem móttökufangelsi. Stór hluti fanganna sem þangað kemur stoppar stutt. En það er segin saga, að sögn Guðmundar, að margir sem eru búnir að dvelja í vikutíma í fangelsinu vilja helst ekki fara í önnur fangelsi.

„Hér er hlýlegt að vera," segir Guðmundur. „Það er góð sál í þessu gamla húsi. Starfsfólkið, fjórtán manns, leggur sitt af mörkum til að föngum geti liðið hér vel. Ég sé engan ávinning í því að loka Hegningarhúsinu áður en nýtt fangelsi er risið. Enda var síðasti undanþágufrestur miðaður við að fangelsið á Hólmsheiði yrði komið í notkun og við hljótum að geta lagfært, í samráði við Umhverfisstofu, þá vankanta sem tilgreindir hafa verið."



FRÉTTASKÝRING
**JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR**
jss@frettabladid.is



# Íslendingar frekar tregir að dísilvæðast

**Innflutningur á dísilbílum hefur aukist hér á landi síðan lögum um olíugjald var breytt í sumar. Samt er aukningin minni en vonast var til og Íslendingar virðast mun tregari en aðrar Evrópuþjóðir til að dísilvæðast. Þannig eru einungis um tólf prósent íslenska bílaflotans dísilbílar meðan hlutfallið víða í Evrópu eru komið um og yfir fimmtíu prósent.**

Lögum um olíugjald og þungaskatt var breytt 1. júlí á þessu ári. Breytingin gerði það að verkum að dísilolía, sem fram að því hafði verið allt að helmingi ódýrari en bensín, varð álíka dýr, en á móti var þungaskattur á fólksbíla með dísilvélum lagður af. Markmiðið með breytingunum var að hvetja til aukinnar notkunar og sölu á dísilbifreiðum, en þær eyða mun minna eldsneyti en bensínbifreiðar og menga þar af leiðandi minna.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

### Lítill verðmunur

Um það leyti sem nýju lögin voru að taka gildi stefndi í að verð á lítra af dísilolíu yrði allt að fimm krónum hærra en verð á bensínlítranum. Þótti sýnt að þetta myndi draga verulega úr áhrifum laganna og því greip ríkisstjórnin til þess ráðs að lækka olíulítrann um fimm krónur. Lækkunin varð til þess að olían var örlítið ódýrari en bensínið í fyrstu, en verðsveiflur á eldsneytismarkaði hafa jafnað þetta út að mestu og munar nú sáralitlu eða engu á verði olíu og bensíns.

### Vantar meiri hvata

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir þetta fyrst og fremst skýringuna á því að markmið og tilgangur laganna hafi ekki að ná fram að ganga sem skyldi. „Hér eru stjórnvöld að taka svipað gjald af dísilolíu og bensíni, en víðast í Evrópu eru álögur á olíuna lægri, sem gerir hana eftirsóknarverðari,“ segir Runólfur.

Hann segir olíugjaldið hér á landi hærra en menn áttu von á og stjórnvöld greinilega treg til að lækka gjaldtökuna af ótta við að missa spón úr sínum aski. „Til að fjölga dísilbílum þarf að koma til einhver hvatning af hálfu stjórnvalda.“

### Dísilbílar dýrari

Rúnólfur tekur fram að fleira spili þarna inn í, bæði séu innflytjendur tregir til að flytja inn ákveðnar bifreiðategundir með dísilvélum og það vanti einfaldlega hefðina hér fyrir dísilbílum. „Því miður er það svo að margir hafa þá mynd af dísilbílum að þetta séu háværar, titrandi og mengandi bifreiðar,“ segir hann. Eins segir hann að fólk setji það fyrir sig að dísilbílar séu að öllu jöfnu dýrari en bensínbílar og munar þar um 100-150 þúsund krónum að meðaltali. Verðmunurinn skýrist af því að dísilvélar eru dýrari í framleiðslu en bensínvélar.



**DÍSELJEPPI** Íslendingar hafa gegnum tíðina fyrst og fremst tengt hugtakið dísilbíla við jeppa og önnur stærri ökutæki. Dísilknúnir jeppar verða æ vinsælli og hér gefur að líta nýjan Hyundai Santa Fe jeppa sem kynntur var í Suður-Kóreu í haust.

### Dísilvélar eyða minna

„Það sem fólk athugar hins vegar ekki í þessum efnum er að það er tiltölulega fljótt að vinna þennan verðmun upp í eldsneytissparnaði,“ segir Runólfur. „Dísilvélar eyða á bilinu 25-35 prósentum minna eldsneyti en bensínvélar og þetta er því fljótt að skila sér í lækkandi útgjöldum til eldsneytiskaupa, sérstaklega ef mikið er ekið.“

Ef tekið er algengt dæmi um bíl sem eyðir bensíni fyrir um 200 þúsund krónur á ári er sparnaðurinn með því að skipta yfir í dísilbíl á bilinu 50 til 70 þúsund krónur á ári.

### Endast miklu betur

Stærsti ávinningurinn af því að fjölga dísilbílum hér á landi sem annars staðar er þó fólginn í minni mengun. Staðreyndin er sú að dísilvélar eru mun umhverfisvænni en bensínvélarnar og þar ræður mestu að þjöppunarhlutfall dísilvélanna en mun hærra en hinna. Þær nýta því eldsneytið mun betur.

Fyrir utan minni eyðslu hafa dísilvélar tvo stóra kosti fram yfir bensínvélar: Þær toga betur og hafa ekki utanáliggjandi kveikjukerfi. Þær henta því betur í torfærur, kerrudrátt, akstur í ám og annað erfiði. Þá endast þær betur en bensínvélarnar og það er ekki tiltökumál að kaupa dísilbíl sem ekið hefur verið yfir 200 þúsund kílómetra, enda nokkuð öruggt að vélin á eftir að endast annað eins að minnsta kosti.



FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is

Metár í innflutningi bíla:

## Nærri eitt ökutæki á mann

Innflutningur bíla til landsins hefur slegið öll met á þessu ári. Stefnir í að um 50 þúsund ný ökutæki verði skráð á árinu sem ku vera Evrópumet, miðað við höfðatölu að sjálfsögðu.

Þar með fara skráð ökutæki á landinu yfir 250 þúsund, sem er all nokkuð fyrir tæplega 300 þúsund manna þjóð. Ef frá eru dregnir þeir sem ekki hafa ökuleyfi og þeir sem hættir eru að aka bíl sökum aldurs, lætur nærri að eitt ökutæki sé á hvert mannsbarn í landinu. En þá ber þess að geta að orðið ökutæki nær yfir mun fleira en bifreiðar.

Góð ending dísilvéla:

## Heimsmet í þolakstri

Sem dæmi um góða endingu dísilvéla má nefna tilraun sem Mercedes Benz verksmiðjurnar gerðu í sumar. Þremur venjulegum bílum af gerðinni E-320 CDI var ekið þindarlaust eins hratt og þeir komust á sérstakri akstursbraut og skiptist þrjátíu manna hópur á að aka bílunum dag sem nótt. Einungis var stoppað til að bæta olíu á bílana og skipta um ökumenn. Meðalhraði bílanna var um 225 kílómetrar á klukkustund þannig að nærri má geta að álagið á vélarnar var gríðarlegt.

Bíllinn sem lengst komst náði 160 þúsund kílómetra akstri, sá næsti 100 þúsund kílómetrum og þriðji bíllinn náði 80 þúsund kílómetrum. Allir bílarnir slógu fyrra heimsmet í þolakstri.



**MERCEDES BENZ E-CLASS** Bíll af svipaðri gerð og tók þátt í þolakstrinum mikla.

Íslendingar eru langt á eftir í dísilvæðingunni:

## Einungis um fimmtungur nýskráðra bíla er dísilbílar

Fyrri hluta ársins í ár var hlutfall innfluttra nýskráðra bifreiða með dísilvélar um sextán prósent en síðari hluta ársins, eftir að lögunum var breytt, hækkaði hlutfallið upp í rúm tuttugu prósent og fer vaxandi, að sögn Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Runólfur segir Íslendinga þó eiga langt í land með að ná öðrum Evrópuþjóðum í þessum efnum og nefnir Norðmenn sem dæmi. „Þeir voru á svipuðu róli og við en þar hefur orðið algjör dísilsprenging ef svo má segja á þessu ári. Allt bendir til þess að þar verði dísilbílar 65 af hundraði nýskráninga á árinu,“ segir Runólfur.

Svipaða sögu er að segja af öðrum löndum í álfunni en á síðasta ári var ríflega helmingur af öllum nýskráðum fólskbílum í Evrópu dísilbílar. Og gert er ráð fyrir að þessi tala fari upp undir sjötíu af hundraði á þessu ári. Hæsta hlutfall nýskráðra dísilbíla á síðasta ári var í Austurríki, Frakklandi og Belgíu, sjötíu prósent.




**SPARNEYTINN DÍSILBÍLL** Brosmildir menn sem óku hringinn um landið á einum tanki.





SOFÐU VEL UM JÓLIN
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Svefn & heilsa
www.svefn.is
ATH!
Vaxtalaus greiðslukjör
í 12 mánuði.
Chiropractic
Since 1910
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu
samtökum kíropraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.- stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
EINSTÖK ÞRÝSITJÖFNUN
RÉTTUR STUÐNINGUR
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 119.900.- stgr.
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.- stgr.
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.- stgr.
Konfektkassi fylgir
hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Large kr. 7.490.- stgr.
Medium kr. 6.990.- stgr.
Small kr. 5.990.- stgr.
Vinsælasta
jólagjöfin
Amerískar
heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.- stgr.
Sleep
Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.- stgr.
Queen 153x200 69.900.- stgr.
Leður
Hægindastólar
Kr. 54.000.- stgr.
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.- stgr.
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

B A R N A B Æ K U R • Æ V I S Ö G U R

**Skemmtilegasta ævisagan þessi jólin !!!**




Rokkkóngurinn gerir upp hlutina í stórskemmtilegri ævisögu eftir Ásgeir Tómasson, fréttamann. „SKYLDULESNING“, segir Hemmi Gunn.

Mögnuð bók um sálarháska og mjög vel skrifuð, segir Össur Skarphéðinsson, þingmaður.
Svo spennandi að ég tók hana með mér í baðið, segir Óskar Pétursson, söngvari.




**Össur Skarphéðinsson þingmaður mælir með þessari bók. Alveg mögnuð, segir hann.**

B A R N A B Æ K U R • Æ V I S Ö G U R • S

**11. sæti á metsölulista Mbl. 14. des.**




**Hefur þitt barn fengið gæsahúð nýlega?**

Spennandi bók fyrir börn og unglinga. Í könnun Landskerfa bókasafna árið 2004 lenti Gæsahúð í 3. sæti í öllum flokkum. Í flokki barnabóka lenti Gæsahúð í 1. sæti.



• S K Á L D S Ö G U R • H A N D B Æ K U R

**Þórarinn Guðnason, læknir, þýddi. Halldór Laxness skrifaði formála.**




**Falleg en óskaplega sorgleg ástarsaga sem gerist í skugga borgarrústa Hírósíma eftir kjarnorkuárásina í ágúst 1945. Bók sem þú verður að lesa.**

**Allt um íslenska boltann. Allar deildir og öll úrslit. Bókarauki um afrek Eiðs Smára. 224 bls. 64 bls. í lit. Stærri en nokkru sinni. Gefin út í samstarfi við KSÍ.**

**25. bókin í þessum ómissandi bókaflokki fyrir allt áhugafólk um knattspyrnu.**




S K Á L D S Ö G U R • H A N D B Æ K U R

**5. sæti á metsölulista Mbl. 14. des.**

**Ein af mest seldu barna- og unglingabókum þessa árs. Fyrsta bók ungs höfundar slær í gegn. Bók sem allar stelpur verða að lesa.**

**1. prentun uppseld. 2. prentun kemur í dag.**




**Eins og bíómynd á bók!**

**Glæsileg bók eftir Herdísi Egilsdóttur og Erlu Sigurðardóttur. 80 blaðsíður í lit. Allir krakkar vilja lesa svona fallegt og spennandi ævintýri.**

Tindur
Bókaútgáfa



**UPPBYGGING Í INDÓNESÍU** Verkamaður við störf í þorpinu Ulhee Lheu í Indónesíu, sem gjöreyðilagðist í flóðbylgjunni. Ein og hálf milljón manna býr enn í tjöldum og öðrum neyðarskýlum tæpu ári eftir að flóðbylgjan reið yfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Tvær milljónir heimilislausar

**Tæpu ári eftir að flóðbylgjan mikla á Indlandshafi gekk á land í Suðaustur-Asíu er uppbyggingu enn ólokið. Gremjan eykst með hverjum deginum.**

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Áhrifa flóðbylgjunnar, sem á annan dag jóla fyrir tæpu ári olli miklum hörmungum í mörgum löndum Suðaustur-Asíu, gætir enn. Ein og hálf milljón manna býr ennþá í tjöldum, neyðarskýlum og öðru bráðabirgðahúsnæði. Alþjóðleg hjálparsamtök segja að uppbygging á svæðinu muni aukast á næsta ári.

Í Indónesíu, Srí Lanka og Indlandi, löndunum sem urðu verst úti í hamförunum, hefur uppbygging húsnæðis tafist vegna deilna um landrétt, skorts á byggingarefnum og seinagangs þarlendra stjórnvalda. Flóðbylgjan hreif með sér fjölda fólks og talið er að minnsta kosti 216.000 manns frá tólf löndum hafi farist eða týnst í náttúruhamförunum. Mikill meirihluti þeirra sem týndi lífi var íbúar í Aech-héraði á Súmötru.

Vegir og brýr eyðilögðust í flóðbylgjunni og sums staðar hurfu samgönguleiðirnar hreinlega af yfirborði jarðar. Það hafði í för með sér að erfitt reyndist að koma neyðaraðstoð á mörg svæði og að sögn talsmanna alþjóðlegu hjálparsamtakanna Oxfam er það helsta ástæðan fyrir því að eingöngu tuttugu prósent þeirra 1,8 milljóna manna sem misstu heimili sín í flóðbylgjunni eru nú komin með húsnæði.

Þrátt fyrir að flestir þeirra sem misstu heimili sín hafi fengið athvarf á heimilum indónesískra fjölskyldna hafast enn tugir þúsunda við í yfirfullum tjöldum. Vistin í tjöldunum þykir slæm og ekki hefur monsúnrigningartímabilið, sem nú er í hámarki í Indónesíu, gert vist tjaldbúanna þægilegri. Þetta hefur leitt til þess að gremja og óþolinmæði meðal þeirra sem hafast við í tjöldunum eykst frá degi til dags.

Starfsmenn Oxfam-hjálparsamtakanna hafa hins vegar bent á að jafnvel hjá ríkum þjóðum taki uppbygging eftir náttúruhamfarir oft langan tíma og því til stuðnings benda þeir á uppbyggingarstarfsemi Japana eftir jarðskjálfta sem þar hafa orðið.

Starfsmenn Oxfam hafa einnig bent á að aðstæður á flóðasvæðunum hafi komið í veg fyrir að uppbygging gat hafist nógu snemma. Til dæmis er landsvæði sem yfir 120.000 manns bjuggu áður á komið varanlega undir vatn.

„Erum við ánægðir með þróunina í Aech-héraði? Nei, alls ekki,“ segir Andrew Steer, framkvæmdastjóri málefna Indónesíu hjá Alþjóðabankanum, en bankinn hefur lagt fram fé til uppbyggingarinnar í landinu. Að hans sögn lofuðu embættismenn og alþjóðasamtök ýmsu, sem þau réðu svo ekki við að framkvæma. „Við hefðum átt að átta okkur á einfaldri talnafræðinni, sem hljóðar þannig að það var einfaldlega ómögulegt að byggja fleiri en 30.000 hús á fyrsta árinu eftir flóðin,“ segir hann.

Hjálparsamtök og ríkisstofnanir í löndunum segja að í lok næsta árs verði búið að byggja rúmlega 18.000 af þeim 80.000 húsum sem vantar í Indónesíu og 5.000 af þeim 78.000 húsum sem vantar í Srí Lanka. Í héraðinu Tamil Nadu, sem varð verst úti í flóðbylgjunni, stefnir ríkisstjórn landsins á að byggja 130.000 hús handa þeim sem misstu heimili sín. Enn sem komið er hafa 1.000 hús verið byggð.

steinar@frettabladid.is




# MÓTEFNI VIÐ KULDA

Gerð: **Hallgerður CM-911 | Bolur | Kvenna**
Gerð: **Langbrók CM-916 | Buxur | Karla/kvenna**
Gerð: **Ingjaldur CM-910 | T-shirt | Karla/kvenna**
Gerð: **Gunnar CM-909 | Síðerma bolur | Karla**
Efni: **Undurmjúk Merino ull**
Verð: **Kemur á óvart** Gæði: **100%**

CINTAMANI
GEFÐU HLÝJU

cintamani.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Tveir alþjóðafundir sem skipta miklu máli:

## Við lifum í alþjóðlegu umhverfi

Undanfarna daga hafa staðið í yfir hvor í sínum heimshlutanum tveir alþjóðlegir fundir sem geta haft töluverð áhrif á daglegt líf manna víða um heim, og erum við Íslendingar þar ekki undanskildir. Þarna er annars vegar um að ræða fund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong um viðskipti í heiminum og hins vegar leiðtogafund Evrópusambandsins í Brussel þar sem tekist var á um fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árin 2007-2013. Annar fundurinn, sá í Asíu, snerti okkur beint, en hinn getur líka haft mikið að segja fyrir daglegt líf okkar hér á landi, þótt við séum ekki í ESB, en með mikilvæga viðskiptasamninga við sambandið. Þessir fundir sýna að við erum hluti af alþjóðlegu kerfi og getum ekki hagað okkur að vild hér á eyju norður í Atlantshafi, þótt stundum vilji brenna við í almennri umræðu að við séum hér einangraðir og engum háðir. Það er af og frá í nútímanum. Við eigum aðild að ýmsum alþjóðasamtökum og verðum að taka mið af ákvörðunum þeirra, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Tíðindin sem Geir H. Haarde flutti okkur frá Hong Kong í síðustu viku, um að stjórnvöld hér væru reiðubúin að lækka tolla og minnka framleiðslustuðning við innlendan landbúnað, eru í samræmi við þátttöku okkar í starfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þessi mál eru lengi búin að vera á döfinni og bara spurning um tíma hvenær við þurfum að laga okkur að þeim ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi stofnunarinnar. Það hittist þannig á að yfirlýsing fjármálaráðherrans á fundinum í Hong Kong kemur í sömu viku og kynnt var enn ein skýrslan um verð á matvælum hér á landi, en einn af þáttunum sem valda háu verði á matvörum hér er einmitt verð á innlendum landbúnaðarvörum.

Forráðamenn stærstu matvörukeðjanna hér á landi hafa fagnað yfirlýsingum fjármálaráðherra okkar og boða lægra matvöruverð í kjölfarið, en formaður Bændasamtakanna sagðist í viðtali við Fréttablaðið í gær ekki vilja fullyrða að verðlækkanir fylgdu í kjölfarið á ákvörðunum þeim sem teknar hafa verið á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það á eftir að kanna þessi mál til hlítar, en íslenskir bændur fá þó ákveðinn tíma til aðlögunar að nýjum reglum.

Í þessum efnum þurfa menn líka að horfa til fundarins í Brussel, en þar voru teknar ákvarðanir um að minnka niðurgreiðslur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Þessi mál eru bæði flókin og torskilin og eiga eftir að fara í gegnum mikla umræðu áður en endanleg niðurstaða fæst og ljóst verður hver hin raunverulegu áhrif beggja þessara alþjóðlegu funda verða á kjör manna bæði hér og annars staðar.

Það virðist ljóst að stórveldin þrjú í Evrópu, Bretar, Þjóðverjar og Frakkar, hafa samið um það sín á milli hvernig hægt væri að leysa ágreininginni varðandi fjárlög ESB, hin ríkin virðst hafa beðið í hliðarsölum eftir útspili stóru ríkjanna, sérstaklega nýju ríkin, sem eiga mikið undir því að hinir stóru og valdamiklu innan Evrópusambandsins séu örlátir gagnvart þeim sem minna mega sín. Á yfirborðinu verða svo allir að vera sammála, þótt hinir stóru ráði í raun ferðinni. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gagn af samskiptum

Halldór Guðmundsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, bloggar öðru hverju milli þess að hann situr við að skrifa bók um skáldin Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson. Í nýjasta pistlinum gerir hann sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn að umtalsefni. „Mér þykir mikið til koma til Dana og danskrar menningar. Ég held líka að Íslendingar hafi geysilega mikið gagn af samskiptum við Dani, hvort heldur er á menningarsviðinu, í íþróttum, viðskiptum eða bara á ferðalögum. En stundum spyr maður sig, á þessum gerbreyttu tímum: Þurfum við sendiráð í Danmörku? Gengur þetta ekki allt saman mjög vel fyrir sig án aðstoðar þess?“



### Dæmisaga

Og Halldór svarar með þessum orðum: „Nú á maður auðvitað ekki að miða allt við sjálfan sig, en samt finnst mér það svolítil dæmisaga í þessu tilfelli: Ég var fimm ár við nám í Danmörku, hafði sem bókaútgefandi mikil samskipti við danska kollega, lét prenta nokkrar milljónir bóka í Danmörku, seldi íslenskar skáldsögur þangað, hef átt þátt í að flytja marga danska höfunda til Íslands. Aldrei í þessari 25 ára samskiptasögu hef ég þurft á íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn að halda, svo ég muni, og svo er örugglega um fleiri.“

### Endurskipuleggja

„Þetta er ekki hugsað sem einhver sérstök sparnaðartillaga,“ segir Halldór, „en mætti ekki endurskipuleggja þessa fornlegu utanríkisþjónustu okkar miðað við raunverulegar þarfir fólk og samskiptahætti nútímans? Íslenska ríkið er á sannkölluðu fermetrafylleríi í Danmörku. Við eigum stóran sendiherrabústað í dönsku úthverfi, Alþingi á Jónshús á besta stað í Kaupmannahöfn sem er fáránlega vannýtt og stendur autt flesta daga, og svo erum við komin með sendiráð á Norðurbryggju þar sem örfáir hetjulegir starfsmenn hringla á mörg hundruð fermetrum. Er þetta skynsamleg og góð nýting á fólki og fé?“

gm@frettabladid.is

## Kona bara skilur þetta ekki

Í DAG
RÁÐHERRA JAFNRÉTTISMÁLA



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Framsóknarflokkurinn hefur enn ekki treyst sér til þess að skipa konu sem ráðherra jafnréttismála. Á sínum tíma var Alexander Stefánsson yfir þessum málaflokki; síðan þótti Framsóknarmönnum fara best á því að Páll Pétursson væri andlit og ásjóna jafnréttismála á landinu og loks var það Árni Magnússon ¿ títtnefndur.

Ekki man ég eftir því að Alexander Stefánsson léti mjög til sín taka í jafnréttismálum en framlag Páls Péturssonar til málaflokksins var eins og við munum að flytja jafnréttisstofu til Akureyrar. Árni hófst til valda sem ráðherra jafnréttismála með því að Siv Friðleifsdóttir var látin víkja sem ráðherra, þrátt fyrir dygga þjónustu við það mikla baráttumál flokksins og einkum þó formannsins, Halldórs Ásgrímssonar, að koma á fót Kárahnúkavirkjun. Þótt hann væri tæpur uppbótaþingmaður með enga reynslu af þingstörfum bolaði Árni þannig burt úr ráðherrasæti efsta manni Framsóknar í Reykjanesi ¿ konu sem náð hafði mun skárri árangri en formaðurinn í kosningum - og var tekinn fram yfir Jónínu Bjartmars, þingmann Reykvíkinga; hann gerði í félagi við bróður sinn tilraun til hallarbyltingar í Freyju félagi Framsóknarkvenna í Kópavogi; hann rak Valgerði Bjarnadóttur úr starfi sem stýru jafnréttisstofu – og hann hélt karlaráðstefnu.

*Árni hófst til valda sem ráðherra jafnréttismála með því að Siv Friðleifsdóttir var látin víkja sem ráðherra; hann var tekinn fram yfir Jónínu Bjartmars; hann gerði í félagi við bróður sinn tilraun til hallarbyltingar í Freyju félagi Framsóknarkvenna í Kópavogi; hann rak Valgerði Bjarnadóttur úr starfi sem stýru jafnréttisstofu - og hann hélt karlaráðstefnu.*

Það er ekki bara að hann hafi brotið lög með framferði sínu gagnvart Valgerði: gjörvallur ferill þessa jafnréttisráðherra Framsóknarflokksins stríðir gegn hugmyndum okkar um jafnrétti kynjanna.

Hjálmar Árnason þurfti að ganga í það mál að reyna að standa í vörnum fyrir ráðherrann og hafði sýnilega fengið rangar upplýsingar um samráð við ríkislögmann í uppsögninni. Hitt hljómaði einstaklega skringilega úr munni Hjálmars að Valgerður Bjarnadóttir hefði að mati þeirra Árna ekki verið nægilega trúverðug til að stýra jafnréttisstofu. Það gerðist í kjölfar þess að kærunefnd jafnréttismála hafði sett oní við leikhúsráð Akureyrar fyrir að ráða karlmann í stað konu sem virtist að mati kærunefndarinnar hæfari til starfans.

Ekki skal dregið í efa að Valgerður var þarna í dálitlum vandræðum sem formaður leikhúsráðsins; og hefði mátt fá einhverja áminningu ráðherrans. Val ráðsins á leikhússtjóra virðist hafa verið rangt – kannski fékk ráðið glýju í augun gagnvart drengnum að sunnan en treysti ekki stúlkunni sem alin var upp í bænum og aflað hafði sér menntunar. Þarna réðu eflaust einhver sér-akureyrsk vandamál sem ég hef ekki vit á. En að Valgerður hafi ekki verið trúverðugt andlit jafnréttismála í landinu er samt æði hraustlega mælt hjá Hjálmari Árnasyni, auk þess sem töffaraleg aðferðin við uppsögnina hjá Árna ber vitni um reynsluleysi hans og ungæðishátt í ráðherrastarfi. Var þetta ekki á þeim tíma þegar ungir menn í áhrifastöðum voru alltaf að reka fólk til hægri og vinstri til að sanna sig? Var þetta á þeim tíma þegar menn voru alltaf að taka vitlausar ákvarðanir og standa á þeim eins og hundar á roði bara til að sanna að þeir „gætu tekið erfiðar ákvarðanir“.

Valgerður Bjarnadóttir - ótrúverðug jafnréttisstýra? Að mati Framsóknarmanna? Sem enn hafa ekki treyst sér til að skipa konu sem ráðherra jafnréttismála? Hver sá sem hefur minnsta veður haft af femínisma og jafnréttismálum ætti að kannast við nafnið þó ekki væri nema frá þeim árum þegar við Hjámar lásum báðir Þjóðviljann og hún var að skrifa býsna ljóðrænar femínískar greinar um nornamenningu og gott ef ekki einhvers konar kvennaheiðni: Valgerður hefur svo sannarlega verið um árabil í fararbroddi meðal róttækustu femínista landsins. Ekki man ég betur en að hún hafi líka verið frumkvöðull í því að benda á það hversu karlmiðað tungumálið væri með því að hætta að nota orðið „maður“ sem tilvísunarfornafn – hætti að segja „maður bara skilur þetta ekki“ og „ja maður segir nú bara si-svona“ en tamdi sér þess í stað að segja: „kona bara skilur þetta ekki“ og „ja kona segir nú bara si-svona“– Það hefur áreiðanlega hlakkað í mörgum karlinum yfir óförum Valgerðar.

Um hitt, hvort Árni Magnússon eigi að segja af sér eður ei, veit ég ekki. Sjálfur talar hann um dóm kjósenda – sjálfsagt í þeirri vissu að engu skiptir hversu mjög kjósendur strita við að kjósa ekki Framsóknarflokkinn: hann er alltaf í stjórn. Af hverju? Tja, kona bara skilur það ekki.






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Jólagjöf til þín frá EJS

## Kauptu Dell Dimension fyrir jól og þú gætir fengið hana í jólagjöf!




Nú er rétti tíminn til að hressa upp á heimilistölvuna því ef þú kaupir Dell Dimension fyrir jól gætirðu fengið hana ókeypis. Við drögum í jólaleiknum okkar 17. og 24. desember og þá fá tveir heppnir viðskiptavinir tölvuna sína endurgreidda!

En jafnvel þó þú þurfir að borga færðu frábæra tölvu á hagstæðu verði, nýjustu örgjörva og íhluti og einstaklega vandaðan frágang. Veldu merki sem þú getur treyst og vertu með í jólaleik EJS!



### Dell Dimension 1100

| |
|---|
| Intel Celeron D 325 2.53GHz/533Mhz FSB 256k |
| 256MB 400MHz DDR vinnsluminni |
| 80GB (7,200 rpm) IDE harður diskur |
| 48x DVD/CD+RW Combo geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| Intel Extreme 2 skjástýring |
| AC97, ADI 1980 hljóðkort |
| Íslenskt lyklaborð & Logitech ljósamús |
| XP Home, Microsoft Works og Dell Media Experience |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **79.900,-** m/vsk



### Dell Dimension 5150

| |
|---|
| Intel Pentium 4 630 3.00GHz/2MB, 800MHz FSB & HT |
| 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni |
| 9-1 minniskortalesari (les öll algengustu minniskort) |
| 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur |
| 16x DVD+RW Dual Layer geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| 128MB ATI Radeon X300 SE skjákort |
| Microsoft XP Home SP2 |
| Microsoft Works 7.0 |
| Dell Media Experience 3.0 Deluxe |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **119.900,-** m/vsk

Dregið 17. og 24. desember. **Gleðileg jól!**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27 / ÍSAFIRÐI 456-5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

Fíton/SÍA FI015658

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

Opið 9–18 alla virka daga og 10–16 á laugardögum í verslun EJS, Grensásvegi 10

GJÖFIN HENNAR
DEKURDAGUR Í BAÐHÚSINU
ávísun á vellíðan



Komdu á óvart
gefðu henni Dekurdag í Baðhúsinu
í jólagjöf

LÚXUSDAGUR
* lúxus andlitsbað
* litun og plokkun
* lúxus handsnyrting
* lúxus fótsnyrting
* spa líkamsmeðferð
* léttar veitingar
* augnmaski
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

8 KLST. PAKKAVERÐ 25.900 KR.
FULLT VERÐ 30.100 KR.

DEKURDAGUR A
* lúxusandlitsbað
* augnmaski
* litun og plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* vax að hnjám
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

6-7 KLST. PAKKAVERÐ 24.900 KR.
FULLT VERÐ 28.400 KR.

DEKURDAGUR B
* andlitsbað
* augnmaski
* plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

5 KLST. PAKKAVERÐ: 19.600 KR.
FULLT VERÐ 21.800 KR.

DEKURDAGUR C
* nudd og maski
* litun og plokkun
* ljósatími
* handsnyrting
* fótsnyrting
* partanudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

4-5 KLST. PAKKAVERÐ: 18.300 KR.
FULLT VERÐ 19.910 KR.

hönnun:linda@isf.is

ICELAND
SPA & FITNESS
Brautarholti 20 105 Reykjavík
sími 561 5100 mottaka@isf.is
www.isf.is




# Er 30% launahækkun í lagi?

**UMRÆÐAN**
VERÐBÓLGA




**HANNES G. SIGURÐSSON**
AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS


*„Meginástæður verðbólgunnar á Íslandi eru miklar launahækkanir“*

Það eru ekki mörg dæmi þess í þróuðum ríkjum að launakostnaður hækki um 30% í kjarasamningum, eða sem nemur 10% árlega, eins og samið var um í byrjun þessa mánaðar í kjarasamningi Reykjavíkurborgar við tvo stærstu viðsemjendur sína. Eðlilegt er að spurt sé hverju þetta sæti og hvort þessar hækkanir smitist ekki út um allan vinnumarkaðinn og valdi mikilli verðbólgu þegar öll áhrifin eru komin fram.

Verðbólgan

Það hefur verið of mikil verðbólga á Íslandi á þessu ári og leiddi það til þess að kjarasamningar voru endurskoðaðir með aðkomu ríkisins. Undanfarin ár hefur verðbólgan einnig verið allt of mikil. Á árabilinu 1999 til 2005 hækkaði verðlag á Íslandi um 33% sem reiknast sem 4,1% árleg hækkun að meðaltali. Á sama tíma hækkaði verðlag í evru-löndunum um 14% eða sem nemur 1,9% árlega að meðaltali. Verðbólgan á Íslandi hefur sem sagt verið tvöfalt meiri en á okkar helsta viðskiptasvæði á undanförnum árum. Enginn spáir því að 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar náist á næstu tveimur árum.

### Launahækkanir

Meginástæður verðbólgunnar á Íslandi eru miklar launahækkanir. Á síðustu sjö árum, 1999-2005, hafa laun skv. launavísitölu hækkað um 56%, þar af á almennum vinnumarkaði um 50% og hjá hinu opinbera um 67%. Að meðaltali hafa árlegar launahækkanir numið 6,6%, þar af 5,9% á almennum markaði og 7,6% hjá hinu opinbera. Til samanburðar hafa laun hækkað um 15% að meðaltali á almennum vinnumarkaði í Evrulöndum á þessu tímabili sem reiknast sem 2,0% árlega. Þessi einfalda staðreynd um meginorsök verðbólgu á Íslandi vefst fyrir ótrúlega mörgum.

### Samhengi hlutanna

Önnur staðreynd sem vefst fyrir mörgum er að launabreytingar samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma geta ekki verið mjög mismunandi frá einum samningi til annars. Í upphafi hvers samningstímabils myndast ákveðin stefna um hækkanir í kjarasamningum við gerð fyrstu samninganna og er síðan reynt að fylgja þeirri stefnu í aðalatriðunum í þeim samningum sem sigla í kjölfarið. Veruleg frávik frá launastefnunni eru óframkvæmanleg nema þau byggi á víðtækum skilningi í þjóðfélaginu á nauðsyn breyttrar stöðu viðkomandi hóps eða starfsgreinar í launastiganum. Ella myndi myndast spírall stigvaxandi launahækkana sem endar með óðaverðbólgu og hruni. Slíkt atferli var meginreglan í launasamningum hér á landi fyrir nokkrum áratugum og var líkt við höfrungahlaup.

### Launastefnan og hinir lægst launuðu

Hlutfallið milli launataxta og raunverulega greiddra launa er einnig tregbreytanlegt. Í kjarasamningunum 1997 og aftur árið 2000 voru lægstu launataxtar hækkaðir verulega umfram laun almennt án þess að það leiddi síðar til samsvarandi hækkana á greiddum launum. Kaupmáttur lágmarkslauna hefur hækkað um rúm 60% frá ársbyrjun 1995 til þriðja ársfjórðungs 2005 samanborið við 29% á almennum vinnumarkaði. Skýringin á því hvers vegna þetta var hægt er sú að á fyrri hluta tíunda áratugarins lækkaði hlutfall launataxta og greiddra launa það mikið að svigrúm var til hækkunar þess án hliðaráhrifa. Sú staða er ekki uppi nú.

### Keðjuverkandi áhrif samninganna

Það er ástæða til að óttast að samningar borgarinnar muni hafa keðjuverkandi áhrif á aðra samningsgerð. Kröfur leikskólakennara um „leiðréttingu“ hafa ekki farið leynt og sam heyrist frá starfsmannafélögum annarra sveitarfélaga. Félög iðnaðarmanna, sem gerðu samninga við borgina í janúar sl. hafa beintengingu við nýgerða samninga og borgin á eftir að semja við félög háskólamanna. Samningar sveitarfélaganna við starfsmannafélögin og kennarafélögin hafa haft og munu hafa áhrif á samninga ríkisins við sína viðsemjendur. Nýgerðir samningar skapa nýja viðmiðun sem stéttarfélögin í landinu og viðsemjendur þeirra munu máta sig við. Áhrifin á almenna vinnumarkaðinn má greina í tvo farvegi. Annars vegar mun launaskrið að öllum líkindum aukast þar sem stjórnendur fyrirtækja munu reyna að verjast því að sveitarfélögin dragi starfsmenn þeirra út úr fyrirtækjunum og inn í störf í sveitarfélögunum. Hins vegar munu stéttarfélögin á almenna markaðnum, þegar fram í sækir, leitast við að jafna taxta sína við launataxta sveitarfélaganna, sem í flestum tilvikum eru hærri.

### Verðbólgusamningar

Samningar borgarinnar við viðsemjendur sína eru verðbólgusamningar. Verðbólga veldur tjóni og baráttan við hana líka þar sem landsmenn þurfa að búa við hærri vexti en annars þyrfti að vera og fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni blæðir vegna hágengis. Kjarasamningar með miklum prósentuhækkunum veikja því atvinnulífið og rýra lífskjörin þvert á það sem stefnt var að við gerð þeirra. Þetta er gömul saga á Íslandi, sem vonast var til að dýrkeypt reynsla hefði kennt að yrði ekki endurtekin, en því miður virðast hörmungar verðbólguáranna fyrir 1990 að mestu vera gleymdar.

allt - fasteignir
ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS
FRÉTTABLAÐIÐ

hús o.fl. Grétar Ólason duglegur að skreyta bls. 2
Margrét Pálma hrifin af steinhúsum. bls. 6
fasteignir o.fl. Vesturbær Reykjavíkur. bls. 12
Falleg eign í Haukalind bls. 17

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.20 | 13.25 | 15.30 |
| Akureyri | 11.36 | 13.10 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

*Góðan dag!*

Í dag er mánudagurinn 19. desember, 353. dagur ársins 2005.

## FASTEIGNASÖLUR

| | |
|---|---|
| Ás | 10 |
| Bifröst | 13 |
| Draumahús | 19 |
| Eignastýring | 11 |
| Fasteignastofan | 18 |
| FMG | 9 |
| Foss | 10 |
| Hóll | 11 |
| Hraunhamar | 18 |
| Miðborg | 14 |
| Nýtt | 8 |
| Remax | 11, 16, 17 og 20 |

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



Húsið er glæsilegt að utan.

# Tveggja hæða íbúð í glæsilegu hornhúsi

***Tveggja hæða eign er til sölu í fallegu húsi í Vesturbænum. Henni fylgir bílskúr innréttaður sem íbúð ásamt gufubaði.***

Fasteignasalan Foss er með 187,1 fermetra eign til sölu sem skiptist í hæð og ris. Henni fylgir 68,1 fermetra bílskúr sem hefur verið innréttaður sem íbúð. Bílskúrinn er tilvalinn til útleigu en í honum er jafnframt gufubað. Eignin hefur verið tekin nokkuð mikið í gegn og er húsið í góðu ástandi.

Sér inngangur er að íbúðinni og er komið inn í flísalagða forstofu. Eldhús hefur nýlega verið tekið í gegn og er með fallegri innréttingu. Stofa og borðstofa eru í alrými og gegnheilt parkett á gólfi. Svefnherbergi er á neðri hæð með parketti á gólfi og geymsla undir stiga. Þrjú parkettlögð svefnherbergi eru í risi ásamt flísalögðu baðherbergi.

Ásett verð er 49,9 milljónir.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ FASTEIGNIR ]**

**Kringlan** er að stækka. Unnið er að 1800 fermetra viðbyggingu á tveimur hæðum. Íslenskir aðalverktakar sjá um framkvæmdirnar fyrir Fasteignafélagið Stoðir. Fyrirhugað er að taka húsnæðið í notkun á vormánuðum og þá ætlar verslunin Next að vera búin að koma sér þar fyrir.



**Tvær** áhorfendastúkur verða reistar við Laugardalsvöllinn á næstunni, um 1.000 fermetra hvor. Einnig er áætlað að byggja 800 fermetra hús við vesturhlið núverandi bygginga við völlinn. Það á að hýsa skrifstofur KSÍ og fræðslumiðstöð. ÍSTAK sér um framkvæmdirnar.

**Fimm skrifstofuturnar** eiga að rísa á staðnum sem Tvíburaturnarnir í New York stóðu áður. Breski arkitektinn Norman Foster hefur verið valinn til að hanna einn af þeim en hann hefur meðal annars teiknað Hearst-turnana á Manhattan og flugstöðina í Peking.

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 30261 11/2005

**Jólakransar** eru mjög fallegt skraut á útidyrahurðir. Það er hægt að föndra kransana heima og það getur verið skemmtilegt að hafa spjald með nöfnum heimilismanna á kransinum.






**Evíta** • Starmýri 2, 108 Rvík • s: 553-1900 www.evita.is

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Rc Hus Grensasvegi 22. Simi 511 5550. Veffang. www.rchus.is


Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.
Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
ENGIN MÁLNINGAVINNA
HVORKI FÚI NÉ RYÐ
FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
FALLEGT ÚTLIT
MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING
PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is




Grétar kveikir á ljósaskreytingunum fyrsta sunnudag í aðventu.

# Aldrei með sama skrautið ár eftir ár

***Grétar Ólason er mikill jólakarl. Hann býr á Týsvöllum 1 í Reykjanesbæ og umhverfi hans er ævintýralegt á þessum árstíma.***

„Ég hef alltaf skreytt gríðarlega mikið. Held ég hafi það frá mömmu," segir Grétar og verður ekki rengdur þegar hann kveðst hafa virkilega gaman af að útbúa skreytingarnar. „Ég byrja kringum byrjun nóvember að taka upp úr kössum, fara yfir dótið og ákveða hvað ég ætla að nota í ár því ég er aldrei með það sama. Bæði kaupi ég alltaf eitthvað nýtt um hver jól og svo hef ég áraskipti á skrautinu. Á tuttugu feta gám með dóti og svo er ég með tvö háaloft." Ekki vill Grétar meina að hann sjálfur hafi smitast af Kananum en segir nábýlið við hann þó eflaust hafa haft sín áhrif. „Þegar Kaninn leigði hér í Keflavík skreytti hann miklu meira en við Íslendingar." Grétar hefur þann hátt á að kveikja á öllum sínum ljósum fyrsta sunnudag í aðvetnu. Húsið hans hefur oftar en einu sinni verið í fyrsta sæti í samkeppni um ljósahúsið í Reykjanesbæ en þvertekur fyrir að hann skreyti vegna verðlauna. „Ég hef verið með tillögu um að þeir sem vinni eitt árið séu settir í dómnefnd næst og megi ekki velja eigin hús til að þetta dreifist sem víðast. Það verkar hvetjandi." Húsið hans Grétars laðar marga að á jólaföstunni og oft sér hann flassblossa frá ljósmyndurum úti fyrir á kvöldin. ■



Öllu er listilega fyrirkomið hjá Grétari, hvort sem það er stórt eða smátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Það kemur alltaf eitthvað nýtt á hverju ári. Þennan kofa smíðaði Grétar í haust til að láta hann hýsa jólafjölskylduna sem fyrri ár hefur ekki haft þak yfir höfuðið.


OPIÐ TIL KL. 22
MIÐBORGIN
JÓLALEGA
Sölustaðir
Penninn
Mál og Menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða
MIÐBORGAR GJAFAKORTIÐ
305 verslanir
Næg bílastæði


brunavarnir }

## Eldhætta um jólin

SLÖKKVILIÐIÐ KANNAR REGLULEGA ELDVARNIR STÆRRI VERSLANA UM JÓLIN TIL AÐ MINNKA LÍKUR Á ELDSVOÐUM OG TJÓNI.

Nú fer í hönd sá árstími þar sem notkun kertaskreytinga eykst í verslunum og heimahúsum. Á þessum árstíma eru hillur búða drekkhlaðnar vörum og mikið fellur til af umbúðum. Því er mikið um eldmat og oftar en ekki margt um manninn í verslunum. Slökkviliðið vill beina þeim tilmælum til verslunareigenda að brunaviðvörunarkerfi séu í lagi og yfirfarin, að útgöngu- og neyðarljós séu í lagi, að slökkvitæki séu yfirfarin, að eldvarnateppi séu þar sem þau eiga að vera, að flóttaleiðir séu ekki tepptar, að rusl safnist ekki upp í eða við verslanir og að allar flóttaleiðir séu greiðar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins býður einnig upp á ókeypis brunaúttekt á fjölbýlishúsum sé þess óskað. Hægt er sækja þessa þjónustu á www.shs.is.



## RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR TEKUR TIL FYRIR JÓLIN

# Tökum til hendinni

NÚ ER KOMIÐ AÐ JÓLATILTEKTINNI. BYRJIÐ Á AÐ REIÐAST SMÁ TIL AÐ KOMA YKKUR Í GÍRINN. RÝMIÐ SVO ÖRLÍTIÐ TIL Í GEYMSLUNNI OG HEFJIST HANDA.

**Forstofa:** Flest skal í skápa, skúffur eða körfur. Sumaryfirhafnir og sumarskór fara í gegnsæja plastkassa og niður í geymslu svo auðveldara sé að finna það aftur. Skór fara á skóhillu eða skóskáp og vettlingar og húfur í kommóðuskúffu eða veggkörfur. Alla inniskó má setja í körfu. Setjið snaga upp í réttri hæð fyrir börnin svo þau geti hengt upp sjálf.

**Eldhús:** Út með óþarfa leirtau, lítið notað leirtau er sett í efstu hillur og kryddstaukar í litlar plastkörfur sem fást víða fyrir slikk. Látið bökunarkrydd í sér körfu og súpu- og sósupakka í aðra. Þá verður auðvelt að hafa reglu í djúpum skáphillum og finna hluti. Pakkamatur sem búið er að opna eins og flórsykur, haframjöl o.fl. fer í glærar krukkur með þéttu loki. Farið í gegnum pappíra, hendið grimmt, hitt fer í möppu.

**Efstilundur 9 - einbýli - 210 - Garðabær**

Einbýlishús á einni hæð með stórum sambyggðum bílskúr, stór gróinn garður, möguleiki á 5 svefnherbergjum.Eldhús er endurnýjað með rúmgóðri innréttingu og góðum borðkrók.

**Verð 48,7 millj.**

Tegund eignar: Einbýli
Stærð: 195,5 fm.
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 25,8 millj.
Bílskúr: 45 fm (innifalinn í stærð hússins)



**Heiðargerði 64 - einbýli - 108 - Reykjavík**

Sérlega fallegt og vel skipulagt 152fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 42fm bílskúr. Fallegir franskir gluggar eru í húsinu. Húsið er mjög vel staðsett innst í botnlanga.

**Verð 47,8 millj.**

Tegund eignar: Einbýli
Stærð: 194 fm.
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 25 millj.
Bílskúr: 42 fm (innifalinn í stærð hússins)



**Ásbúð 28 - einbýli - 210 Garðabær**

Rúmgott einbýli á einni hæð með bílskúr og stórum grónum garði með palli og heitum potti. 6 svefnherb., sjónvarpshol og 2 uppgerð baðherb., annað með hornbaðkari, sturtuklefa og saunaklefa innaf.

**Verð 44,5 millj.**

Tegund eignar: Einbýli
Stærð: 230,5 fm.
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 12,4 millj.
Bílskúr: 28 fm (innifalinn í stærð.



**Birtingakvísl 48 - raðhús - 110 RVK**

7 herbergja raðhús á 3 pöllum með aukaíbúð og bílskúr. Aðalíbúð: Samliggjandi stofa og eldhús með útgengt út í garð. Efri pallur: 2 rúmgóð svefnherbergi og rúmgott baðherb.. Aukaíbúð á neðstu hæð.

**Verð 39,5 millj.**

Tegund eignar: Raðhús
Stærð: 185,3 fm.
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1987
Brunabótamat: 24 millj.
Bílskúr: 27,7 (innifalin í stærð íbúðar)



**Vogatunga 24 - raðhús - 200 Kóp**

Raðhús á 2 hæðum með 2 aukaíbúðum, bílskúr, 40 fm. ófrágengnu rými og frábæru útsýni. Neðri hæð: 2 aukaíbúðir með sérinngangi.

**Verð 43,7 millj.**

Tegund eignar: Raðhús
Stærð: 266,5 fm.
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 26,5 millj.
Bílskúr: 26,4(innifalinn í stærð íbúðar)



**Rjúpnasalir 12 - 200 Kópavogi**

Glæsileg íbúð á 2.hæð . Allar innréttingar,innihurðir og skápar eru sérsmíðaðar úr birki.Baðherbergi er mjög vandað, flísalagt í hólf og gólf með baðkari.

**Verð 22,9 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 94 fm.
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 14,1 millj



**Sólvallagata 9 - 101 RVK**

Glæsileg efsta hæð með útsýni í allar áttir. 3 svefnherbergi, Stórar samliggjandi stofur og vandað eldhús með Brúnás innréttingu. Baðherb. með baðkari.

**Verð 37,9 millj.**

Tegund eignar: Hæð
Stærð: 103 fm.
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1936
Brunabótamat: 12,4 millj



**Burknavellir 17b - 3ja herb - 221 Hafn**

3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérafnotarétti af garði. 2 svefnherbergi, bæði með parketi og skápum. Eldhús og stofa opið rými, útgengt í garð frá stofu.

**Verð 18,3 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 86,9 fm.
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 12,8 millj.



**Kríuhólar 6 - 5JA - 111 RVK**

5 herbergja íbúð á 2 hæð í litlu snyrtilegu fjölbýli, 4 svefnherbergi, stofa með nýlegu plastparketi Eldhús með rúmgóðum borðkrók.

**Verð 18,5 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 111,6 fm.
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 14,1 millj.



**Fagrahlíð 5 - 220 Hafnarfirði**

Falleg 2ja herb.íbúð á tveimur hæðum, með sér verönd. Eldhús er með fallegri innréttingu. Öll íbúðin er mjög stílhrein og samskonar parket og innréttingar eru í allri íbúðinni.

**Verð 16,9 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 68,1 fm.
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 10,2 millj.



**Suðurhólar 4 - 4JA - 111 RVK**

4ja herbergja íbúð á 4 hæð með frábæru útsýni, 3 svefnherbergi, Eldhús með eikarinnréttingu og borðkrók, Stofa með parketi. Baðherb. með baðkari.
LAUS STRAX

**Verð 17,5 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 106 fm.
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 12,2 millj



**Lækjarfit 7 - 2ja h - 210 Garðabær**

2ja herb.íbúð með sérinngangi og sérgarði. Herbergi með plastparketi. Baðherbergi með sturtuklefa.Stofa og eldhús er opið rými, l-laga innrétting með efri og neðri skápum.

**Verð 13,6 millj.**

Tegund eignar: Fjölbýli
Stærð: 61,8 fm.
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1946
Brunabótamat: 8 millj.


## 108 Reykjavík: Sólpallur með sólhýsi og arni

**Fasteignasalan Draumahús er með til sölu fallegt 295 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á einum vinsælasta stað í höfuðborginni.**

**Lýsing:** Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskáp. Miðrými og setustofa með parketi á gólfum, arinn og útgengi á sólpall með fallegu sólhýsi. Rúmgóð stofa og borðstofa með viðarklæddum veggjum úr vengi. Úr stofunni er útgengt á suðaustursvalir. Eldhús með eikarinnréttingu, korkflísum á gólfi, borðkróki og búri. Eikarparkett á gangi og fataskápar. Þrjú parkettlögð svefnherbergi og eitt sjónvarpsherbergi sem sameinað var úr tveimur herbergjum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með baðkari, sturtu og innréttingu. Vinnuherbergi er á neðri hæð hússins.



**Úti:** Ræktuð lóð. Eignin er klædd að utan og í afar góðu ástandi bæði að innan sem utan.

**Annað:** Séríbúð er á jarðhæð sem í dag er í útleigu en auðvelt væri að sameina hana við aðalíbúð. Sérinngur er í íbúðina. Flísalögð forstofa, eldhús með innréttingu. rúmgóð stofa, baðherbergi með sturtu og svefnherbergi með fataskáp.
Geymsla er á jarðhæð og bílskúrinn er með heitu og köldu vatni.

**Fermetrar:** 295,2 - þar af 29,7 fermetra bílskúr. **Verð:** 69 milljónir **Fasteignasala:** Draumahús

## 201 Kópavogur: Útiarinn og fallegt útsýni

**Haukalind 25: Raðhús á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum og bílskúr.**

**Lýsing:** Á neðri hæð er flísalögð forstofa með fataskápum, flísalagt hol, þrjú parkettlögð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með baðkari og innréttingu, þvottahús og geymsla. Stigi liggur upp á efri hæð en af stigapalli er hægt að ganga út í afgirtan garð, fyrst með palli og síðan grasi.
Á efri hæð er parkettlagt hjónaherbergi og baðherbergi með flísum og sturtuklefa. Enn fremur eru stofa og eldhús í opnu rými en fallegt útsýni er úr stofunni. Eldhús er með l-laga innréttingu og eyju.



**Úti:** Garður er fyrir utan húsið, þar á meðal góður pallur með útiarni.

**Annað:** Örstutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu.

**Fermetrar:** 184,8. **Verð:** 43,8 milljónir. **Fasteignasala:** RE/MAX

# Draumahús 530 1800



## 2ja herbergja

### Snorrabraut - 105 Rvk



**13.500.000**
Mjög góð 51,1 fm auk ca 5-6 fmgeymslu 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með suðursvölum. Gengið er inn í íbúðina af Grettisgötu.

### Öldugrandi - 107 Rvk



**15.900.000**
Björt og skemmtileg 2ja herb., 56,3 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Vesturbæ Reykjavíkur - Aðeins 5 íbúðir í húsinu og 2 hæðir.

## Draumaeign

### Eskihlíð - 105 Rvk



**17.900.000**
Virkilega falleg 78,4 fm 2ja herb. íbúð í kjallara með sérinngangi. Að utan var húsið allt endurnýjað í sumar.

## 3ja herbergja

### Iðufell - 111 Rvk



**14.500.000**
Góð 3ja herbergja, 84,2 fm íbúð á 4. og efstu hæð í mjög góðu húsi í Fellahverfinu í Reykjavík

### Mjölnisholt - 105 Rvk



**19.400.000**
Virkilega falleg 3ja herbergja íbúð í tvíbýli á 2. hæð með 2,70 m. lofthæð og fallegum gluggum auk geymslulofts í risi.

## Draumahús

# Föst lág söluþóknun!

## Yfir 200 eignir í sölu.

## Stórar og enn stærri ljósmyndir ásamt hringmyndum af öllum eignum á www.draumahus.is

## Hvernig vilt þú að þín eign sé kynnt?

## Ef þú ert í fasteignahugleiðingum hafðu þá samband við

Draumahús

# 530 1800

## 4ra til 7 herbergja

### Fellahvarf - 203 Kóp



**35.900.000**
Stórglæsileg 4ra herb. 120 fm sérhæð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Eikarinnréttingar og hurðir og eikarparket. Einstakt útsýni!

### Kambasel - 109 Rvk



**25.900.000**
Virkilega falleg 147,8 fm 5 herb. íbúð á 2. hæð og risi í raðhúsi. Stutt í skóla og alla þjónustu

## Draumaeign

### Grettisgata - 101 Rvk



**29.900.000**
Fallegt 4 herbergja 86 fm einbýlishús með sérbílastæði við Grettisgötu í Rvk. Húsið er allt nýlega uppgert að innan sem utan, rafmagn allt nýlega tekið í gegn og yfirfarið

### Naustabryggja - 110 Rvk



**29.900.000**
Einstaklega falleg 131,2 fm 6 herbergja íbúð á 3. hæð og 4. hæð í vönduðu fjölbýli. Vandaðar innréttingar úr kirsuberjavið og parket úr sama við.

### Rjúpufell - 111 Rvk



**17.500.000**
Fallega 4 herbergja 108,3 fm íbúð á 2 hæð. Plastparket á öllum gólfum, húsið allt nýlega tekið í gegn að utan. Góð eign.

### Reykás - 110 Rvk



**16.900.000.**
Falleg 78,6 fm 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarð og sólpall.

### Skipasund - 104 Rvk



**16.900.000**
Virkilega falleg og mikið endurnýjuð, 3ja herbergja, 72 fm risíbúð í Sundunum í Reykjavík.

### Stóragerði - 108 Rvk



**17.500.000**
Góð 3 herb. 92,9 fm íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli ásamt íbúðarherb. í kjallara, Frábær staðsetning - stutt í alla þjónustu og skóla

### Sörlaskjól - 107 Rvk



**16.400.000**
Góð 3 herbergja 63 fm íbúð með sérinngangi.

## Einbýli

### Skólabraut - 250 Garður



**20.500.000**
5 til 6 herb. einbýli á einni hæð 113,2 fm auk 38,9 fm bílskúrs alls skráð 152,1 fm Að auki er viðbyggð stofa u.þ.b. 18 fm. Húsið er nýlega Steniklætt.

### Byggðarendi - 108 Rvk



**69.000.000**
Einstaklega fallegt 295,2 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 29,7 fm bílskúr. Séríbúð á jarðhæð sem leigð er út í dag.

# Föst söluþóknun

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is





# Jórsalir 16

201 Kópavogur

Opið hús **í dag** kl. 18.00 - 19.00

**Verð: 74.600.000**
Stærð: 271 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 39,8 millj.
Bílskúr: já

RE/MAX kynnir sérlega glæsilegt 271 fm einbýli við opið svæði í lokaðri götu á þessum eftirsótta stað. Húsið verður afhent fullbúið að innan. Mikil lofthæð er í öllu húsinu sem er með innbyggðum 43,7 fm bílskúr. Húsið er sérlega glæsilegt og íburðamikið. Bogadregnir mahogny gluggar og hurðir. Mahogny fulningahurðir eru í bílskúr. Á gólfum er massíf hnota þar sem ekki eru flísar. Hiti er í öllum gólfum með þráðlausri stillingu og nema úti. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar og sérlega glæsilegar. Á neðri hæð er forstofa, gestasnyrting með sturtu, þvottahús, stofa með uppteknu lofti (lofthæð 3 metrar með útveggjum), glæsilegt eldhús, granít og hnota á borðplötum, þrjú stór parketlögð svefnherbergi og glæsilegt baðherbergi. Granít er í gluggakistum. Innangengt í tvöfaldan jeppabílskúr. Úr holi er steyptur hnotulagður stigi með glæsilegu sérsmíðuðu handriði, í turnherbergi.Turnherbergið er með 360 gráðu útsýni og er um 30 fermetrar. Hér er á ferðinni einstök eign fyrir vandláta. Nánari skilalýsingu er hægt að nálgast hjá sölufulltrúum REMAX.

RE/MAX® KÓPAVOGUR



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Magga
Sölufulltrúi
698 7494
magga@remax.is



Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is

RE/MAX® KÓPAVOGUR









# Svarthamrar 38

112 Reykjavík

Opið hús **í dag** kl. 17:00 – 17:30

**Verð: 17.900.000**
Stærð: 92,4 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1988
Brunabótamat: 13,1 millj.

REMAX kynnir 93 fm þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í góðu fimm íbúða fjölbýli. Forstofan er flísalögð, eldhúsið er með ljósri innréttingu og dúk á gólfi, tvö svefnherbergi með ágætis skápum og dúk á gólfum, baðherbergi er flísalagt að hluta og tengi fyrir þvottavél, stofan er björt og parketlögð með litlum flísalögðum sólskála sem setur skemmtilegan svip á stofuna. Í garðinum, sem er afgirtur og sér, er upplagt að setja pall í framtíðinni.



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Magga
Sölufulltrúi
698 7494
magga@remax.is



Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is







RE/MAX® KÓPAVOGUR

# Hraunbær 56

110 Reykjavík

Opið hús **í dag** kl. 18.00 - 18.30

**Verð: 16.500.000**
Stærð: 83.8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1967
Brunabótamat: 11,4 millj.

**Laus fyrir jól.**

Góð 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Forstofa er með góðum fataskáp og flísum á gólfi. Eldhús er með hvítir innréttingu, gas og helluborði, mosaikflísar eru milli skápa. Stofa og hol samliggjandi, tvö herbergi annað með skáp. Flísalagt baðherbergi með baðkari, tengi fyrir þvottavél.



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Hrafnhildur
Sölufulltrúi
869 8150
hrafnhildur@remax.is







RE/MAX® KÓPAVOGUR

# Jónsgeisli

113 Reykjavík

**Frábært útsýni**

**Verð: 44.700.000**
Stærð: 230,4 fm
Fjöldi herbergja: 6-7
Byggingarár: 2005

Tveggja hæða raðhús, 230,4 fm. með innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað. Á efri hæð er gert ráð fyri bílskúrnum, forstofu, gesta salerni, forstofuherbergi og samliggjandi eldhúsi, borðstofu og stofu. Á neðri hæð er gert ráð fyrir sjónvarpsholi, þremur herbergjum stóðu baðherbergi, þvottahúsi og geymslu. Húsið skilast fullbúið að utan og nær tilbúið til innréttinga í febr.- mars 2006.
*Nánari skilalýsing og teikningar á söluskrifstofu.*



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Hrafnhildur
Sölufulltrúi
869 8150
hrafnhildur@remax.is

# RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



## Fagrihjalli 46




200 Kópavogur
Herbergi: 8
Fermetrar: 222,1
Byggingarár: 1991
Brunab: 27,8 millj.
Verð: 43.900.000

**Fallegt og bjart parhús á vinsælum stað í suðurhlíðunum í Kópavogi með jeppafærum bílskúr.**
Húsið er 2 hæðir + ris. Á fyrstu hæð eru forstofa, 2 svefnherbergi, vaskahús og baðherbergi. Önnur hæð skiptist í opna og bjarta stofu með garðskála þaðan sem er útgegnt á sólríkan pall. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðstofu, að auki baðherbergi með baðkari. Í risi er síðan hjónaherbergi með sér salerni og svefnherbergi sem í dag er nýtt sem vinnuherbergi. Bílskúrinn er rúmgóður og sem fyrr segir nógu hár til að koma jeppa vel þar inn..

## Flétturimi




112 Reykjavík
Herbergi: 2
Fermetrar: 67,3
Byggingarár: 1993
Brunab: 8,6 millj.
Verð: 16.900.000

Flétturimi, 2ja herbergja 112 Reykjavík
Um er að ræða smekklega 2ja hb. Íbúð með mikilli lofthæð. Björt og falleg. Íbúðin skiptist í eldhús stofu, svefnherbergi, baðherbergi og skrifstofuloft. Hafið samband og bókið tíma fyrir skoðun.

## Sólvallagata 48b




112 Reykjavík
Herbergi: 2
Fermetrar: 75,1
Byggingarár: 1943
Brunab: 8,5 millj.
Verð: 13.400.000

**Um er að ræða íbúð á jarðhæð í bakhúsi á vinsælum stað í gamla Vesturbænum.**
Íbúðin skiptist í flísalagt hol, stofu með ljósu plastparketi, eldhús með nýrri innréttingu, svefnherbergi og baðherbergi með flísum og sturtu. Tengi fyrir þvottavél á baði. Stofan er gluggalaus, en rúmgóð og opin. Í sameign er teppalagður stigagangur með nýlegu teppi og nýlega málaður.

## Eyrarholt 5




220 Hafnarfirði
Herbergi: 4
Fermetrar: 106,5
Byggingarár: 1992
Brunab: 13,4
Verð: 18.600.000

**Re/max Kópavogi kynnir: 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í litlu fjölbýli.**
Íbúðin skiptist í rúmgott hol, 3 svefnherbergi með dúk á gólfi og ágætum skápum, baðherbergi með baðkari, eldhús með ljósri innréttingu og teppalagða stofu með stórum svölum. Þvottahús með glugga í íbúðinni og ágæt geymsla í sameign.

## Skálabrekka





Þingvallavatn

Eignalóðir á hreint stórfallegum stað við Þingvallavatn í Skálabrekkulandi, þar af 2 lóðir sem seldar verða með glæsilegum einbýlishúsum sem verða afhent rúmlega fokheld.

Nánari upplýsingar veita sölufulltrúar, Baldvin og Sæunn í síma eða á tölvupósti.

## Eskivellir 7





221Hafnarfjörður
Herbergi: 2-4
Fm: 79,9 – 147,6
Bílageymsla:
með flestum eignum
Verð: frá 16.100.000

Vorum að fá í sölu nýtt fjölbýlishús í Hafnarfirði. 2ja - 4ra herbergja íbúðir á fimm hæðum með sér inngangi af svölum . Allar íbúðir með svölum að fyrstu hæð undanskilinni þar sem verður verönd. Íbúðinrar afhendast fullbúnar að innan án gólfefna, en gólf á baðherbergjum og þvottahúsum verða flísalögð. MODULA innréttingar og hurðar frá BYKO og einnig tæki. Hægt verður að velja milli viðartegunda ef íbúðin er keypt nógu snemma. Húsið verður steinsteypt og sallað að utan með ljósum Marmarasalla.

**www.remax.is**

---

RE/MAX KÓPAVOGUR
Þórarinn Jónsson hdl. löggiltur fasteignasali

# ER EIGNIN ÞÍN AÐ FÁ TOPP ÞJÓNUSTU ?

Markmið okkar er að veita þér bestu fáanlegu þjónustu í fasteignaviðskiptum

Þjónusta sem við veitum ásamt löggiltum fasteignasala er eftirfarandi:

- Verðmat skuldbindingarlaust
- Notum fagljósmyndara til að taka myndir
- Útbúum eignamöppu með öllum nauðsynlegum upplýsingum
- Auglýsum eignina á áberandi máta
- Höldum opið hús og auglýsum það í RE/MAX blaði Fréttablaðsins
- Sýnum alltaf eignina
- Erum í sambandi við þig og væntanlegan kaupanda
- Höfum virka eftirfylgni í söluferlinu
- Hjálpum þér að finna eign
- Lofum þér góðri þjónustu og ráðgjöf

HRINGDU NÚNA OG FÁÐU FRÍTT SÖLUMAT



*Við óskum ykkur innilega gleðilegra jóla*

Sæunn
Sölufulltrúi
**864 3338**
saeunn@remax.is



Baldvin
Sölufulltrúi
**892 3330**
baldvin@remax.is

## Hestamennska

**Eik**
Eikarplankar í hesthús og annað. Heflað og nótað. Eikarstíur, s. 691 8842.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu glæsileg 3ja herb. íbúð í tvíbýli í 104 á tímabilinu 28. des til 15. mars. Með húsgögnum og húsbúnaði. Verð 80 þús. kr. á mánuði. S. 897 3099

Glæsilegar fullbúnar íbúðir til leigu í 101 Reykjavík, íbúðirnar eru með fullbúnu eldhúsi, húsgögnum, sjónvarpi, og DVD spilara. Upplýsingar í síma 863 0403. Íbúðirnar eru lausar.

Til leigu í 3 mán. frá 3ja jan. 2ja herb. íbúð í Búðargerði með sérinngangi. Leiga 75 þús. á mán. m. rafm. og hita. Uppl. í s. 845 4220.

## Húsnæði óskast

Ungur einstæður faðir leitar eftir fjölskyldu vænu herbergi eða studió íbúð. Helst á Höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa upplýsingar um fjölskyldu vænan stað hafið samband í s: 822 1532

**Atvinnuhúsnæði**
Listamanna hópur leitar að vinnuaðstæðu á Höfuðborgarsvæðinu. Þarf helst að vera rúmgott rými. Þeir sem hafa eitthverjar upplýsingar hafið samband í s:616 7490

Hjón á miðjum aldri óska eftir íbúð á leigu fyrir 5. jan. S. 696 9380.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 40 fm skrifstofupláss í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 897 0062.

Óska eftir bílskúr á leigu undir lager, helst í Austurbæ Rvk. eða í Kópavogi. S. 892 4588.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Uppl og pantanir í síma 588 1874 eftir kl.. 18:00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ræstingar**
Ræstingar. Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
**Upplýsingar í síma 699 8403**
**Bónbræður ehf.**

**Dagvinna**
Starfsfólk óskast í dagvinnu, 100 % starf frá 01.01.06. Bagel House Kringlunni. Umsóknir á staðnum.

Styrimann vantar á línubát sem rær með beitningavél. Upplýsingar í síma 852 2389 og 892 1757

Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

Vantar menn í járnabindingar. Mikil vinna. Upplýsingar gefur Steingrímur í síma 699 6060 eða Ármann í síma 894 3398.

Vélamaður í einangrunarframleiðslu. Tempra ehf óskar eftir að ráða strax mann til að sjá um og stjórna framleiðsluvélum. Vaktavinna 6-14 og 14-22. Uppl. í síma 660 1005.

**Skólafólk!**
Bóka- og leikfangaverslun óskar eftir skólafólki um jólin. Uppl. í s. 698 4114.

## Atvinna óskast

Útvega pólskt starfsfólk. Erum ekki starfsmannaleiga. S. 894 7799 og adam1@visir.is

21 árs kvk óskar eftir vinnu frá 8-16. Uppl. í s. 698 2517.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svartir prjónaðir vettlingar töpuðust í Smáralind laugard.morgun. Fundarlaunum heitið. S. 899 6622.

## Einkamál




Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

allt matur
Alla föstudaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
St r-markaður í stofunni eima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# ATVINNA

BHS

## Enskukennara vantar í Borgarholtsskóla

**Borgarholtsskóli auglýsir eftir enskukennara í 100% starf til afleysinga á vorönn 2006**

Ráðning verður frá 1. janúar 2006 og eru laun skv. kjarasamningum KÍ og fjármálaráðherra. Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum en í umsókn skal gera grein fyrir menntun og fyrri störfum. Upplýsingar um störfin veita skólameistari og aðstoðarskólameistari í síma 535-1700.
*Umsóknir berist Ólafi Sigurðssyni skólameistara, Borgarholtsskóla við Mosaveg, 112 Reykjavík ekki síðar en 28. desember 2005. Öllum umsóknum verður svarað.*
Upplýsingar um skólann má finna á www.bhs.is

**Skólameistari**

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 | FM 989 Bylgjan | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Fartölvutilboð.
**Tæknival.is**

Landakort í tölvuna.
**Penninn-Eymundsson.**

Jazzfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Borðtölvutilboð.
**Tæknival.is**

Alvöru bensínbílar fyrir stóra stráka.
**Vdo.is**

Kalkúnn er hátíðarmatur.
**Kalkúnn.is**

Manchestervörur
**Ástund, Austurveri.**

Lene-Bjere auglýsir! Sloppar fyrir dömur og herra.
**Lene-Bjere Bæjarleind 6**

Jólavörur, Jólaknöll.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

Fluguveiðiskóli, gjafabréf.
**Langa.is**

Ljósritunarvélar.
**Tæknival.is**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Mundu happdrættisgíróseðilinn.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Gæða reiðtygi.
**Ástund, Austurveri.**

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðjur? Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
***Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.***

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði. Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Dagatalskubbar.
**Guðjón_Ó.**

Prentarar.
**Tæknival.is**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari,Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Lene-Bjere auglýsir! Jólagjafir í úrvali.
**Lene-Bjerre Bæjarlind 6**

Ítölsk Panitone jólakaka.
**Ostabúðin skólavörðustíg**

Nýi kortadiskur Landmælinga fæst hjá okkur.
**Penninn-Eymundsson.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Aigle fatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Gæða hnakkar.
**Ástund, Auturveri**

Jólagjöf hestamannsins.
**Ástund, Austurveri.**

Hensongallar.
**Ástund, Austurveri.**

Dregið aðfangadag, glæsilegir vinningar. Greiðslukortaþjónusta.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Harðir pakkar.
**Tæknival.is**

Ostakörfur.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

**Vertu þú sjálf. Vertu Belladonna.**

Eldsteikt er ekta. Bíómiði á myndina Draumalandið fylgir með kaupum á barnaboxum á Burger King fram að jólum, eða á meðan birgðir endast.
**Burger King.**

Sérhæfð smurþjónusta fyrir jeppaeigendur.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Allar gerðir hjálma
**Vdo.is**

Gönguskór í jólapakkann.
**Útilíf.**

Myndavélar.
**Tæknival.is**

Hollur hátíðarmatur.
**Kalkúnn.is**

Flíspeysa í jólapakkann.
**Útilíf.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Carters föt á litla barnið.
**Móðurást, Hamraborg.**

**Vertu Belladonna um jólin.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Hamborgarabúlla Tómasar, Glóðasteiktir búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Grafið ærfille.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Fallegar jólagjafir fyrir litla krílið.
**Móðurást, Hamraborg.**

Jólagjöfin hans.
**Vdo.is**

Lene-Bjere auglýsir! Handklæði og fylgihlutir á bað.
**Lene-Bjere Bæjarlind 6**

Heilreykt gæsabringa.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Reiðfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Hamborgarabúlla_Tómasar. Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Álfelgur. Mikið úrval.
**Vdo.is**

Balletvörur
**Ástund, Austurveri.**

Sérhannaður jeppa- og vélasleðagalli, jakki og buxur, á jólatilboði 18.600 kr.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

# KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

# Er fasteignin þín að seljast?







**35%**

**Fasteignablað Fréttablaðsins**

**20%**

**Fasteignablað Morgunblaðsins**

# 80% fleiri lesa Fasteignablað Fréttablaðsins




Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005*) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að meðal fólks á aldrinum 25 - 54 ára lesa **35% Allt – fasteignir**, sem berst **frítt með Fréttablaðinu** á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Moggans. Auglýsing í **Allt – fasteignum** birtist einnig í **heila viku á visir.is** í kaupbæti. Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að kaupa fasteignaauglýsingu.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

**allt-fasteignir**

– mest lesna fasteignablaðið

Fíton/SÍA

DRAUMAHÚSIÐ MITT TRYGGVI MAGNÚSSON Á SÉR DRAUMAHÚS Á ÆGISÍÐUNNI

# Bökunarlykt alla daga á aðventunni

Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu, stendur fyrir draumahúsakeppni á hverju ári þegar fjöldi manna, kvenna og barna baka fönglegustu piparkökuhús fyrir jólin fyrir keppnina sem fyrirtækið stendur fyrir. En hvernig skyldi draumahúsið hans vera?

„Draumahúsið stendur á Ægisíðunni með útsýni yfir sjóinn og þaralyktina í nefið á sumrin. Þetta er 300 fm einbýlishús á svona tveimur hæðum með garði og heitum potti. Í garðinum þarf að vera slatti af trjám svo þeir sem labba framhjá sjái ekki allt sem fram fer í garðinum en samt ekki svo mikið að það byrgi fyrir allt útsýni. Á neðri hæðinni í húsinu eru stórar stofur en uppi eru svefnherbergin sem eru bara þrjú. Hjónaherbergið er með tveimur fataherbergjum og það stærra er ætlað húsbóndanum, einhverra hluta vegna. Í desember er piparkökuilmurinn og bökunarlyktin allsráðandi í húsinu en á öðrum árstímum er öllu hverfinu boðið í vöfflur."

Tryggvi er mjög ánægður með piparkökuhúsin í ár. „Á sýningunni er meira af krakkahúsum en það hefur yfirlett verið og það finnst okkur gaman. Það að fá krakkana til að taka þátt er markmiðið með keppninni og gaman að sjá fingraförin eftir litlu puttana á pökum og veggjum piparkökuhúsanna. Mér finnast þau fallegust og þau mættu líka alveg vera á veggjunum á Ægisíðunni."


Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu, er ánægður með þátttöku í piparkökuhúsakeppninni þó draumahúsið hans sé ekki piparkökuhús.






## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*




*þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.


Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Gunnar Sverrisson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka, undirrita samning um Háskólatorg.

# Háskólatorg mun rísa

***Íslenskir aðalverktakar, Hornsteinar og teiknistofa Ingimundar Sveinssonar munu sjá um hönnun og framkvæmdir á nýju Háskólatorgi.***

Undirritaður hefur verið samningur um hönnun og byggingu Háskólatorgs og munu framkvæmdir hefjast í apríl næstkomandi.

Samkeppni verktaka og hönnuða var haldin um Háskólatorgið síðastliðið sumar. Þar urðu Íslenskir Aðalverktakar ásamt arkitektastofunum Hornsteinum og teiknistofu Ingimundar Sveinssonar hlutskörpust.

Háskólatorg mun samanstanda af tveimur byggingum sem með tengibyggingum verða um 8.500 fermetrar. Önnur byggingin verður á þremur hæðum og rís á milli Aðalbyggingar og íþróttahúss Háskólans. Hin verður tveggja hæða há, á bílastæðinu milli Odda, Lögbergs og Nýja garðs.

Háskólatorg verður vinnustaður tæplega þrjú hundruð starfsmanna deilda og þjónustustofnana og er áætlað að um 1.500 stúdentar verði þar á hverjum tíma við nám og störf.

Háskólatorgið verður vígt 1. desember árið 2007.

allt jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga




# Það skiptir ekki máli - aðrir borga

UMRÆÐAN



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur báknsins. Útgjöld hins opinbera hafa aukist um rúma 120 milljarða á föstu verðlagi og eins má orða það svo að síðustu 10 árin hafa útgjöld ríkisins aukist sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Á síðustu vikum þingsins fyrir jólahlé jók Sjálfstæðisflokkurinn með einu vanhugsuðu pennastriki kostnað sveitarfélaga við eftirlit með leiktækjum, rólum og vegasöltum, um marga tugi milljóna árlega. Það gerði flokkurinn með því að hraða í gegnum þingið frumvarpi sem hefur það í för með sér að sveitarfélögum landsins verður skylt að láta samþykkta sérfræðinga með samræmd próf og staðla yfirfara allar rólur í landinu árlega.

Það hefði í sjálfu sér getað verið hið besta mál ef gengið hefði verið úr skugga um að aukinn kostnaður skilaði börnunum öruggari leiktækjum. Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður umhverfisnefndar Alþingis, gaf sjálfum sér þó ekki einu sinni tíma til að fletta í gegnum umsagnir um hvort kostnaðarsamt frumvarpið skilaði bættu öryggi. Þetta eru ömurleg vinnubrögð og bein vanvirðing við þá sem hafa lagt á sig mikla vinnu við að skila inn vönduðum umsögnum til þjóðþingsins.

Að auki lágu engar niðurstöður fyrir um fjölmarga þætti sem ég hefði talið nauðsynlega áður en farið væri að leggja auknar álögur á sveitarfélögin á landinu, s.s. um fjölda slysa sem má rekja til ástands leiktækja og einnig hvort kostnaðurinn muni leggjast þyngra á smærri sveitarfélög, þau sem staðsett eru langt frá höfuðborginni, s.s. Drangsnes og Trékyllisvík. Í sjálfu sér kom alls ekki á óvart að sjálfstæðismenn hirtu ekki um að skoða hvernig auknar álögur legðust á dreifbýl sveitarfélög, það er einfaldlega í samræmi við stjórnarstefnu undanfarinna ára, þ.e. hvernig kvótaflokkarnir Sjálfstæðis- og Framsóknaflokkur hafa rænt íbúa dreifbýlisins rétti til sjósóknar og hækkað rafmagnsverð. Kvótaflokkarnir eru landsbyggðinni dýrir.

Á þeim tíma sem ég hef setið á Alþingi hef ég ítrekað orðið vitni að því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið á nýju kostnaðarsömu opinberu eftirliti, s.s. með æðardúni, ferðaþjónum og nú rólum án þess að færa nokkur rök fyrir því að verið sé að tryggja heildarhagsmuni almennings.

Eitt fáránlegasta og illskiljanlegasta dæmið er það hvernig stjórnarflokkarnir hafa skipt með sér ábyrgð á dýravernd. Sá málaflokkur ætti að hafa einfalda og skýra ábyrgð í stjórnsýslunni, en svo er ekki. Sjálfstæðisflokkurinn hefur eftirlit með dýravernd í borg, þorpum og bæjum en Framsóknarflokkurinn á lögbýlum. Kerfið er dýrt.

Það blasir við öllum að stjórnarflokkarnir láta stjórnsýsluna í auknum mæli snúast um þarfir flokkanna í stað málefnanna. Það er eins og að viðhorfið hjá flokkunum sé að það skipti engu máli, aðrir borgi hvort eð er. Þetta viðhorf er skattborgurum dýrt.

Hægt er að ná fram gríðarlegri hagræðingu í opinberri stjórnsýslu og gera hana mun einfaldari og skilvirkari ef vilji er til þess. Við í Frjálslynda flokknum höfum vilja til þess að láta verkin tala. ■

# Bréf til Unnar Birnu

Sæl, Unnur Birna.
Við viljum óska þér góðs gengis sem fulltrúa Íslands á alþjóðavettvangi eftir verðskuldaðan sigur í keppninni Ungfrú heimur.

Kvenréttindafélag Íslands er ekki hlynnt fegurðarsamkeppnum, en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum þá byggðist sigur þinn í þessari keppni fyrst og fremst á hæfileikum þínum og góðri framkomu, en ekki útlitinu einu saman. Sem ung, vel menntuð og stolt kona finnst okkur þú sannarlega verðugur fulltrúi íslenskra kvenna á alþjóðavettvangi.

Við ætlum af þessu tilefni að færa þér að gjöf bókina „Veröld sem ég vil“ sem geymir sögu kvenréttindabaráttu á Íslandi allt frá byrjun síðustu aldar. Við vonum að þú getir í störfum þínum næsta ár miðlað til kvenna um heim allan þekkingu og reynslu íslenskra kvenna af baráttunni fyrir jafnrétti og þeim hugsjónum um réttlátara þjóðfélag sem haldið hefur verið á lofti af félaginu.

Við óskum þér velfarnaðar í starfi og námi í framtíðinni og erum þess fullvissar að þú verður ávallt landi og þjóð til sóma.

**Þorbjörg Inga Jónsdóttir form. KRFÍ**
**Margrét Sverrisdóttir varaform. KRFÍ**

AF NETINU

### Endurkoma frelsaranna

Þannig er mál með vexti að álitsgjafar fjölmiðlanna í umræðuþáttum og slúðurdálkum hafa mjög hent þá kenningu á lofti að augljós vandræði Samfylkingarinnar megi fremur rekja til þingflokksins en forystu flokksins. Og rétt í þann mund berast fréttir af því að tveir fyrrum þingmenn Alþýðuflokksins, sem hösluðu sér völl í forystu hans í upphafi síðasta áratugs síðustu aldar, hafi hug á pólitískri endurkomu í einhverri mynd. Þetta eru þeir Jón Sigurðsson fyrrv. ráðherra og Jón Baldvin Hannibalsson fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins.

**Einar K. Guðfinnsson á ekg.is**

### Þorði, vildi, gat?

Alþýðuflokkurinn undir formennsku Benedikts Gröndals þorði aldrei að stíga skrefið, sem þurfti til að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Í ljósi sögunnar er furðulegt, að þetta skuli hafa orðið fylgja hins farsæla samstarfs flokkanna í viðreisnarstjórninni. Það tókst einfaldlega að tekja krötum trú um, að það yrði banabiti flokks þeirra að fara að nýju í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Sagan segir okkur núna, að flokkurinn og hugsjónir hans urðu að engu, þegar alþýðubandalagsmenn og kvennalistakonur náðu þar undirtökunum í nafni Samfylkingarinnar. Þótt Jón Baldvin Hannibalsson hafi í formannstíð sinni verið málsvari þess samstarfs, er nú hrópað á hjálp hans krötum til bjargar, en hann þorði þó að mynda tveggja flokka stjórn með Sjálfstæðisflokknum vorið 1991.

**Björn Bjarnason á bjorn.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# Jólagjöfin í ár er kapítalismi


UMRÆÐAN
MARKAÐS-SAMFÉLAGIÐ

GEIR ÁGÚSTSSON




Vesturlandabúar eru ríkir á heimsmælikvarða. Þeir geta þakkað velgengni sína þeirri staðreynd að þeir treysta frekar á einstaklingsframtakið á hinum frjálsa markaði en miðstýrðum aðgerðaáætlunum úr skúffum stjórnmálamanna. Kapítalískt markaðssamfélag hvetur fólk til að gera það sem það gerir best. Frjáls markaður skiptir vinnuaflinu óþvingað upp í sérhæfða hópa sem skapa síbatnandi varning á sífellt hagstæðara verði. Sérhæfing, tækniþróun og samkeppni leiða svo samanlagt til þess að lífskjör alls almennings batna, líf lengjast og auður verður til í miklum mæli.

**Samviskubitið**

Vesturlandabúar eru hins vegar oft á tíðum ekkert rosalega stoltir af árangri sínum. Oftar en ekki þjást þeir af samviskubiti yfir því hvað líf þeirra eru löng og veski þeirra þykk. Um allan heim er nefnilega hægt að finna ríkisstjórnir sem hafa engan áhuga á að leyfa þegnum sínum að starfa á hinum frjálsa markaði. Afríkuríki eru mörg hver í þessari deild. Þar er sósíalismi víða iðkaður sem aldrei fyrr með tilheyrandi fylgikvillum; verslunarhöftum, fátækt, hungursneyðum, óstöðugleika, og skorti á réttaröryggi í duttlungafullum heimi skriffinna. Til að gera illt verra vernda ríkir Vesturlandabúar ýmsar atvinnugreinar sínar með tollum, niðurgreiðslum og miklu magni reglugerða. Samviskubitinu reyna þeir svo að eyða með ölmusugreiðslum, átaksverkefnum og niðurfellingu skulda.

Vandamálið er stórt en ólíkt mörgum öðrum vandamálum er lausnin tiltölulega einföld ef hún væri bara sett í framkvæmd. Í fyrsta lagi geta Vesturlandabúar einhliða fellt niður tollamúra sína og afnumið styrkjagreiðslur til ræktenda húsdýra. Útreikningar Alþjóðabankans benda til þess að sú aðgerð á sviði landbúnaðar gæti skapað þróunarlöndunum tekjuaukningu upp á um 31 milljarð Bandaríkjadollara. Í öðru lagi geta þróunarlöndin einhliða fellt sína eigin tolla niður, sem að jafnaði eru miklu hærri en þeir sem Vesturlandabúar leggja á sinn innflutning. Alþjóðabankanum reiknast til að ef þetta yrði gert fyrir landbúnaðarafurðir gæti það þýtt um 111 milljarða Bandaríkjadollara tekjuaukningu fyrir vanþróuðustu löndin, og munar um minna. Í þriðja lagi þurfa hinir ríku að halda aftur af sér í setningu nýrra regla og skilyrða fyrir alls kyns framleiðslu. Ofstæki í nafni neytenda- og umhverfisverndar á Vesturlöndum hefur valdið gríðarlegum skaða í fátækum löndum þar sem skriffinnskan er enn bundin við heilbrigða skynsemi.

**Ölmusa er neikvæð lausn**

Hvað sem lausnum líður er oft ótrúlegt að fylgjast með umræðunni um útrýmingu fátæktar á okkar ágætu plánetu. Evrópubúar virðast halda að þeir séu einhverjum guðdómlegum eiginleikum gæddir sem valda því að þeir eru ríkir en margir aðrir fátækir. Hong Kong, Singapore og önnur náttúruauðlindalaus lönd eru ekki ofarlega í huga þeirra sem hugleiða vandamál Afríku. Hong Kong felldi einhliða niður sína tollamúra, opnaði heimamarkaðinn fyrir framleiðslu og erlendum fjárfestingum og uppskar ríkulega. Nokkur lönd Austur-Evrópu hafa fetað svipaðan farveg og íbúar þeirra sjá ekki eftir því. Kapítalismi er að fleygja milljónum manna hratt upp lífskjarastigann án ölmusa og átaksverkefna. Kapítalismi læknar. Ölmusa sýkir.

Vesturlandabúar mega að sjálfsögðu hafa samviskubit yfir því hvernig sósíalísk meðöl þeirra hafa eitrað fyrir fátækustu íbúum jarðar. Þeir mega líka hafa í huga að mörg vandamál þróunarlandanna eru heimatilbúin og sósíalísk og slæm eftir því. Vesturlandabúar geta gefið til þróunaraðstoðar og átaksverkefna og vilja e.t.v. friða samvisku sína nú þegar uppskeruhátíð kapítalismans gengur í hönd. Til lengri tíma litið er samt frekar þörf á þrýstingi á leiðtoga þróunarlandanna sem hvetur þá til að auka efnahagslegt frelsi þegna sinna.

Jólin eru hátíð þar sem við gleðjumst í nærveru fjölskyldu og vina, skiptumst á gjöfum og borðum góðan mat. Besta jólagjöfin til þeirra fátæku er kapítalismi og frelsi. Látum þá hugsun fylgja árlegri samviskufriðun okkar til Rauða krossins í ár.

*Höfundur er verkfræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

# EXPERTÚRVALIÐ

elta

3.990



## Handþeytari

Kraftmikill handþeytari
Skál fylgir með
Hraðastillingar
Kraftþeyting

SHARP

9.900



## Örbylgjuofn

800 W
20 l
Margar stillingar

SAMSUNG ELECTRONICS

184.900



## 42" Plasmaskjár

Skjástærð: 42" Plasma
Hlutföll: 16:9
Upplausn: 852x480
Skerpa: 3000:1
79mm þykkt
Stærð: 1024x630,5
Ábyrgð: 3 ár
PPM42S3QX

REMINGTON

6.990

1.990



## Remington

Hleðslurakvél
Engin snúra
3D haus tryggir betri rakstur
Fellur vel í lófa
MS2491

2000 Watta blásari
2 hraðastillingar
3 hitastillingar
Keramik í haus
3 m löng snúra
D3410

CREATIVE

23.900



MP3

## Zen-Micro 5GB

Spilar WMA / MP3
USB 2.0 tengi
Li-Ion rafhlaða
Næmir snertihnappar
Samhæfður Outlook

Baklýstur LCD skjár
Hljóðnemi til upptöku
Forstilltur magnari
108 grömm
Heyrnartól fylgja með

Panasonic

4.990



## Sogkraftur

1500 W
Lítil og létt
Besta heimilishjálpin

6.990



## Pokalaus

1600 W
Kraftmikil
Þarf ekki poka
Ódýr í rekstri

elta

8.990



## Morgunverðarsett

Kaffikanna
Brauðrist
Eggjasuðutæki
Hraðsuðukanna

Gæða vörur á góðu verði
FB100

SONY

13.900



2 x 64MB kort fylgja með

## Sony - DSCS40

4.1 milljón dílar
3x optical aðdráttur
Carl Zeiss linsa
USB 2.0
32 Mb minni

Multimedia Player AivX

24.790



250GB

## Flakkari

Diskahús fyrir harðan disk
USB tengi í tölvu
Tengist beint í TV
Myndsýning
MP3 spilun

250GB harður diskur
8 MB buffer
7.200 Silent Seek
Fjarstýring

Canon

29.900



Taska fylgir með

## Canon tökuvél

1/6" 800k pixel CCD nemi
DIGIC DV örgjörvi
20 X optiskur aðdráttur
400 X stafrænn aðdráttur
DV út AV inn
Taska, miniDV spóla
og linsuklútur fylgir með

16:9 breiðtjaldskerfi
Hristivörn
Sjálfvirkt "Easy" kerfi
2.4" skjár
"Viewfinder" í lit
MV800 DV

Matti og Beggi og mikið úrval af íslenskum geisladiskum



1.590

Birt með fyrirvara um villur.

expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnnudaga kl. 13.00 - 17.00

# Ísland, fagra Ísland

UMRÆÐAN

**DAVÍÐ ÖRVAR HANSSON**
SKRIFAR UM FERÐAMENNSKU

*Ekkert er eins óaðlaðandi og fótum troðin svæði sem á endanum tapa allri virðingu fólks. Dæmi um þetta má nefna hverasvæðið við Geysi í Haukadal. Þar er aðkoman vægast sagt hörmuleg.*

Við Íslendingar fæðumst með silfurskeið í munni. Við eigum hreint og fagurt land og gnægð af orku og jarhita. Við höfum fram til þessa nýtt okkur orku landsins til raforkuframleiðslu til þess að geta rafmagnað stóriðjuver um landið allt. Við höfum flutt inn erlent vinnuafl til að geta unnið þá vinnu sem í boði er þó svo að rökin séu ætíð sú að við viljum skapa atvinnu fyrir okkur sjálf. Er ekki ráð að fara að hugsa lengra fram fyrir okkur? Leita þess hvar mestur sprotinn er og stöðugleikinn er tryggður?

Staðreyndin er sú að ferðaþjónusta hefur vaxið hér stöðugt frá lokum seinni heimsstyrjaldar og hefur þeim að jafnaði fjölgað um 50 prósent á hverjum 12 árum. Lítið hefur verið lagt til af ríkinu til að auka við ferðaþjónustuna og þeir fjármunir sem þó eru lagðir til auglýsinga fara nánst allir til sama aðilans. Talsvert hefur verið skoðað hvað það er sem ferðamenn sækjast í þegar þeir koma hingað til lands og hefur það sést að flestir sem hingað koma eru á svokölluðu hoppi, þ.e. að kaupa sér ódýrt fargjald með stuttum fyrirvara (fer þó fjölgandi með tilkomu lággjaldaflugfélaga). Það segir okkur að hingað kemur fólk að yfirlögðu ráði, ákveðið með löngum fyrirvara, til þess að njóta náttúrunnar og kynnast þjóðinni, sögunum og hjátrúnni. Það má gera betur því fólk vill koma hingað!

En hvað er til ráða, erum við ekki að sópa frá okkur sérstöðunni með skammtímagróðavon í huga þegar við níðumst á landi voru og tungu? Með 0,5 prósent (500 milljónir) af þeim fjármunum sem fara í að byggja Kárahnjúkavirkjun mætti lyfta grettistaki víða í ferðamálum, bæði í aðbúnaði fyrir ferðafólk, verndum landsins og viðhalds vega. Með því gæti skapast betri aðkoma að stöðum sem leiðir til ánægju viðskiptavina sem síðan spyrst út. Þetta virkar allt eins og verslanir, ánægður viðskiptavinur segir frá hversu frábært viðmót mætti þeim. Á meðan óánægður viðskiptavinur segir helmingi fleirum frá óánægjunni.



Með mannvirkjagerð eins og lagningu göngustíga og að reisa öryggisgrindverk, þar sem við á, má bæta aðkomu fólks og öryggi alveg gífurlega. Ekkert er eins óaðlaðandi og fótum troðin svæði sem á endanum tapa allri virðingu fólks. Dæmi um þetta má nefna hverasvæðið við Geysi í Haukadal. Þar er aðkoman vægast sagt hörmuleg. Þar er hellulagður göngustígur en hellurnar hafa víða verið teknar upp og notaðar í stíflur af einmana börnum. Þar hafa verið steyptar þrær og lagðar pípur og jafnvel borað gat í sjálfan Geysir og rör lagt í gegn til að fá hann til að gjósa. Þarna ættu stjórnvöld að sjá sóma sinn í að hreinsa til leggja timburpalla, eða steypa göngustíga líkt og er á hverasvæðinu við Hveravelli. Þar eru timburpallar sem fólk gengur á og fólk virðir það, það sést varla til fólks utan þeirra.

Með smá áhuga mætti efla ferðaþjónustu hér á landi með því að huga að sögunni, náttúrunni og um leið hjátrúnni. Allt helst þetta í hendur til að gera Ísland að því sem það er í hugum fólks. Við höfum náttúruna, við höfum sögurnar og þjóðtrúin er við hvert fótmál. Hvar förum við þar sem ekki eru álagablettir, orkuuppsprettur, álfabyggðir eða helgidómar? Notum það sem við höfum við skulum ekki alltaf leita velmegunar í viði og steinsteypu, förum út, upp á stein og bjóðum fólki landið eins og það er.

*Höfundur er nemi við Viðskiptaháskólann á Bifröst.*

www.volkswagen.is




* Miðað við 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða

# Formúluráðstefna Árna Magnússonar

**UMRÆÐAN**
JAFNRÉTTI



**KRISTINN SNÆLAND**

*Stúlkan kynnti sig og tók að ræða jafnréttismál, kynnti lauslega fyrirhugaðan fund og frummælendur og nefndi loks sem einhverskonar skrautfjöður að þar yrði eina konan Vigdís Finnbogadóttur fyrrverandi forseti. Ég nefndi þá að mér þætti hún með eindæmum leiðinleg...*

Nú alveg nýverið efndi Árni Magnússon félagsmálaráðherra til ráðstefnu karla um jafnrétti kynjanna. Þegar dagskrá hennar var skoðuð sýndist mér að þarna yrði um dæmigerða formúluráðstefnu að ræða, sem skal skýrt nánar.

Í fyrsta lagi er fundið athyglisvert efni til að ræða. Þá eru fengnir frummælendur til að flytja inngangsræður og skulu þeir vera fjórir til fimm talsins auk frumkvöðuls fundarins að viðbættum verndara verkefnisins. Næst er eftir að finna til fundargesti, hæfilega stóran hóp til þess að fundarsalurinn taki sig vel út í mynd. Þess er gætt að frummælendur svo og fundargestir hafi jákvæða sýn á fundarefnið svo ekki komi upp órói á fundinum. Að lokum er fundinn glæsilegur staður og fjölmiðlar boðaðir á fundinn.

Þá var komið að mér og félögum mínum. Inn á Hreyfil kom ung og þekkileg stúlka. Erindi hennar var að fá að ræða við einhvern málhressan bílstjóra. Fíflinu skal á foraðið etja, svo félagar mínir báðu stúlkuna að doka við og boðuðu undirritaðan á staðinn. Fjölmiðlaglaður sem ég er, mætti ég á tæplega tveimur hjólum á planið í Fellsmúla og inn.

Stúlkan kynnti sig og tók að ræða jafnréttismál, kynnti lauslega fyrirhugaðan fund og frummælendur og nefndi loks sem einhverskonar skrautfjöður að þar yrði eina konan Vigdís Finnbogadóttur fyrrverandi forseti. Ég nefndi þá að mér þætti hún með eindæmum leiðinleg auk þess að ég skildi ekki hvernig það hefði átt sér stað að hún var gerð að sérstökum verndara íslenskrar tungu, manneskja sem ekki kæmi frá sér setningu án þess að skreyta hana hik og tafs e, i, u eða a hljóðum.

Stúlkunni þótti nóg um og snéri talinu að öðru, hvort við á þessum vinnustað ræddum jafnréttismál, jú ekki neitaði ég því og fullyrti að við værum almennt mjög jákvæðir í þeim efnum. Varðandi breytingar í jafnréttisátt sagði ég stúlkunni að fyrir um fimmtíu árum hefði ég unnið á vinnustað hvar við vorum 20 karlmenn og þar af um 15 í hjónabandi, allir með börn á heimili. Allar nema ein eiginkonan voru heimavinnandi en um hina einu sögðu hinar, hún er nú svo fégráðug að hún er að vinna frá barninu. Barnið var 9 ára drengur og heimilið var í tveggja íbúða húsi þar sem foreldar hans bjuggu í annarri íbúðinni en afi og amma í hinni og amman heima alla tíma og alla daga. Ég bætti svo því við að ég hefði verið að læra og á lærlingskaupi en samt sem áður var eiginkona mín heima yfir barni okkar. Auk þess hefði þá verið hægt að lifa þokkalega á lærlingskaupinu án þess að eiginkonan væri að vinna úti. Mér sýndist að það jafnrétti að konurnar væru nú farnar að vinna utan heimilisins hefði leitt almennt til lægri launa. Sem svar við því hvort mig hefði ekki langað til þess að vera heima og sinna barninu sagði ég að engan áhuga hefði ég á því að þrífa skít og hland. Blessuð stúlkan tók þessu öllu afar vel, var reyndar furðu jákvæð, fékk hjá mér símanúmer og sagðist við tækifæri boða mig á jafnréttisráðstefnu karla.



Nokkru síðar var ráðstefnan haldin, verndarinn hefur eflaust tafsað og tuðað, Árni flutt vandaða og slétta og fellda tölu, framsögumenn talað vel og lengi og almennir fundarmenn klappað og fagnað og þá fengið svona kortér eða hálftíma til að ræða og kryfja málin og þá búið. Fundi lokið án nokkurrar niðurstöðu en gestir gengu í kaffi og kruðerí.

Mér er hinsvegar óskiljanlegt hversvegna stúlkan elskulega hringdi ekki og bauð mér líka í partíið. Er eitthvað í ofanrituðu sem skýrir það?

*Höfundur er leigubílstjóri.*





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

MARCELLO MASTROIANNI (1924-1996) LÉST ÞENNAN DAG



*„Kona er sólin, einstök vera sem fær ímyndunaraflið til að fara á fleygiferð.“*

*Marcello Mastroianni var ítalskur leikari.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 19. DESEMBER 1998

# *Bill Clinton ákærður*



Þennan dag árið 1998 ákærði fulltrúadeild bandaríska þingsins Bill Clinton, þáverandi forseta Bandaríkjanna, fyrir embættisglöp. Bandaríkjaforseti var ákærður fyrir að hafa framið meinsæri þegar hann sagði eiðsvarinn ósatt um samband sitt við Monicu Lewinsky, sem var lærlingur í Hvíta húsinu.

Árið 1995, á fyrsta kjörtímabili Bills Clinton, var Monica Lewinsky lærlingur hjá forsetanum. Samskipti þeirra byrjuðu sem saklaust daður en fljótlega höfu þau ástarsamband sem að mestu leyti fór fram innan veggja Hvíta hússins.

Clinton var spurður fyrir rétti hvort hann hefði haft kynferðisleg kynni af Lewinsky og hann neitaði því. Í ljós kom að hann sagði ekki satt þegar Linda Tripp, vinkona hennar og vinnufélagi, sem Lewinsky hafði trúað fyrir málinu í símtali, ákvað að ljóstra upp um málið.

Það var saksóknarinn Kenneth Starr sem fór með málið á hendur forsetanum og hann sparaði ekki lýsingar sínar á persónulegum samskiptum Clinton og Lewinsky.

Álit almennings í Bandaríkjunum var ekki einróma. Sumir vildu að forsetinn segði af sér vegna þess að hann sagði ekki satt og rétt frá. Aðrir sögðu að almenningi kæmi ekki við hvað forsetinn gerði í sínu einkalífi.

## MERKISATBURÐIR

**1187** Klemens þriðji er kjörinn páfi.

**1842** Bandaríkin viðurkenna sjálfstæði Hawaii.

**1946** Ho Chi Minh, leiðtogi Víetnömsku frelsishreyfingarinnar, ræðst á herlið Frakka í Hanoi.

**1972** Apollo 17, seinasta geimferjan sem fór til tunglsins, kemur til jarðar.

**1974** Fyrsta almenningstölvan, Altair 8800, kemur í verslanir.

**1978** John Wayne Gacy er handtekinn í Chicago fyrir morð á 33 drengjum og ungum mönnum.



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Guðmundsson**

símstöðvarstjóri, frá Súgandafirði,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 20. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Sólrún Hermannsdóttir**
**Herdís Jóna Hermannsdóttir** **Gísli Vilhjálmur Jónsson**
**Guðmundur Óskar Hermannsson** **Bryndís Einarsdóttir**
**Halldór Karl Hermannsson**
**Hlöðver Kjartansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorlákur Sigurðsson**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Elísabet Pétursdóttir**
**Eygló Þorláksdóttir** **Michal Mather**
**Erla Þorláksdóttir** **Erling Ásgeirsson**
**Sigurður Þorláksson** **Ragnhildur Harðardóttir**
**Petra Þorláksdóttir** **Örn Arnarsson**
**Ægir Þorláksson** **Sólveig Stefánsdóttir**
**Særún Þorláksdóttir** **Guðjón Sverrisson**
**Vignir Þorláksson** **Sigrún Vilhelmsdóttir**
**Anna María Þorláksdóttir** **Rafn Guðjónsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

TORFI GEIRMUNDSSON HÁRSNYRTIR: ER 55 ÁRA

# Afmæli í skugga jólanna

„Það er brjálað að gera þessa dagana,“ segir Torfi Geirmundsson hársnyrtir ,sem á fimmtíu og fimm ára afmæli í dag. Hann kann vel við sig í annríkinu en undirbúningur jólahátíðarinnar situr á hakanum. „Ég er ekki í sambúð núna þannig að ég get ekki látið þetta yfir á neina konu.“ Torfi sinnir því jólaverkunum eftir langan og strangan vinnudag á Hárhorninu á Hverfisgötu.

Hann hefur samt aldrei verið neitt sérstakt jólabarn, né heldur afmælisbarn, og er hálf brenndur af því að eiga afmæli svo nærri fæðingarhátíð frelsarans. „Afmælisdagurinn minn hefur alltaf fallið í skugga jólanna og hér áður fyrr var lítið gert úr afmælinu mínu. Mér var bara sagt að það yrði haldið upp á þetta saman,“ segir Torfi, sem er ekki sá eini í fjölskyldunni sem glímir við þennan vanda. Systir hans og systursonur eiga líka afmæli í desember og þau hafa haft fyrir sið að fara út að borða og syrgja saman þá staðreynd að jólin hafa tekið athyglina af afmælum þeirra.

Torfi er ekki einungis þekktur fyrir snilli sína með skærin, ljóðaáhugi hans ríður ekki við einteyming. „Ég hef mjög gaman af lestri ljóða og safna ljóðabókum, á reyndar alltof mikið af þeim, þær þvælast bara fyrir mér.“ Viðskiptavinir hans á Hárhorninu hafa notið góðs af ljóðaáhuga hársnyrtisins og á stofunni eru jafnan fjölmargar ljóðabækur sem hægt er að glugga í meðan beðið er eftir klippingu og eins meðan klippt er. „Svo koma hingað mörg ljóðskáld í klippingu og einnig áhugamenn um ljóð,“ segir Torfi.

Hann segist yfir sig hrifinn af Þórarni Eldjárn og auk verka hans er hann með þýðingar Þórarins Stefánssonar uppi við þessa dagana.

Þó Torfa sé ekki of hlýtt til jólanna af framangreindum ástæðum hefur hann ástæðu til að hlakka til þeirra. „Þá getur maður gert einhverjar tilraunir í matargerðarlistinni. Ég hef mjög gaman af að elda.“ Hann hefur enn ekki ákveðið hvað verður á borðum á aðfangadag en segist ætla í Hagkaup og kíkja á framandi villibráð. „Kannski maður verði með kengúru,“ segir Torfi, sem oftast hefur eldað rjúpur á aðfangadag.



**TORFI GEIRMUNDSSON** Fjöldi ljóðabóka er á hársnyrtistofunni hans við Hverfisgötu og geta viðskiptavinir gluggað í þær á meðan hárið er snyrt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Fróðleikur af gardur.is



“Drottning leiksviðsins á Íslandi”:

## *Stefanía Guðmundsdóttir*

Stefanía Anna Guðmundsdóttir var fædd í Reykjavík 29. júní 1876, dóttir Guðmundar Jónssonar trésmiðs og k.h. Önnu Stefánsd. frá Viðvík. Missti móður sína ung, og faðir hennar fluttist til Vesturheims. Ólst svo upp með frænku sinni á Seyðisfirði, í Rvík frá 1889. Lauk þar barna- og Kvennaskólanámi. 1883 lék hún sitt fyrsta hlutverk. Vann skjótt hugi og hjörtu Reykvíkinga. Kynnti sér leiklist í Khöfn 1904–5 og 1914. Meðal aðalstofnenda Leikfél. Rvíkur 1897, lék þar fjölda vandasamra hlutverka, mörg af fágætri snilld. Þorsteinn Erlingsson kvað leiklistina á Íslandi "landnám Stefaníu." 25 ára leikafmælis hennar var hátíðlega minnzt. Dvaldist árlangt í N-Ameríku í boði V-Íslendinga 1920–21, lék þá í 7 leikritum í fjölda leiksýninga víða. Lék í kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar 1919. Rak dansskóla. Veitti tilsögn í framsögn og sviðsframkomu. Form. LR einn vetur. Varð sjálf kveikjan að stofnun Leikfél. Akureyrar. Á hátindi ferils síns veiktist hún og lézt á 50. aldursári á sjúkrahúsi í Khöfn 16. jan. 1926. Fór útförin fram með viðhöfn í Dómkirkjunni. Tveir sjóðir voru stofnaðir til minningar um hana. Ævisaga hennar, Leyndarmál frú Stefaníu e. Jón Viðar Jónsson, kom út 1997. – M.h. (1896): Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri í Rvík. Áttu sjö börn (ættarnafn: Borg), og fengust mörg við leiklist; frægust varð Anna Borg-Reumert í Khöfn.

Stefanía hvílir í leiði nr. 6 á svæði E6 í Hólavallagarði, sjá nánar á www.gardur.is

Meira um hana á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn æviágrip látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.


## AFMÆLI

**Jónatan Þórmundsson** lagaprófessor er 68 ára.

**Jón Emanúel Júlíusson** leikari er 63 ára.

**Guðlaugur Þór Þórðarson** alþingismaður er 38 ára.

**Inga Lára Þórisdóttir,** fyrrverandi handboltakona, er 38 ára.

**Sigfús Örn Óttarsson** trymbill er 38 ára.

**Kolbeinn Proppé** sagnfræðingur 33 ára.

**Sævar Pétursson,** framkvæmdastjóri Sporthússins, er 31 árs.

**Dagur Snær Sævarsson,** formaður Ungra vinstri grænna í Reykjavík, er 19 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1683** Filippus fimmti Spánarkonungur.

**1915** Edith Piaf, frönsk leik-og söngkona.

**1927** James Booth, enskur leikari og rithöfundur.

**1935** Bobby Timmons, bandarískur djasspíanisti.

**1972** Alyssa Milano, bandarísk leikkona.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




**RAGNHILDUR GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR, FORMAÐUR MÆÐRASTYRKSNEFNDAR**

# Fengu þriggja milljóna styrk

Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar fengu í vikunni afhentan þriggja milljóna króna styrk frá Hagkaupum og Velferðarsjóði barna til kaupa á fatnaði og leikföngum fyrir börn og unglinga.

Með styrknum segjast forsvarsmenn Hagkaupa og Velferðarsjóðsins vilja leggja sitt af mörkum til þessa góðgerðarstarfs og gera fleirum kleift að halda gleðileg jól.

-sh

## ANDLÁT

**Arnkell Bergmann Guðmundsson** bókbandsmeistari lést á Landspítalanum fimmtudaginn 15. desember.

**Jóhann Gauti Gestsson** kafari, Hjallalundi 20, Akureyri, er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Gunnarsson** skipasmiður frá Vestmannaeyjum lést sunnudaginn 4. desember á hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristín (Kádí) Daníelsdóttir**, Lindargötu 66, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 12. desember.

**Sigurður Arnar Róbertsson** lést mánudaginn 12. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðný Maren Matthíasdóttir** verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Guðrún Ólafsdóttir**, Dalalandi 6, Reykjavík, verður jarðsungin frá Kirkju Óháða safnaðarins.

13.00 **Sveinn Sveinsson**, Bláhömrum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.30 **Lára Halldórsdóttir** verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Jan Eyþór Benediktsson** bifreiðarstjóri, Naustabryggju 12, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



Veldu Focus Nýtt tákn um gæði - www.ford.is
Ford
Nýtt tákn um gæði
Vertu Comfort um jólin. Taktu jólatilboði Brimborgar
Í dag: Besta verð á Focus.
Vertu á nýjum Focus um jólin. Komdu í Brimborg.
Jólatilboð: Lægra verð, betri kjör, tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.
• Meiri afsláttur - lægra verð
• Lægri vextir
• Lægri mánaðargreiðslur
• Lægri útborgun
• Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn**
• Meiri staðalbúnaður
• Upphitanleg framrúða án aukakostnaðar
• Comfort framsæti án aukakostnaðar
• Vetrardekkin undir, sumardekkin í skottið án aukakostnaðar
Ford Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra*
Jólaverð 1.790.000 kr.
Bílasamningur 21.450 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra*
Jólaverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 22.110 kr.
Rekstrarleiga 32.300 kr.
Ford Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra*
Jólaverð 1.875.000 kr.
Bílasamningur 22.600 kr.
Rekstrarleiga 32.550 kr.
Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra*
Jólaverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 22.540 kr.
Rekstrarleiga 32.800 kr.
Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti.
Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið.
Þú færð án aukakostnaðar rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti.
Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu.
Einnig frábært jólaverð á sjálfskiptum Ford Focus - aukalega aðeins 34.000 kr.
Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg
Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör. Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar. Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr., ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.
LÝSING
Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.
Focus
Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.
Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!
Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is
Jólatilboð Brimborgar
Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.
Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA fílapenslar og svitalykt

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FÓR Á JÓLASKEMMTUN LITLA BRÓÐUR SÍNS.



Mér hlotnaðist sá heiður að fá að vera viðstaddur jólaskemmtun hjá litla bróður mínum sem er í unglingadeild. Það er ekki öllum gefið að njóta þeirra fríðinda get ég sagt ykkur. Drengurinn er orðinn ansi lunkinn trommuleikari og spilaði undir í sýningu sem fjallaði um lélegt sjónvarpsefni fyrir eldri borgara. Þau vandræði voru fljótlega leyst með hæfileikaþætti sem gamla fólkið elskaði. Þessa kvöldstund stóðu óharðnaðir unglingar í þrjátíu mínútur fyrir framan jafnaldra sína og foreldra og reyndu eftir fremsta megni að skemmta sér og öðrum í tilefni jólanna.

Þessi athöfn flutti mig nokkur ár aftur í tímann. Sjálfur slapp ég við þátttöku á jólaskemmtuninni fyrsta árið í gaggó. Á þeirri næstu þóttist ég vera orðinn fullgildur töffari og söng Sirkus Geira Smart í leikriti sem gerðist á ástandsárunum eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar. Samt sem áður glímdi ég við fílapensla á ólíklegustu stöðum og fannst ég alltaf lykta af svita (það var alveg sama hversu miklum svitalyktareyði frá BOSS ég dældi undir hendurnar, alltaf kom hann, þessi blessaði fnykur). Þegar ég steig af sviðinu fannst mér ég vera orðinn algjör rokkstjarna. Í endurminningunni er það að minnsta kosti þannig. Á tímum skertrar sjálfsmyndar og lélegs sjálfsöryggis var líka gott að ylja sér við kurteisislegt klapp frá foreldrunum. Árið eftir tók ég mér stöðu við píanóið og spilaði undir. Að vera á bak við tjöldin hentaði mér miklu betur.

Ég fann til samkenndar þegar krakkarnir luku við síðustu setninguna og uppskáru dynjandi lófatak fyrir. Þegar þau höfðu hneigt sig, hver með sínu nefi og horfið af sviðinu, mátti heyra mikil fagnaðaróp úr búningsklefanum. Þeim leið eins og sigurvegurum kvöldsins og ekkert annað skipti þau meira máli... í það minnst ekki fyrr en kæmi að jólaballinu en það er jú allt annar handleggur.




## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




### Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 |
| 8 | 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 1 | 6 | 2 | 8 | 5 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 2 | 6 | 9 | 1 | 4 | 5 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 8 | 4 | | | |
| | 4 | | 9 | | | | | |
| | | 8 | | | 5 | | | 7 |
| 8 | | 9 | | 2 | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| | 6 | | | 5 | | 9 | | 2 |
| 6 | | | 7 | | | 2 | | |
| | | | | | 9 | | 1 | |
| | | | 2 | 1 | | | 3 | 9 |



# Skemmtileg leikföng



## Klípt´ann og kreistu
Landsins fyndnasti kjúklingur, dansar, spilar og stendur á öndinni -takmarkað magn!
**2.999** kr.



## Knúsaðu mig
þú finnur hjartsláttinn og heyrir grátinn -fyrir sannar kelirófur.
**3.499** kr.

## Vinur í raun
Vinaleg risaeðla sem labbar um, hreyfir hausinn og gefur frá sér hljóð.
**1.999** kr.



## Til þjónustu reiðubúið
Vélmenni með 69 skipunum, dansar, labbar, tekur upp hluti og gefur frá sér hljóð.
**7.999** kr.



## Furðufugl
Tölvugæludýr sem þarfnast þín, talar sitt eigið tungumál, þarf að borða til að "lifa" ofl.
**3.999** kr.



## Ég þarfnast þín
Bangsi sem hlær, hikstar, drekkur, ropar, felur sig, kitlar og hrýtur.
**3.999** kr.



## Þorir þú?
Fullkomin fjarstýrð risaeðla, labbar, hreyfir hausinn, öskrar og blikkar augunum.
**4.999** kr.



## Mjá, mjá
Fyrir alla þá sem langar í ketti en mega ekki fá, mjálmar, drekkur, dillar skottinu ofl.
**1.999** kr.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 21.00**

*Söngdagskrá um **Edith Piaf** verður flutt í Þjóðleikhúsinu í tilefni þess að níutíu ár eru liðin frá fæðingu söngfuglsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gradualekórinn syngur



Stúlknakórinn Graduale Nobili heldur jólatónleika við kertaljós í Langholtskirkju annað kvöld. Á efnisskránni eru tvö verk fyrir kvennakór og hörpu.
Fyrra verkið, „Dancing Day“ eftir John Rutter, var frumflutt í dómkirkjunni í Coventry 26. janúar 1974. Verkið er byggt á sex jólasöngvum við latneska og enska texta, m.a. hið þekkta lag „Coventry carol“. Það hefst með forleik fyrir hörpuna og eftir þrjú fyrstu lögin kemur Interlude eða millispil.
Seinna verkið er „Ceremony of Carols“ eftir Benjamin Britten. Britten samdi þetta undursamlega jólaverk eftir þriggja ára happasæla dvöl í Bandaríkjunum. Hann tók sér far heim um miðjan mars árið 1942 með sænsku flutningaskipi. Ferðin tók nærri mánuð og lenti hann í allmiklu volki. Í ferðinni hóf hann að semja þetta verk fyrir þríradda kór og hörpu. Það er rammað inní hinn forna gregorska söng „Hodie Christus natus est“. Britten notar síðan níu ensk miðaldaljóð sem lýsa með ýmsum hætti komu jólanna, fæðingu frelsarans, Maríu sem syngur son sinn í svefn og fleiri atburðum tengdum jólunum. Millispil leikið á hörpu brýtur svo verkið upp þannig að kaflarnir eru ellefu.
Elísabet Wage leikur á hörpuna og sex kórfélagar, Guðríður Þóra Gísladóttir, Lára Bryndís Eggertsdóttir, María Vigdís Kjartansdóttir, Rannveig Björg Þórarinsdóttir og Þórunn Vala Valdimarsdóttir syngja einsöng. Stjórnandi Graduale Nobili er Jón Stefánsson.

## > Ekki missa af ...

... fyrirlestri þeirra Skúla Sigurðssonar og Stefáns Pálssonar á hádegisfundi sagnfræðinga í Þjóðminjasafninu á morgun, þriðjudag. Þeir eru báðir vísindasagnfræðingar og nefna fyrirlestur sinn „Á fótboltavelli framfaranna“.

... tónleikum þeirra Maríu Bragadóttur sópransöngkonu og Kára Þormar organista í Fríkirkjunni á fimmtudaginn. Þau ætla að flytja klukkustundarlanga Maríudagskrá.

... sýningunni Aðföng Listasafns Reykjavíkur 2002-2005, sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Þetta er sýning á úrvali verka sem Listasafn Reykjavíkur hefur eignast undanfarin ár.








**MACHU PICCHU** Inkaborgin týndist á tímum landvinninga Spánverja en fannst ekki fyrr en um hálfri fjórðu öld síðar. MYND/GUÐRÚN TULINIUS

# Í hæstu hæðum Inkaborgarinnar

**Hæðir Machu Picchu heitir ljóðabók eftir chileska nóbelsverðlaunaskáldið Pablo Neruda sem kom nýverið út í íslenskri þýðingu Guðrúnar Tulinius. Sjálf fetaði hún slóðir skáldsins til að fylla í eyðurnar.**

Pablo Neruda má með sanni kalla risa í suður-amerískum bókmenntum og þótt víðar væri leitað. Hann fæddist laust eftir aldamótin 1900 og lést árið 1973, tveimur árum eftir að nóbelsverðlaunin fyrir bókmenntir féllu honum í skaut.

Hæðir Machu Picchu er hluti af stærri ljóðbálki sem nefnist Canto general og fjalla ljóðin um ferð skáldsins til Inkaborgarinnar Machu Picchu. „Borgin týndist fljótlega eftir landvinninga Spánverja og fannst ekki fyrr en um 350 árum seinna,“ segir Guðrún Tulinus sem þýðir bókina. „Þegar Neruda heimsótti borgina og renndi augum yfir rústirnar fannst honum þær svo tilkomumiklar að hann samdi um þær þennan bálk, sem er óumdeilanlega ein af perlum bókmennta á spænska tungu.“

Guðrún segir að í Hæðum Machu Picchu hafi skáldskapur Neruda náð nýjum hæðum. „Þetta eru tólf afskaplega falleg ljóð og myndlíkingarnar, sem hann var svo þekktur fyrir, eru mjög sterkar og áhrifamiklar. Í ljóðunum reynir Neruda að rýna í fortíð borgarinnar með því að fá fólkið í gröfunum til að segja sögu hennar. Um leið segir hann frá miklum harmi sem býr undir, horfnum glæsileika og fléttar inn í það hversdagslífinu og hversu þungt það vegur á okkur. Tilfinningarnar eru miklar.“

Í bókinni birtast ljóðin bæði á frummálinu sem og í íslenskri þýðingu Guðrúnar. „Ég ákvað að fara þá leið því það er erfitt að þýða ljóð og skila þeim til lesenda nákvæmlega eins og skáldið hafði hugsað sér. Mér fannst líka tilvalið að veita fólki tækifæri til að bera textana saman því allir eiga sinn rétt á sinni túlkun og þýðingu.“

Bókin er myndskreytt af Rebekku Rán Samper og Antonio Hervas Amezcua sem sækja innblástur í Inkaborgina. „Antonio hef ég þekkt lengi, hann hefur oft sýnt hér á landi og einnig þekki ég Rebekku. Þau voru bæði boðin og búin til að myndskreyta þegar ég og Gréta Hlöðversdóttir samstarfskona mín leituðum til þeirra og mér finnst þeim hafa tekist vel til.“

Þá fylgir bókinni DVD-mynddiskur sem Guðrún gerði eftir að hún ferðaðist sjálf til Machu Picchu í fyrra. „Ég ákvað að gera eins og skáldið og feta veginn til borgarinnar. Það var stórkostleg tilfinning að berja hana augum og ég tel það hafa fyllt í margar eyður hvað mig varðar og skáldskap Neruda og ég vona að það skili líka auknum áhrifum til lesenda að sjá sjálfir rústirnar, þótt það sé í gegnum myndavélina mína.“



**GUÐRÚN TULINIUS** Fór sjálf til Machu Picchu til að berja borgina augum. Hún gerði mynd um ferðalagið sem fylgir bókinni á mynddisk. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

bergsteinn@frettabladid.is

IÐA

# Frábær tilboð í dag




3.495,-




2.995,-




3.290,-




3.290,-




2.990,-




3.290,-




1.990,-




1.990,-




2.490,-

Lækjargata 2a s. 511-5001 opið 09 - 22 alla daga

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson barítón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.**
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN






| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **SALKA VALKA** | | **ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV** | |
| Mi 28/12 kl. 20 | Su 8/1 kl. 20 | Nemendaleikhúsið, aðeins í desember | |
| | | Þr 27/12 kl. 20 | Mi 28/12 kl. 20 |
| **WOYZECK** | | **MANNTAFL** | |
| Fi 29/12 kl. 21 | Fö 30/12 kl. 21 | Mi 28/12 kl. 20 | Su 8/1 kl. 20 |
| Lau 7/1 kl. 20 | Su 15/1 kl. 21 | Síðustu sýningar | |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Má 26/12 kl. 14 | Su 8/1 kl. 14 | Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT | |
| Su 15/1 kl. 14 | | Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING | |
| **CARMEN** | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| Fi 12/1 kl. 20 FORS. | miðav. 2.000- kr | SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR | |
| Fö 13/1 kl. 20 FORS. | miðav. 2.000- kr | Lau 7/1 kl. 20 | Su 15/1 kl. 20 |
| Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | | Fö 20/1 kl. 20 | MIÐAV. 2.500- |

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ
GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.

EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, **aukasýning kl. 15:00** örfá sæti laus og kl. 17:00 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld lau. 17/12 **uppselt** - Jólahlaðborð Leikhúskjallarans.
Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum.
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.







# Patrick Bateman fer á þing

**[BÆKUR]**
UMFJÖLLUN

Pétur B. Ásgeirsson er ungur alþingismaður og á framtíðina fyrir sér að því er virðist. Hann er myndarlegur og vinsæll, býr í flottri íbúð í Þingholtunum, er trúlofaður fallegri stelpu af góðum (les. réttum) ættum og er vinsælt viðfangsefni í glanstímaritum landsins, enda annálaður fyrir góðan smekk og svo ekki sé minnst á réttlætiskennd og samúð með lítilmagnanum.

Lífið virðist sannarlega leika við Pétur, en hann á sér myrkt leyndarmál. Pétur er barnaníðingur, eða barnavinur eins og hann kemst sjálfur að orði, og vitjar reglulega dagvistunarheimilis fyrir börn og hefur mök við litlar stúlkur. En dag einn hittir Pétur Sóley á leikskólanum og verður ástfanginn í fyrsta sinn á ævinni.

Barnagælur er fyrsta skáldsaga Óttars Martins Norðfjörð og það er óhætt að segja að hann taki nokkra áhættu að fjalla um jafn eldfimt efni og barnamisnotkun er. Óttar fer ekki í felur með það að hann er undir sterkum áhrifum frá Bret Easton Ellis og bók hans American Psycho, sem deildi sterkt á hið bandaríska uppasamfélag sem reið húsum á níunda áratugnum. Óttar heimfærir American Psycho yfir á íslenskt samfélag í dag. Rétt eins og ofuruppinn Patrick Bateman er Pétur ofurupptekinn af veraldlegum gæðum og útliti og gerir allt hvað hann getur til að lágmarka líkamleg einkenni mennskunnar, til dæmis með „Anal fresh power" töflum svo hann þarf ekki að hafa hægðir nema einu sinni í viku. Og eins og Bateman er Pétur hinn mesti svíðingur, svo ekki sé fastar að orði kveðið; lætur sig engu skipta þótt móðir hans falli frá og byrlar syrgjandi föður sínum ólyfjan til að komast á djammið og áður en yfir lýkur hefur honum líka tekist að myrða vin sinn og matreiða hann.

Á köflum er Barnagælur viðbjóðsleg og allt að því óbærileg lesning. Rétt eins og Ellis dregur Óttar ekkert undan og grafískar lýsingar á „samlífi" hans og Sóleyjar og fleiri stúlkubarna eru með því hroðalegasta sem ég hef lesið. Það er auðvelt, jafnvel freistandi, að henda bókinni frá sér í miðjum lestri og afskrifa hana sem rusl. En eitthvað er Óttar að fara og greinilegt að valdníðsla er honum hugleikin um þessar mundir. Pétur B. er fulltrúi valdsins, bæði sem þingmaður og innanbúðarmaður í Sjálfstæðisflokknum og þegar hann ráðskast með börn. Óttar hefur afskaplega góð tök á textanum og getur til dæmis gert hrottalegustu atburði meinfyndna eins og þegar Pétur flettir í kokkabókum Jóa Fel og Ágústu Johnson til að komast að hvernig best sé að elda Guðjón vin sinn, þannig að hann verði í senn bragðgóður og hollur. Bókin er hins vegar sjaldnast fyndin - þvert á móti. Grafískar „ástarsenur" í anda Rauðu seríunnar gera kynferðisofbeldið enn viðbjóðslegra en ella. Bókin er skrifuð í fyrstu persónu, sem er nokkuð djarft, en Óttar skapar sér líka ákveðna fjarlægð frá Pétri og stillir sjálfum sér í raun upp sem andstæðu hans; Pétur kaupir nefnilega ljóðabók Óttars, Grillveður í október, og hefur gaman ef en skilur augljóslega ekki boðskapinn.

Hið sama má segja um þann sem þetta skrifar og Barnagælur. Ég stend eiginlega á gati gagnvart henni. Því er ekki að neita að hún leitar á mann að loknum lestri, en ég geri mér litla grein fyrir hvað hangir á spýtunni. Þá gerir staðfæringin á American Psycho það að verkum að Barnagælur verða lítið annað en bergmál af henni og Óttar skapar sér ekki nógu skýra rödd.




**BARNAGÆLUR**
HÖF. ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ

**Útg:** Mál og menning
**Niðurstaða:** Óttar Martin Norðfjörð sýnir tilfinningalífi lesenda litla tillitssemi í hrottalegri frásögn af valdi og valdníðslu. Hins vegar er erfitt að gera sér grein fyrir hvað hangir á spýtunni.



**ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ** Höfundur Barnagælna.


HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

24. sýn. 28. des.

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is


# Útibú Cervantesar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands verða útibú norrænu Cervantes-stofnunarinnar hér á landi.

Menningarmálastofnun Spánar opnaði á árinu 2005 miðstöð starfsemi sinnar á Norðurlöndunum. Aðsetur hennar er í miðborg Stokkhólms og er henni ætlað að efla menningarsamskipti Spánverja og íbúa Norðurlandanna allra.

Fyrir stuttu komu fulltrúar stofnunarinnar hingað til lands í heimsókn. Í kjölfarið voru Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands valin til að verða framtíðarútibú og aðsetur starfseminnar hér á landi.



**CERVANTES** Menningarmálastofnun Spánar er nefnd í höfuðið á helsta rithöfundi Spánverja.


Hin víðfræga skötuveisla á Þorláksmessu





Heineken

POTTURINN OG PANNAN
Borðapantanir í síma 551 1690

Opið 11.30 - 22.00 – Brautarholt 22 – 105 Reykjavík – Sími 551 1690 – www.potturinnogpannan.is

## NÝJAR BÆKUR

Salka hefur sent frá sér ljóðabókina **Tímasetningar** eftir Margréti Lóu Jónsdóttur. Stundum geta tímasetningar skipt sköpum. Hvenær ætlum við að skilja að blóðugar styrjaldir bæta ekki heiminn? Mögnuð ljóðabók sem á erindi til allra sem elska lífið og vilja gera það betra.





Eftir Símon Jón Jóhannsson er komin út ljóðabókin **Kaffið í aldingarðinum**. Þetta er fyrsta ljóðabók höfundar, sem hefur tekið saman ýmis rit um þjóðfræði og fleira.

**Atviksorð í þátíð** eru ljóðmæli Hermanns Pálssonar íslenskufræðings, sem lengi vel var prófessor í Edinborg. Hermann lést af slysförum í Búlgaríu árið 2002. Eftirmála ritar Baldur Hafstað. Bókaútgáfan Hofi gefur út.



Sunnlenska bókaútgáfan hefur gefið út ljóðabókina **Einnar báru vatn** eftir Sigríði Jónsdóttur, bónda í Arnarholti í Biskupstungum. Þetta er fyrsta bók höfundar en ljóðin ganga nærri lesanda vegna þess hvað þau eru persónuleg, hlý og opinská.



Bókaútgáfan Grámann hefur gefið út skáldsöguna **Sebastíanshús** eftir færeyska rithöfundinn Oddvör Johansen. Bókin vann til fyrstu verðlauna í skáldsagnasamkeppni Listahátíðarinnar í Færeyjum 2004.





**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Bók hennar, Sólskinshestur, er á leiðinni á erlendan markað.

# Steinunn á sigurbraut

Metsölubókin Sólskinshestur eftir Steinunni Sigurðardótur kemur út í Danmörku og Svíþjóð.

Allar skáldsögur Steinunnar hafa verið þýddar á sænsku og á næsta ári er fyrirhuguð útgáfa ljóðabókarinnar Hugástir í þýðingu Johns Swedemark hjá útgefanda hennar í Svíþjóð, Wahlström og Widstrand.

Útgefendur Steinunnar í Danmörku er stærsta og virtasta forlag landsins, Gyldendal. Gyldendal gaf út Jöklaleikhúsið fyrr á árinu og fékk bókin frábærar viðtökur ritdómara þar í landi.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Edith Piaf væri orðin níræð

Í dag hefði Edith Piaf, ein frægasta söngkona heims, orðið níutíu ára gömul. Af því tilefni verður flutt í Þjóðleikhúsinu söngdagskrá um Edith Piaf úr samnefndri sýningu leikhússins.

Það er Brynhildur Guðjónsdóttir sem er í hlutverki Edith Piaf. Brynhildur hefur heillað landann með túlkun sinni á Edith Piaf, einhverri ógleymanlegustu rödd síðustu aldar, en fyrir hana hlaut Brynhildur Íslensku leiklistarverðlaunin, Grímuna, sem besta leikkona í aðalhlutverki.

Sýning Þjóðleikhússins á Edith Piaf eftir Sigurð Pálsson hefur gengið fyrir fullu húsi í yfir níutíu skipti og virðist ekkert lát á vinsældum hennar. Söngdagskráin, sem flutt verður í kvöld, hefur verið flutt áður á Egilsstöðum og Akureyri og hlotið frábærar viðtökur.

Piaf var goðsögn í lifanda lífi. Lífshlaup hennar var einstakt; hún ólst upp meðal vændiskvenna og bófa í skuggahverfum Parísarborgar en með rödd sinni og einstakri túlkun komst hún upp á svið helstu hljómleikahúsa heims. Við kynnumst konu sem aldrei afneitaði neinu og allra síst fortíð sinni og uppruna, hvað þá ástarsamböndum sínum.

Flytjendur auk Brynhildar verða leikarinn Baldur Trausti Hreinsson og tónlistarmennirnir Jóhann G. Jóhannsson á píanó, Birgir Bragason á kontrabassa, Hjörleifur Valsson á fiðlu, Jóel Pálsson á tenórsaxófón og klarinett og Tatu Kantomaa á harmónikku. ■



**BRYNHILDUR Í HLUTVERKI PIAF** Söngatriði úr leiksýningu Þjóðleikhússins verða flutt í kvöld í tilefni af því að níutíu ár eru liðin frá því Edith Piaf fæddist.



# Jól í ferðatösku

Það er löngu hætt að þykja sjálfsagður hlutur að hanga heima um jólin. Margir leggja land undir fót og ferðast til sólarlanda eða til kaldari landa og skella sér á skíði. Enn aðrir heimsækja ættingja erlendis á meðan sumir láta sér nægja að kúra í sumarbústaðnum. Flestir hafa það þó huggulegt heima hjá sér og klæðast sínu fínasta pússi.







## Jól í skíðaferðinni

Í fyrsta lagi skal taka fram að afar óhentugt er að fara í skíðaferð án skíðanna, skíðaskónna og skíðastafanna. Auk þess fær MP3-spilarinn að fljóta með í ferðina því það getur tekið langan tíma að skíða niður fjöllin og hvað er þá betra en að vera með sæt íslensk jólalög í eyrunum? Hungrið sækir svo oftar á þegar íþróttir eru stundaðar í kuldanum og því skal vera eitthvað snakk í bakpokanum. Það skal ekki vera neitt annað en laufabrauð og heitt jólaglögg í brúsa. Hressir, bætir og kætir. Að lokum skal svo taka með hlýjar jólasveinahúfur á alla fjölskyldumeðlimi með og myndavél til að festa herlegheitin á filmu. Það verður svo engin spurning hvaða mynd fer í jólakortin á næsta ári.

## Jól á ströndinni

Sjáið fyrir ykkur jól á ströndinni þar sem þið sitjið á ströndinni á aðfangadag, laus við allar áhyggjur um það hvort hamborgarhryggurinn sé tilbúinn í ofninn eða hvort allar jólagjafirnar séu komnar í hendur viðtakenda. Þið eruð löngu búin að redda öllu til þess að eiga róleg heita hátíðastund á ströndinni. Það eina sem ykkur vantar er hinn fullkomni svaladrykkur og eruð guðslifandi fegin að þið ferðuðust með hann í handfarangri alla leið frá Íslandi. Egils malt og appelsín var það heillin því það er einfaldlega hinn fullkomni svaladrykkur um jólin. Smá bragð af íslenskum jólum á strönd í Miðjarðarhafinu.

Annað sem nauðsynlegt er að hafa með í ferðina er öll jólakortin sem þið gripuð með ykkur og getið dundað ykkur við að lesa á ströndinni. Varla þarf svo að minnast á nauðsyn þess að taka með sundföt, sólarvörn og köfunargræjur, allt hlutir sem sjaldnast eru á listanum yfir það allra nauðsynlegasta á jólunum.






## Jól í borginni

Það er engin afsökun fyrir því að dressa sig ekki upp í fínt púss í borginni og því má glamúrinn ráða ríkjum þar. Fínir skartgripir, fallegur farði og flottur kjóll á konurnar og glæsileg jakkaföt og nýpússaðir skór á karlmennina. Sopið er á góðu víni á meðan maturinn er eldaður og stillt er á jólaguðspjallið á gufunni. Þegar matarveislunni og pakkabrjálæðinu er lokið fær fína pússið oft að víkja fyrir nýjum náttfötum eða þægilegum heimafötum. Heimagerði ísinn er sóttur í frystinn og fjölskyldan hefur það notalegt, les nýjar jólabækur eða hlustar á jólatónlist. Það er ekkert verra að vera bara heima á jólunum.

## Jól í sumarbústaðnum

Hvað er rómantískara en að hygge sig fyrir framan kamínuna með elskunni sinni á jólunum í kyrrðinni uppi í sveit? Gott er að taka teppi með til að kúra undir. Stífu og óþægilegu sparifötin voru skilin eftir heima og klæðnaðurinn einkennist af hlýrri peysu, joggingbuxum og ullarsokkum. Útifatnaður samanstendur af regnfötum og stígvélum þar sem við horfum víst fram á rauð jól og frekar má búast við rigningu en snjókomu í göngutúrunum sem eru ómissandi í sumarbústaðaferðum. Gott er að hafa með sér föndurdót, skemmtilegt spil eða jafnvel smákökudeig svo hægt sé að dunda sér við að baka og fylla bústaðinn af dásamlegri lykt á jóladagsmorgni.


Ótrúlegt verð
á sófasettum á vaxtalausu tilboði
Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri
OPIÐ til kl. 22 öll kvöld til jóla
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 9.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 189.980,-
Leðursófasett 3+1+1 Chesterfield
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Leðursófasett 3+1+1 Dany
Öll sófasett fást á VAXTALAUSUM GREIÐSLUM
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Leðursófasett 3+1+1 3166
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 8.999* kr á mán. í 20 mánuði Verð 179.980,-
Leðursófasett 3+1+1 Nice
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 9.999* kr á mán. í 20 mánuði Verð 174.980,-
Leðursófasett 3+1+1 Relax
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Leðurhornsófi 2+h+2 3130
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Leðursófasett 3+1+1 M6217
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 6.599* kr á mán. í 20 mánuði Verð 131.980,-
Hornsófi 2+h+2 Bycast
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Leðursófasett 3+1+1 3057
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 7.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 149.980,-
Púðahornsófi 2+h+2 Paris
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 12.499* kr á mán. í 20 mánuði Verð 249.980,-
Leðursófasett 3+1+1 3002
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.
Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VELGENGNI ER ALDREI SJÁLFGEFIN

**Kiefer Sutherland** er væntanlegur hingað í þessari viku ásamt hljómsveitinni Rocco and the Burden og fimm manna tökuliði sem gerir heimildarmynd um veru þeirra hér á landi. *Freyr Gígja Gunnarsson* fékk símtal frá gullröddinni og var sem betur fer ekki staddur í símaklefa.



Umboðsmaður Kiefer var eitthvað stressaður. Hún hafði sent nokkra tölvupósta fyrr um daginn til að athuga hvort símanúmerin væru örugglega ekki rétt. Stúlkan vildi fullvissa sig um að einhver yrði við símann klukkan sex. Hringdi síðan á undan og sagði leikarann verða við síman eftir nokkrar sekúndur. Hún vildi athuga hvort allt væri ekki örugglega í lagi.

**Tónlistin kallar fram minningar**

Kiefer Sutherland var allur hinn rólegasti enda vanur maður þegar kemur að fjölmiðlum. „Ég vaknaði í morgun og áttaði mig á því að það eru bara nokkrir dagar eftir í tökum á 24. Fékk heimsókn frá fólkinu sem kemur með mér til Íslands og áttaði mig á því hvað það væri stutt í að ég kæmi hingað. Mér leið eins og litlum krakka á jólum,“ var það fyrsta sem leikarinn sagði með sinni djúpu karlmannlegu rödd. Hún þykir svo góð að þrátt fyrir að leikarinn sjálfur hafi komið fyrir í tæpar þrjár sekúndur í kvikmyndinni Phone Booth er hann titlaður sem einn af aðalleikurunum. Hann gerir þó ekki neitt annað en að tala í síma við Colin Farell, sem er staddur í símaklefa, og drepa fólk með rifli.

Leikarinn kemur ekki hingað í þeim erindagjörðum að liggja í leyni og skjóta á fólk. Hann er hér á vegum útgáfufyrirtækisins Ironworks sem hann á með besta vini sínum Jude Cole, þekktum lagasmið í Bandaríkjunum. „Okkur hefur langað að stofna plötufyrirtæki síðastliðin tuttugu ár,“ segir leikarinn. „Það skorti alltaf tíma eða vantaði peninga en fyrir nokkru gafst okkur tækifærið og við gripum það,“ heldur hann áfram. Ironworks er ekki stórt í sniðum heldur einbeitir sér aðallega að því gefa tónlistarmönnum tækifæri sem að öðrum kosti fengju þau ekki.

Tónlistin er ástríða hjá Kiefer og hann er mjög ánægður að geta sinnt henni á þennan hátt. „Tónlistin tengir mig við minningarbrot,“ útskýrir Kiefer og segist meðal annars alltaf verða hugsað til eldri bróður síns þegar hann heyri Bítlalag. „Þegar lag með Led Zeppelin hljómar verður mér hugsað til fyrsta kossins.“ Leikarinn segist þó ekki hafa neina hæfileika á tónlistarsviðinu sjálfur. „Ef þú myndir heyra í mér tækir þú undir það,“ segir hann og skellir upp úr.

**Að nota frægðina til einhvers góðs**

Kiefer og tónlistarmaðurinn Rocco komu hingað fyrir tæpu ári. Heimsóknin vakti mikla athygli og Kiefer veit vel að frægð hans nýtist listamönnum sem eru ekki jafn þekktir. „Ég hef aldrei viljað nota frægð mína til að fá betri borð á fínum veitingastöðum,“ segir hann af einlægni. „Með því að nýta hana með því að koma öðrum á framfæri líður mér eins og hún komi að einhverju gagni.“

Rocco hefur nokkra sérstöðu innan Ironworks-útgáfunnar því hann er fyrsti tónlistarmaðurinn sem fyrirtækið gefur út án hjálpar stórs dreifingarfyrirtækis. Kiefer fer heldur ekkert leynt með aðdáun sinni á honum. „Þegar fólk á Íslandi frétti fyrst af honum var það mjög efins og ég skil það vel. Ég trúi því hins vegar að þegar áheyrendur heyri í honum og hljómsveitinni gleymi þeir að ég kom þarna einhvers staðar nærri,“ segir Kiefer af miklum sannfæringarkrafti og finnst það vera ábyrgðarhlutverk að vera í þessari stöðu. „Þegar þú ert með svona mikla hæfileika í höndunum er eins gott að þú klúðrir ekki neinu.“

Leikarinn leggur mikið á sig til að kynna Rocco um alla Evrópu. Hann gerir heimildarmynd um ferðalag þeirra um álfuna en með þeim í för er fimm manna tökulið sem festir rúntinn á filmu. Kiefer segir að þeir hafi þegar selt réttinn á myndinni til Sky One og þeir vonist til að sjónvarpsstöðvar á Íslandi, Þýskalandi og víðar taki vel í hana. „Við viljum hjálpa honum að finna réttu áheyrendurna og teljum að við getum orðið honum að liði með heimildarmynd.“

**Á 24 margt að þakka**

Framhaldsþættirnir 24 héldu upp á upptöku hundraðasta þáttarins fyrir ekki margt löngu. Vinsældir þeirra hafa verið með eindæmum en Kiefer segir það hafa komið sér á óvart hversu hratt tíminn hafi liðið og hann hafi ekki búist við velgengni þáttaraðarinnar. „Hópurinn sem starfar að 24 hefur alltaf einbeitt sér að hverjum þætti fyrir sig og þetta afmæli kom eiginlega í bakið á okkur,“ segir Kiefer og hlær. „Við erum 125 sem vinnum daglega við gerð þáttarins og það verða allir að leggjast á eitt til að þetta gangi upp,“ útskýrir leikarinn og segist vita það af eigin raun að velgengni komi ekki af sjálfu sér. „Það þarf allt að smella.“

Það er stundum álitið að það sé ekki einungis Kiefer sem sé 24 heldur eigi Sutherland sjálfur þáttaröðinni margt að þakka. Hann viðurkennir það líka að einhverju leyti. „Ég hef alltaf verið heppinn að geta unnið en á tímabili tók ég þátt í verkefnum sem kannski tíu manneskjur sáu,“ segir hann og margir höfðu afskrifað leikarann eftir nokkra skelli. „Ég er mjög meðvitaður um þau tækifæri sem 24 hefur veitt mér og reyni að endurgjalda þann greiða,“ bætir hann við.

**Jack Bauer er ekki eilífur**

Fyrir nokkur var leikarinn tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn sem Jack Bauer. Svo skemmtilega vill til að faðir hans, Donald Sutherland, er einnig tilnefndur fyrir leik sinn í þáttaröðunum Commander in Chief. „Hann hefur mjög gaman af þessu,“ segir Kiefer og skellir upp úr. „Hann var fyrst mjög smeykur við viðtökurnar,“ bætir hann við en eins og góðum syni sæmdi róaði Kiefer pabba sinn niður og trúði honum fyrir því að hann hefði verið jafn smeykur á sínum tíma fyrir 24. „Hann nýtur þess núna,“ segir Kiefer.

Leikarinn telur þó að þessar tilnefningar hafi fyrst og fremst jákvætt kynningargildi fyrir þáttinn í heild sinni. „Þegar gullknöttурinn birtist áhorfanda sem aldrei hefur séð þættina þá veit hann að þetta er ákveðinn gæðastimpill,“ segir Kiefer. „Ég er auðvitað mjög stoltur af þessari tilnefningu og vona að þetta verði notalegt kvöld.“

Það gæti farið að draga til tíðinda í næstu 24 seríu og útilokar Kiefer ekki dauða Jack Bauer þó að auðvitað geti hann ekkert sagt til um það. Í upphafi fimmtu seríunnar er Jack kominn í allt annað umhverfi. Hann er hættur hjá CTU og hefur hafið nýtt líf. „Síðan verða atburðir í einkalífi hans sem verða til þess að hann fer á kreik að nýju en ekki undir fána einhverrar opinberrar stofnunar,“ segir hann.

Kiefer segir að það séu ekki persónur þáttanna sem séu stjörnurnar heldur hugmyndin á bak við þættina, þetta tíma „format“. „Áhorfendur verða að gera sér grein fyrir því að Jack Bauer er eins og hver önnur persóna þáttanna og þær geta allar dáið,“ segir hann og andvarpar. „Auðvitað vona ég að svo verði ekki,“ bætir hann við og það birtir aðeins til í röddinni. Kannski að Bauer lifi þáttaröðina af? ■

## BESTU MYNDIR SUTHERLAND

**1) LOST BOYS:** Það er fátt jafn skemmtilegt og að vera vampíra í kvikmynd eftir Joel Schumacher.
**2) STAND BY ME:** Skemmtileg endurminningarmynd eftir Rob Reiner. River Phoenix í einum af sínum fyrstu hlutverkum.
**3) YOUNG GUNS:** Kúrekamynd fyrir bæði kynin. Sætir strákar á hestbaki og alveg ótrúlega svalir.
**4) FLATLINERS:** Kiefer storkar dauðanum með Juliu Roberts. Allir heitustu leikarar tíunda áratugarins samankomnir í spennumynd eftir Schumacher.
**5) A TIME TO KILL/A FEW GOOD MEN:** Þegar leið á tíunda áratuginn fór Sutherland að feta enn frekar í fótspor föður síns og tók að sér vel skrifaðar aukapersónur.

## Hefur alltaf verið í sviðsljósinu

Kiefer Sutherland hefur verið í sviðsljósinu nánast frá fæðingu. Faðir hans, Donald Sutherland, er hálfgerð goðsagnapersóna og meðal frægustu leikara samtímans. Hann ákvað snemma að feta í fótspor föður síns og fyrsta hlutverkið fékk hann sautján ára gamall í kvikmyndinni Max Dugan þar sem hann lék á móti pabba sínum. Stjarna Kiefer fór þó fyrst að rísa þegar hann lék Ace Merrill í kvikmyndinni Stand By Me eftir Rob Reiner.

Í kjölfarið fylgdi vampírumyndin Lost Boys í leikstjórn Joel Schumacher en hún gerði Kiefer að stórstjörnu í Hollywood og í henni kynntist leikarinn einum af sínum bestu vinum, Jason Patrick, en þeirra vinskapur átti eftir að fá óvæntan endi.

Þeir félagar skemmtu sér þó konunglega sem nýstirnin í Hollywood og Kiefer lék í myndum á borð við Young Guns og Flatliners sem báðar urðu mjög vinsælar. Síðan fór að halla undir fæti hjá Sutherland og honum tókst ekki að viðhalda velgengninni. Hann lék sífellt minni hlutverk í stórum myndum og var talað um deyjandi stjörnu. Það má því segja að með 24 hafi Kiefer gengið í endurnýjun lífdaga en leikarinn hefur verið tilefndur til Golden Globe verðlaunanna fjórum sinnum fyrir leik sinn sem Jack Bauer og þættirnir eru margverðlaunaðir.

Kiefer hefur látið fara minna fyrir sér á síðum slúðurblaðanna en þar var hann daglegur gestur þegar best lét í upphafi tíunda áratugarins. Leikarinn hefur reynt fyrir sér sem knapi í kúrekaíþróttum en nú einbeitir hann sér að dótturinni Söruh Jude ásamt því að kynna þættina.



**SUTHERLAND-FEÐGARNIR** Þeir feðgar eru báðir tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna í ár, Kiefer sem Jack Bauer í 24 og Donald fyrir leik sinn í Commander in Chief. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Frægasti flótti Hollywood

Í upphafi tíunda áratugarins var varla til heitari leikari en Kiefer Sutherland. Hann var ungur, myndarlegur og villtur. Við tökur á myndinni Flatliners árið 1990 komst hann í kynni við unga og efnilega leikkonu sem spáð var miklum frama í kvikmyndaborginni, Juliu Roberts.

Kiefer og Julia áttu að verða næsta gullparið í Hollywood og sambandið fékk mikla athygli frá fjölmiðlum. Það voru flestir sammála um að þarna væru vonarstjörnur Hollywood. Þau virtust njóta allrar athyglinnar. Ástin þykir enda góð markaðsvara í Hollywood. Svo kom stóra fréttin. Þau ætluðu að gifta sig. „Brúðkaup ársins,“ sögðu slúðurblöðin.

Hljóðveri nr. 14 hjá 20th Century Fox myndverinu var breytt í rósagarð. Stærsta kakan pöntuð, veislugestir yrðu hátt í þúsund, það hefði ekki sést glæsilegri kjóll og athöfnin myndi seint eða aldrei gleymast. Hinn 14. júní árið 1991 yrði brúðkaup ársins haldið. Paparazzi-ljósmyndarar voru mættir í tugatali. Það ætluðu allir að hafa hamingjusama stjörnuparið, nýgift, á forsíðunni sinni.

Daginn eftir voru þau svo sannarlega á forsíðum allra slúðurtímarita og reyndar allra blaða. Hvorki Kiefer né Julia voru þó yfirmáta ánægð né heldur með hringana. „Julia flýr af hólmi.“ var prentað í stríðsfréttafyrirsögnum. Leikkonan hætti við allt saman. Kakan, sem átti bara eftir að fara inn í ofninn, var látinn eyðileggjast. Brúðarmeyjarnar urðu að láta af hendi skóna sem þær höfðu fengið að láni. Kiefer flutti út úr íbúð Juliu.

Hún sást á brúðkaupsdaginn með Jason Patrick, besta vini Kiefer, á veitingastað í Los Angeles. Þau létu sig síðan hverfa til Írlands þar sem talið er að þau hafi gist í íbúð bassaleikara U2, Adam Clayton. Jason og Julia voru nýja parið. Kiefer skilin eftir í sárum.

Þessi flótti Juliu Roberts er einhver sá frægasti í manna minnum meðal stjarnanna í Hollywood og öðru hvoru er hann rifjaður upp. Kannski vegna þess að Roberts tók að sér hlutverk í kvikmyndinni Runaway Bride þar sem hún lék brúði sem lætur sig alltaf vanta upp við altarið.



**KIEFER OG JULIA** Á sínum tíma voru þau heitasta parið í Hollywood en sambandið fékk óvæntan endi þegar Julia boðaði forföll í eigið brúðkaup á síðustu stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


SONY
Allt þetta
í einum pakka
SÍÐASTA SENDING
UPPSELD!
KLVS32A10
SONY 32"LCD SJÓNVARP
·32" LCD sjónvarp
·1366x768 pixel Upplausn
·Contrast 1000:1
·Birta 500 cd/m2
·Borðstandur (hægt að snúa)
·High Definition Ready
Verð áður
219.950 krónur
32
SONY
Tryggðu þér eintak úr næstu sendingu
Lendir þriðjudaginn 20. desember!!!
Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.
HTSS600
SONY HEIMABÍÓ
Kaupauki
·Útvarpsmagnari 600W RMS
·S-Master Digital magnari
·Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
·5 hátalarar + Bassahátalari
Verð áður
49.950 krónur
DVP-NS360
SONY DVD SPILARI
Kaupauki
·Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
·Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
·Dolby Digital DTS
Verð áður
12.950 krónur
Heildarpakkinn!
18.329 kr.
á mánuði* í 12 mánuði
eða 219.950 krónur staðgreitt.
Listaverð 282.850 krónur
like.no.other™
BaseCamp
Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is
*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

# Tíunda og síðasta diskókvöld Margeirs

Tíunda og síðasta diskókvöld plötusnúðarins **Dj Margeirs** verður haldið á Óðali á annan í jólum. *Fréttablaðið* lagði nokkrar spurningar fyrir Margeir í tilefni tímamótanna.

*Hvernig varð diskóið til?*
„Diskóið varð til í næturklúbbum Frakklands og á börum samkynhneigðra í New York á öndverðum áttunda áratugnum. Ég var staddur þar og fann að eitthvað var að fæðast. Eitthvað nýtt. Eitthvað spennandi. Eða bara eitthvað. Guð var að búa til diskódansinn. Gáttir himnaríkis opnuðust og stróbljós bárust um himininn. Ég var kominn með tilgang í lífinu - diskódans.

Hann hefur kennt mér að ástin er sterkari en hatrið. Að fyrirgefningin er máttugri en firringin. Að frelsið er öflugara en helsið og að lífið sigrar dauðann. Takturinn dynur að eilífu.“

*Hvers vegna byrjaðirðu með diskókvöldin?*
„Ég hef einbeitt mér að þróaðri diskómúsík á meðan aðrir eru að láta undan markaðnum og spila svokallaða brennivínsslagara. Björk er t.d. nýbúin að meika það. Svo er Brunaliðið alltaf að flytja lög eftir sjálfan mig, án leyfis. En ég taldi verulega þörf fyrir því að rífa poppmúsíkina upp úr dauðateygjumládeyðunnar.Diskókvöldin voru liður í því. Svo gerði ég það einnig með því að semja bara tónlist sem ég vissi að fengi spilun í óskalagaþáttum í útvarpinu. Ég vil nefnilega skapa og framleiða músík sem ég get kallað list. Tónlist.“

*Hvernig fara kvöldin fram?*
„Á þessum kvöldum er leikin rytmísk diskómúsík að erlendri fyrirmynd. Einkennin eru þungt bassatrommuhögg á hverju slagi, tónaflúr spilað á fiðlur og háhattur sem opnast og lokast í sífellu. Þetta minnir mjög á stóra maskínu í fullum gangi, til dæmis prentvél á mesta hraða. Reykurinn úr reykvél felur skuggana sem skapast í tíbrá ljósabúnaðarins. Léttklædd ungmenni dansa taktfast við magnaðar strengjaútsetningar, bassatrommuhögg og handaklöpp. Dansgólfið ólgar af ástríðu. Rakar skyrtuermar klístrast við ískalt hörund dansaranna þegar þeir vefja handleggjum um líkama sinn. Þeir baða sig í þeirri huggun sem sterkur líkami dansfélagans veitir þeim og reyna að hugsa ekki um neistana sem skjótast á milli taugaendanna hér og þar í líkama þeirra. Nóttin er ung og tónlistin er há. Diskókúla brotnar.“

*Hvernig fólk mætir á diskókvöldið?*
„Diskódansarinn er sérstök manngerð. Diskódansari er snyrtimenni, hún er í góðu líkamlegu formi - með langar skapleggjar lappir og mjaðmir til að drepa fyrir. Hún er taktföst. Diskódansarinn hrífst af myndarlegum dökkhærðum diskótekurum, með tilbreytingu í huga. Þó er allt opið.

Diskódansari elskar diskótónlist og diskótónlistin elskar hana á móti. Ekkert er ómögulegt í sporgilljósi diskókúlunnar. Nóttin heldur áfram.“

*Þú hefur staðið í alls konar sprelli í tengslum við þetta kvöld. Gefið út dagatal, plötu og annað...*
„Já, og gagnrýnendur tættu plötuna í sig. En á röngum forsendum, þeir héldu að um skallapopp væri að ræða. Á milli mín og gagnrýnenda er einstakt samband. Stundum skiljum við hverjir aðra. En skilningur hefur aukist síðan þá. Mér finnst heimurinn loksins orðinn tilbúinn að taka við diskói aftur. Mörg teikn eru á lofti; Madonna er til dæmis búin að gefa út diskóplötu. Því finn ég að starfi mínu sé að ljúka.

Þetta er síðasta diskókvöldið og nú höldum við upp á árangurinn. Annars leiðist mér að þú skulir kalla þetta „sprell“. Ég er náttúrlega að dreifa út boðskap. Gaf út dagatalið til að halda Íslendingum við efnið og til að gefa þeim von. Til þess að það gleymist ekki í amstri dagsins að öll kvöld eru laugardagskvöld. Á hverju augnabliki hvers dags er einhver, einhvers staðar að dansa diskódans.“

*Ertu ekki að spila eitthvað úti af og til?*
„Jú, ég ferðast á milli landa eins og fólk fer í og úr vinnu með almenningssamgöngum. Fyrir mér er það eðlilegasti hlutur í heimi að hoppa upp í farþegaþotu og skjótast t.d. til Nýja-Sjálands á meðan pöpullinn bíður eftir leið 11 á leið sinni upp í Breiðholt. En ég hef enga fordóma gagnvart þessu fólki. Það kemur iðulega og hlustar á mig spila og þá tek ég ávallt vel á móti því. Það eiga allir diskódans skilinn.“

*Þú virðist vaða í seðlum þarna ytra. Svo heimsækir þú Ísland reglulega með stórfengleg hljómborðstæki í farangrinum.*
„Ég hef einstakt lag á því að ná tilfinningu út úr hljóðgervlinum; spila það sem kallað er heitur hljómborðsleikur. Nett raddsvið bæti ég svo upp með stuði og góðri rokktilfinningu - án þess þó að byrja að pönka. Pönkið er náttúrlega bara eitthvað sem er sprottið upp af þjóðfélagslegri spennu hjá lágstéttalýð í London sem notar bara léleg rafmagnshljóðfæri til að túlka skoðanir sínar. Rimlarokk, svokallað. Þeir kunna náttúrulega ekki á hljóðgervla, þú skilur?“

*Hvar hafa kvöldin verið haldin?*
„Ég reyni alltaf að velja staðinn af mikilli kostgæfni og það þarf að huga að ýmsu áður en ákveðið er hvar kvöldið er haldið hverju sinni. Skemmtistaðir þurfa að ganga í gegnum ýmiss konar próf áður en þeir koma til álita. Við mælum meðal annars styrkleika dansgólfs, liðugleika og úthald starfsfólks og einnig könnum við viðmót, hlýju og táp dyravarða. Í ár fer gleðin fram á diskótekinu Óðali, vöggu diskódansins á Íslandi.“

*Persónan sem þú ert búinn að skapa? hvernig datt þér hún í hug?*
„Ha, hvaða persóna? Ég kem til dyranna eins og ég er klæddur. Ef ég er í fötum.“



**DJ MARGEIR** Tíunda og síðasta diskókvöldið verður haldið á Óðali á annan í jólum.






# Glamúrhárspangir

Jólin og áramótin eru rétti tíminn til að dressa sig upp og láta glamúrinn ráða ríkjum. Þá er jólakjóllinn tekinn fram, jólaskórnir pússaðir vandlega og svo skreytum við okkur með dásamlegum skartgripum. Það má þó alls ekki gleyma hárinu. Um þessar mundir eru spangir gífurlega vinsælar svo ekki sé talað um skreyttar hárspangir. Þær eru hið fullkomna tæki til að hrista upp í hárstílnum. Það þarf enga flotta greiðslu heldur einungis þetta flotta hárskraut og glæsileikinn er mættur. Hárspöngin fæst í Pjúru en einnig er hægt að finna dásamlegar hárspangir í Kronkron á Laugavegi. Ekki amalegt að skarta íslenskri hönnun yfir hátíðarnar. Skál! ■



**HÁRSPÖNG** Glæsileg spöng sem er tilvalin í áramótapartýið, fæst í Pjúru.



**ÚLNLIÐSHLÍFAR** Halda höndunum hlýjum og skreyta fallega ullarkápu.

# Upplífgandi úlnliðshlífar

Á jólunum eru fjölmörg jólaboð, jólaböll, skemmtanir og fleira sem við flykkjumst í og um að gera að vera smart í klæðaburði. Það er þó kalt úti og því er nauðsynlegt að eiga fallegar og hlýjar flíkur. Vettlingar eiga það til að vera örlítið lummulegir og passa kannski ekki nógu vel við fínu kápuna þína. Þá koma þessar úlnliðshlífar, eða þessir fingralausu vettlingar sem fást í Pjúru, til góðra nota. Þeir eru dásamlega glæsilegir og lífga upp á fallega kápu. ■


GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!
SAM MYNDIR









## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breska strákabandið Take That ætlar að taka upp nýja plötu eftir að hafa klárað kombakk túrinn sinn en drengirnir ætla að halda 31 tónleika á næsta ári. Mark Owen býst þó ekki við því að fyrrum meðlimur sveitarinnar, Robbie Williams, muni taka þátt í gamninu. „Hann gæti komið og sungið með okkur á öllum tónleikunum ef hann vildi. En ég býst ekki við honum nema honum leiðist eða þá að það sé ekkert í sjónvarpinu. Hann kemur ekki," sagði Owen.



Leikarinn Morgan Freeman er ekki hrifinn af þeirri ákvörðun að tileinka svartri sögu heilan mánuð og segir hann þetta fáránlega hugmynd. „Ætliði að tileinka sögu forfeðra minna heilan mánuð? Ég vil ekki mánuð svartrar sögu. Svört saga er amerísk saga," sagði hann hneykslaður og benti á að enginn sérstakur hvítur mánuður væri til. „Það er ekki hægt að stöðva rasisma nema með því að hætta að tala um hann. Ég skal hætta að kalla ykkur hvíta menn ef þið hættið að kalla mig svartan mann."



Clint Eastwood og Quentin Tarantino ætla að heiðra leikarann Budd Boetticher í sjónvarpsmynd um þann gamla leikara en leikstjórarnir uppgötvuðu nýlega þennan sameiginlega áhuga á Boetticher. Eastwood segir þó að það hafi verið erfiðara en hann bjóst við að spjalla við Tarantino. „Framleiðendurnir notuðu mig til að fá Quentin til að komast af stað og trúið mér, það þarf ekki mikið."



Paris Hilton hefur fengið sér enn fleiri dýr og í þetta sinn tvo hunda í viðbót. Hún nú þegar nokkra hunda og hreysiketti en einn þeirra heitir Öskubuska. Hún virðist þó ekki vera dýravinur í alla staði því hún sést ósjaldan í pelsum eða Mukluk-skóm en í þá er notað kanínuskinn. Dýraverndunarsinnar hafa nefnt hana verst klæddu konuna fyrir að klæðast dýrafeldum.






# Bítlarnir höfða mál

Paul McCartney, Ringo Starr og ættingjar John Lennon og George Harrison heitinna hafa höfðað mál gegn hljómplötufyrirtækinu EMI.

Segjast þeir eiga inni hjá fyrirtækinu um 3,3 milljarða króna í höfundarlaun sem þeir hafa ekki fengið greidd. „Við höfum reynt að ná sáttum í góðri trú með samningaviðræðum og okkur þykir leitt að þær hafi ekki borið árangur," sagði talsmaður fyrirtækis Bítlanna, Apple. „Þrátt fyrir augljós ákvæði í samningum okkar hefur EMI horft algjörlega framhjá skuldbindingum sínum."

Bítlarnir slógu í gegn á sjöunda áratugnum með lögum á borð við She Loves You, A Hard Day's Night og Please Please Me en lagði upp laupana árið 1970. Sveitin hefur löngum verið talin merkasta poppsveit sögunnar.



**BÍTLARNIR** Bítlarnir hafa höfðað mál gegn hljómplötufyrirtækinu EMI.

# Skalli í sjampóbrúsa

Ung kona í Þýskalandi reyndi að gera keppinaut sinn í ástum sköllótta með því að setja háreyðingarkrem í sjampóbrúsa.

Hin tvítuga Brigitte Tullman fékk sex mánaða skilorðsbundinn dóm eftir að dómstóll í Mainz úrskurðaði um málið sem varðaði mjög sterkt háreyðingarkrem í sjampóbrúsa vinnukonunnar Lisu Burgermeister. Segja vitni að Lisa, sem einnig er tvítug að aldri, hafi nýlega byrjað að deita fyrrverandi kærasta Brigitte.

Tullman var ákærð fyrir að valda líkamstjóni þar sem umrætt háreyðingarkrem og sjampó breyttust við samruna í hættulega blöndu sem brenndi hendur Burgermeister áður en hún gat þvegið sér um hárið.

„Hendur Lisu voru mjög illa brenndar eftir ætandi efnablönduna og ég vil ekki hugsa út í afleiðingarnar ef hún hefði komist svo langt að þvo hár sitt upp úr henni," sagði læknir Lisu Burgermeister í vitnastúku.



**KÓRÓNA KONUNNAR** Fallegt hár þykir höfuðskart kvenna og auðvelt skotmark illra hefndaraðgerða.




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4-6-8-10 | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 6-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 5-8.10 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 4-6-8 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 8-10 | B.I. 12 |
| INTO THE BLUE | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4.20-8-11.40 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

**Háskólabíó**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5-7-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| NOEL | KL. 6-8 | |
| LORD OF WAR | KL. 10 | B.I. 16 |


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Scarlett Johansson var illa leikin eftir kynlífssenur með leikaranum Jonathan Rhys-Meyers við tökur á Woody Allen myndinni Match Point. Þau leika ástríðufulla elskendur en Rhys-Meyers sendi Johansson blóm eftir átakamikla tökuna. „Ég er með frjókkornaofnæmi og tökurnar fóru fram í rigningu svo þetta var hræðilegt. Ég var með bólgin augu í marga daga. Jonathan beit í vörina og það blæddi heilmikið.“



Elton John ætlar að halda upp á síðasta kvöld sitt sem ógiftur maður með því að halda heljarinnar partý með kabarett sýningu þar sem fram koma meðal annars George Michael, Sting og Lenny Kravits. Hann ætlar að bjóða gestum upp á snittur og kampavín og verða þjónarnir íklæddir kúrekabúningum. Aðrir sem koma fram í veislunni eru Bryan Adams, The Pet Shop Boys og Ian McKellen.



Jennifer Aniston neyddist til þess að hætta við að mæta í viðtal til Jay Lenos á föstudaginn vegna hálskvefs. Leno fékk leikarann Zach Braff í staðinn en ákvað að láta ekki spurningarnar sem hann hugðist spyrja Jennifer fara til spillis. Þegar hann spurði leikarann um samband hans við Vince Vaughn sagði Braff: „Ég er ástfanginn. Ég vil helst ekki tala um einkalíf mitt en þetta gengur mjög vel,“ sagði hann og bætti við: „Mér finnst eiginlega skemmtilegra að fara í viðtöl sem Jennifer Aniston.“



Spænsk leikkona hótar þessa dagana að kæra Victoriu Beckham eftir að hún kallaði hana druslu. Ana Obregon er fimmtug kona sem hefur haft auga á David Beckham og líkaði Victoriu það illa og skammaði hana illilega. „Þessar samræður sem áttu sér stað á milli Victoriu Beckham og Önu Obregon eru algjörlega óréttlátanlegar og fáránlegar,“ sagði lögmaður Obregon.



# Gefur engar pítsur í útvarpinu

Bob Dylan hefur alla tíð þótt afar dularfullur, og hvort sem hann er að finna Guð eða leika í nærfata-auglýsingum hafa aðdáendur hans aldrei almennilega áttað sig á því hvað hann er að hugsa. Hann hefur þó hleypt þeim nær sér en nokkru sinn fyrr með útgáfu á hinni stórskemmtilegu ævisögu sinni Chronicles, Nú gefst tækifæri á að kynnast gamla manninum enn betur, því hann hefur ákveðið að byrja með útvarpsþátt. Þátturinn verður sendur út á XM Satellite Radio, helsta gervihnattaútvarps-fyrirtæki Bandaríkjanna sem hefur um 5 milljónir áskrifenda.

Þættirnir munu vera klukkutíma langir og verða sendir út vikulega. Dylan mun sjálfur velja tónlistina og ræða um tónlist og önnur málefni. Jafnframt mun hann fá til sín gesti og svara tölvupósti frá áskrifendum.

Þátturinn hefst í mars á rokkstöð XM, Deep Tracks. „Mörg af lögum mínum hafa verið spiluð í útvarpinu, en þetta er í fyrsta sinn sem ég hef verið hinum megin við míkrófóninn,“ segir Dylan og jafnframt: „Þetta verður jafn spennandi fyrir mig og þetta er fyrir XM.“ Ekki er þó líklegt að hann taki upp á því að fara að gefa pitsur eða gera símaöt, að minnsta kosti ekki í fyrstu. ■

**BOB DYLAN** Hinn upprennandi útvarpsmaður






## Magdeburg lagði Gummersbach



Eftir að hafa leikið fjórtán leiki í röð án þess að tapa þurfti Gummersbach að sætta sig við tap gegn lærisveinum Alfreðs Gíslasonar í Magdeburg í þýska handboltanum. Guðjón Valur Sigurðsson var að venju markahæstur leikmanna Gummersbach með sjö mörk. Sigfús Sigurðsson lék vel í liði Magdeburg og skoraði fjögur mörk.

**sport**

sport@frettabladid.is

STEFÁN ARNARSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: ERFIÐIR LEIKIR FRAM UNDAN Í EM

# *Ísland mætir sterku liði Makedóníu*



„Þetta er gífurlega erfiður útivöllur og þær eru erfiðar heim að sækja en við eigum alveg jafna möguleika gegn þeim,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handknattleik, um dráttinn fyrir Evrópumótið í Svíþjóð í desember á næsta ári en Ísland dróst gegn Makedóníu. Fyrri leikur liðanna fer fram hér á landi í lok maí og sá síðari ytra viku síðar.

„Það er kannski ekki óskadráttur að fara á svona erfiðan útivöll en það voru bæðir plúsar og mínusar við öll liðin og því er þetta alveg jafn gott og hvað annað. Við eigum fína möguleika og erum alls ekki með lakara lið en þær makedónsku. Þær töpuðu til að mynda fyrir Hollandi og Rúmeníu sem eru tvær sterkar þjóðir sem við höfum borið sigurorð af en þetta verða æsispennandi leikir. Þær eru líkamlega sterkar og hávaxnar og byggja mikið á reynslumiklum leikmönnum sem komnar eru á efri aldurinn. Þær eru þó með gott lið og hafa unnið okkur stórt þegar við höfum spilað við þær en á móti kemur að við höfum verið að bæta okkur mikið auk þess sem þær hafa verið að tapa fyrir liðum sem við höfum verið að vinna. Við förum á mót í apríl þegar Íslandsmótið er búið sem verður sterkt mót í Tékklandi. Síðan munu við reyna að fá eina þjóð í leiki hér heima til undirbúnings fyrir leikina gegn Makedóníu. Við munum æfa vel þegar Íslandsmótinu líkur og stefnum á að koma með vel undirbúið lið í leikina og við ætlum okkur svo sannarlega að komast Evrópumótið.“

## > Sigur í fyrsta leik hjá Teiti

Lið KR lagði Fjölni að velli, 5-1, í æfingaleik um helgina en þetta var fyrsti leikur KR undir stjórn Teits Þórðarsonar. Grétar Hjartarson skoraði eitt marka KR, Dalibor Pauletic eitt, Garðar Jóhannsson tvö og eitt markanna var sjálfsmark. Teitur hefur látið leikmenn sína æfa mikið á haustmánuðum og er greinilegt að KR ætlar sér stór hluti á næsta sumri.










EYJÓLFUR SVERRISSON OG EGGERT MAGNÚSSON Eyjólfur er spenntur fyrir því að mæta heimsmeistarum Brasilíu, en Brasilía hefur tvisvar orðið heimsmeistari í knattspyrnu eftir að hafa leikið gegn Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ísland gæti mætt Brasilíu

**Ísland gæti farið til Brasilíu og mætt þar heimsmeisturunum í vináttulandsleik í vetur. Mikill áhugi er hjá forráðamönnum KSÍ fyrir leiknum.**

**FÓTBOLTI** „Það er í skoðun, ég get ekki sagt neitt meira um málið á þessu stigi,“ sagði Eggert Magnússon, forseti KSÍ, í gær en svo gæti farið að íslenska landsliðið færi til Brasilíu í vetur og mætti heimsmeisturunum. „Við höfum alltaf áhuga á leikjum sem vekja athygli og skapa jafnvel peninga enda þurfum við á fjármunum að halda. Það kemur þó alls ekki til greina að spila hérna heima yrði leikurinn í vetur auk þess sem þeir eru alveg ruglaðir í því sem þeir vilja fá fyrir að spila á útivelli. Nike ræður því að hluta til hvar þeir spila enda ógnarstór samningur í gildi um það og Brassarnir spila oft þar sem það kemur Nike vel. Ef Brasilíumenn vilja verða heimsmeistarar verða þeir að spila við Ísland, svo einfalt er það,“ sagði Eggert léttur í bragði.

Ísland hefur tvisvar mætt Brasilíu í vináttuleik fyrir heimsmeistaramót og í bæði skiptin unnu Brasilíumenn og urðu svo heimsmeistarar. Í maí 1994 vann Brasilía 3-0 og í marsmánuði 2002 urðu lokatölur 6-1 fyrir Brasilíu þar sem Grétar Rafn Steinsson skoraði eina mark leiksins.

Eggert bætti síðan við að nánast öruggt væri að Spánverjar kæmutil Íslands í byrjun júní en mótið hefst 11. júní. „Já, ég hef ekki trú á neinu öðru en að loforðið sem kollegi minn hjá spænska knattspyrnusambandinu gaf mér muni standa og að þeir komi til Íslands. Það er ekki enn búið að staðfesta leikdag en það verður líklega í byrjun júní.“

„Mér litist alveg stórvel á það, þeir vilja auðvitað fá okkur þar sem það er algjör nauðsyn fyrir þá að spila við Ísland ef þeir ætla sér að verða heimsmeistarar aftur. Það væri mikill fengur fyrir þá að spila við okkur en þetta hefur ekki verið staðfest ennþá,“ sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari um hugsanlegan leik gegn Brasilíu, sem yrði sá fyrsti undir hans stjórn. „Það væri ekki amaleg byrjun og mjög gaman bæði fyrir mig og strákana enda valinn maður í hverju rúmi hjá Brössunum og rúmlega það.“

Gunnar Heiðar Þorvaldsson landsliðsmaður var einnig spenntur fyrir því að mæta Brasilíumönnum: „Það væri alveg svakalega skemmtilegt. Það væri ekkert leiðinlegt að fá að taka aðeins á þessum köllum í mekka fótboltans.“

hjalti@frettabladid.is











Félög leita út fyrir landsteinana eftir leikmönnum:

# Danskir knattspyrnumenn eftirsóttir

**FÓTBOLTI** „Góðir íslenskir leikmenn eru of fáir og dýrir að auki, og þess vegna leita félögin út fyrir landsteinana eftir leikmönnum,“ segir Ólafur Kristjánsson knattspyrnuþjálfari, en hann er þessa dagana að aðstoða knattspyrnufélög hér á landi við að fá til sín leikmenn frá Danmörku.

Mörg félög hafa sett sig í samband við Ólaf með það í huga að fá leikmenn frá Danmörku. „Það hafa mörg félög haft samband við mig en ég gef ekkert upp um það hvaða félög það eru. Fyrir tíu árum voru félög að reyna að fá til sín leikmenn frá Júgóslavíu en nú virðist henta félögunum betur að fá danska leikmenn. Ég hugsa að sambærilegt samfélagsumhverfi hjálpi þar til. Leikmenn frá Norðurlöndunum eiga auðvelt með aðlagast samfélaginu hér á landi.“

- mh



ÓLAFUR KRISTJÁNSSON Ólafur aðstoðar nú félög við að fá til sín danska leikmenn.

★★★★★

**„Ótrúlega magnaður DVD...stútfullur af hágæðaefni... þéttur og hlaðinn aukaefni...einstaklega vel heppnaður!“**

– Hjörvar Hafliðason, Sirkus RVK




SAMTALS TÆPLEGA 4 KLST. AF FRÁBÆRU GRÍNI OG GLENSI.

**160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI**

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn

Splunkuný og áður óséð heimildarmynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta grínávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans hérlendis og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.

BT

GEFÐU VEGLEGA JÓLAGJÖF




Sterkir leikmenn úr ensku úrvalsdeildinni orðaðir við Barcelona:

# Ronaldinho vill Lampard og Henry til Barcelona

**FÓTBOLTI** Besti knattspyrnumaður heims, Ronaldinho, myndi ekki hafa neitt á móti því að fá Thierry Henry og Frank Lampard til liðs við sig hjá Barcelona, sem hefur verið orðað við báða leikmennina. „Allir hjá Barcelona vilja að Thierry og Frank komi til okkar. Ég yrði mjög ánægður ef þessir tveir leikmenn skrifuðu undir hjá Barcelona. Henry er stórkostlegur leikmaður og hefur fullkomna tækni. Ég virði hann mikið sem persónu og knattspyrnumann. Hann minnir mig á sjálfan mig.“

Henry hefur verið orðaður sterklega við Katalóníurisaveldið og bendir margt til þess að liðið muni gera Arsenal tilboð í hann næsta sumar. Lampard er einnig á óskalista Barcelona, sem mætir einmitt Chelsea í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. „Það væri frábært ef klúbburinn næði að krækja í Frank,“ segir Ronaldinho.

Henry hefur sjálfur gefið til kynna að hann vilji reyna fyrir sér á Spáni og hefur ekki skrifað undir framlengingu á samningi sínum, sem rennur út eftir átján mánuði. Lampard hefur lýst yfir ánægju sinni hjá Chelsea en risatilboð frá einu besta liði heims gæti verið of freistandi til að sleppa fyrir Englendinginn.

**- hþh**



**FRANK LAMPARD** Ronaldinho vill fá tvo bestu leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar til Barcelona.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sao Paulo varð heimsmeistari félagsliða í gær

**Brasilíska knattspyrnufélagið Sao Paulo varð í gær heimsmeistari félagsliða þegar liðið lagði Liverpool að velli í úrslitaleik keppninar í Japan.**

**FÓTBOLTI** Sao Paulo varð í gær heimsmeistari félagsliða þegar liðið lagði Evrópumeistara Liverpool að velli með einu marki gegn engu.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en Mineiro skoraði sigurmark leiksins á 27. mínútu þegar hann komst einn inn fyrir vörn Liverpool, en Sami Hyypiä gerði sig þá sekan um slæm mistök þegar hann ætlaði að skilja Mineiro eftir rangstæðan.

Eftir markið sótti Liverpool án afláts en tókst ekki að skora þrátt fyrir fjölda marktækifæra.

Varnarleikur Sao Paulo var hins vegar sterkur og áttu leikmenn Liverpool, þá sérstaklega Fernando Morientes, erfitt með slíta sig lausa frá varnarmönnunum.

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var að vonum óánægður í leikslok, en mínútu þögn var fyrir leikinn vegna fráfalls föðurs Benitez fyrr í vikunni. „Ég er stoltur af leikmönnum mínum. Þeir reyndu allt til þess að vinna leikinn en það eina sem vantaði upp á var að koma boltanum í netið. Sao Paulo er erfitt lið að leika gegn og það var slæmt að lenda undir snemma leiks. Leikmenn mínir brugðust vel við og gerðu allt sem þeir gátu til þessa að vinna leikinn, en það var því miður ekki nóg.“

Rogerio Ceni, markvörður Sao Paulo, varði oft á tíðum frábærlega í markinu og hélt liði sínu á floti í síðari hálfleik, en hann er þekktastur fyrir að skora mörk úr vítum og aukspyrnum fyrir lið sitt. „Mér fannst við eiga þetta skilið og það kom aldrei til greina að tapa leiknum eftir að við komumst yfir. Liverpool sótti mikið en okkur tókst að vinna leikinn. Ég tileinka þennan sigur stuðningsmönnum okkar, sem voru frábærir í þessari keppni,“ sagði Ceni að leik loknum við breska ríkisútvarpið.



**HARRY KEWELL STÖÐVAÐUR** Kewell var líflegur á vinsti kantinum hjá Liverpool en varnarmönnum Sao Paulo tókst þó oft að stöðva hann á síðustu stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Liverpool gekk illa að nýta sér fjölmargar hornspyrnur í leiknum, en Liverpool fékk sautján hornspyrnur í leiknum á móti engri hjá Sao Paulo.

Nokkrir leikmanna Sao Paulo er eftirsóttir hjá stórliðum í Evrópu og má þar helsta nefna bakvörðinn Cicinho, sem Manchester United hefur reynt að fá til liðs við sig, en útlit er fyrir að hann fari til Real Madrid að tímabilinu loknu.

**magnush@frettabladid.is**

Rúnar að slá í gegn í belgísku knattspyrnunni, 36 ára að aldri:

# Eitt ár til viðbótar?

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, leikmaður Lokeren í Belgíu, hefur spilað einstaklega vel að undanförnu og virðist vera eins og vín, hann verður bara betri með aldrinum en hann er orðinn 36 ára gamall. „Já, ég vona það þó svo að það sé erfitt að segja til um það sjálfur. Mér líður að minnsta kosti vel í augnablikinu og hef verið að spila vel og þá kvartar maður ekki. Ég hef ekki lent í neinum meiðslum enda hugsa ég vel um mig og sé til að ég sé í fínu standi,“ sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær en hann hefur dregið vagninn hjá liðinu í undanförnum leikjum.

„Það hefur vantað marga leikmenn og ég hef verið að reyna að berja saman mannskapinn enda reynsluboltinn og sá sem hefur verið lengst í liðinu.Við getum ekki annað en verið sáttir við árangurinn. Við höfum spilað vel alveg fram í nóvember en höfum misst marga leikmenn í leiki í undanförnum leikjum og þá hefur aðeins hallað undan fæti.“



**RÚNAR KRISTINSSON** Rúnar hefur leikið frábærlega með Lokeren upp á síðkastið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

Rúnar verður samningslaus eftir tímabilið og vill ólmur halda áfram atvinnumennskunni. „Ég er með samning út þetta tímabil en við höfum ekki viðrað það mikið hvort ég muni framlengja eða ekki. Ég hefði mikinn áhuga á því eins og ég er að spila þessa dagana og hvernig mér líður en þetta veltur líka á forsetanum okkar auk þess sem við fáum nýjan þjálfara í janúar.“

Ekkert lið á Íslandi hefur verið í sambandi við Rúnar, sem gæti vel lagt skóna á hilluna í stað þess að spila á Íslandi. „Ég er þó ekki búinn að ákveða neitt og ég mun bíða fram í febrúar eða mars með að ákveða mig. Ég hef ekki leitt hugann neitt sérstaklega að því að spila heima á Íslandi enda ætla ég að einbeita mér að því að halda mér heilum og spila vel eins og ég hef verið að gera og vonandi get ég haldið áfram hér.“

**- hþh**



*Góður jólaundirbúningur!*

**NÝTT!**

NÁTTFÖT OG BOXERAR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**JOE BOXER®**

SKÓLAVÖRÐUSTIG & SMÁRALIND



**ARSENE WENGER** Wenger ætlar að styrkja lið sitt í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

David Dein:

## Wenger getur keypt í janúar

**FÓTBOLTI** David Dein, framkvæmdastjóri Arsenal, segir Arsene Wenger, knattspyrnustjóra félagsins, hafa peninga á milli handanna til þess að eyða í janúar, þegar félagskiptaglugginn opnast á nýjan leik. „Wenger getur styrkt leikmannahópinn ef hann telur þess þurfa. Ég tel hins vegar leikmannahóp Arsenal vera sterkan eins og hann er nú. Auðvitað söknum við þess að hafa ekki Patrick Vieira í okkar röðum lengur. Hann er einn allra besti miðjumaður heims um þessa mundir.“

Wenger segir góðar líkur á því að hann kaupi leikmenn í janúar. „Það er alveg ljóst að ég vil fá góða leikmenn til Arsenal. Þeir eru alltaf velkomnir hingað. En annars hef ég mikla trú á mínu liði og ég er viss um að við munum komast á toppinn að nýju. Við þurfum að bæta árangur okkar í deildarkeppninni en við höfum spilað vel í Evrópukeppninni.“ - mh

# Efast um að evrópskir leikmenn viti hvar Tógó er

**Það urðu margir undrandi þegar í ljós koma að Afríkuríkið Tógó hefði tryggt sér þátttökurétt á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Leikmenn liðsins ætla sér stóra hluti á mótinu og telja að vanmat stærri þjóða geti hjálpað þeim.**

**FÓTBOLTI** „Við verðum örugglega minnsta liðið á HM en við ætlum okkur að komast upp úr riðlinum. Ég efast um að margir leikmenn Evrópuliðanna viti hvar Tógó er á hnettinum, en ég mæli með því að þeir kynni sér það því annars gæti farið illa,“ sagði Eric Akoto, varnarmaður landsliðs Tógó, þegar dregið var í riðla fyrir HM í Þýskalandi en Tógó er með Frakklandi, Suður-Kóreu og Sviss í riðli.

Akoto, sem er lykilmaður liðs Tógó, er með nokkuð langan feril að baki í evrópskri knattspyrnu en hann hefur lengst af leikið í Austurríki, með Grazer AK, Austria Vín og Admira Wacker, en hann er á mála hjá því félagi nú.

Akoto segir aðaleinkenni Tógó vera dugnað og sigurvilja. „Ég get alveg viðurkennt að það eru ekki margir leikmenn í okkar liði sem eru skæðir sóknarmenn. Við höfum ekki möguleika á sigri ef við fáum á okkur mörg mörk í hverjum leik og því verðum við að spila góðan varnarleik, þar sem allir eru tilbúnir að berjast til síðasta manns. Og miðað við hvernig við lékum í undankeppninni veit ég að við getum sýnt klærnar í Þýskalandi.“

Stephen Keshi, landsliðsþjálfari Tógó og fyrrverandi landsliðsmaður Nígeríu, þykir hafa náð undraverðum árangri með lið Tógó því fáir bjuggust við því að liðið gæti kæmist alla leið í úrslitakeppni HM. Annað kom þó á daginn og er Keshi viss um að liðið geti náð athyglisverðum árangri í Þýskalandi. „Ég sá leikmenn mína bæta sig ótrúlega í undankeppninni og iðulega var liðið að spila best þegar andstæðingarnir voru sterkir. Þess vegna er ég viss um að við getum strítt stóru liðunum vegna þess að þau geta ekki annað en vanmetið okkur. Við eigum ágætis möguleika á því að lenda í öðru sæti í riðlinum, en ég efast um að við getum unnið Frakka. Þeir eru of góðir fyrir okkur, en maður veit samt aldrei.“

Akoto er þó á öðru máli en Keshi og telur Tógó geta lagt hvaða lið sem er að velli. „Við þekkjum allir stórstjörnu franska landsliðsins og vissulega verður það gaman fyrir okkur að leika gegn mönnum eins og Zinedine Zidane og Thierry Henry, en við megum ekki gleyma því hvað við getum sjálfir. Það var afrek að komast á HM og nú þurfum við að nýta tækifærið vel og vera óhræddir þegar við göngum inn á völlinn.“

magnush@frettabladid.is



Eric Akoto er lykilmaður í landsliði Tógó en hann hefur þó ekki mikla reynslu af því að leika gegn sterkum leikmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**EMILIO BUTRAGUENO** Butragueno leitar nú að knattspyrnustjóra fyrir Real Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Real Madrid í stjóraleit:

## Allar klær úti

**FÓTBOLTI** Real Madrid ætlar ekki að reyna að fá Arsene Wenger, stjóra Arsenal, til liðs við sig en félagið rak Vanderley Luxemburgo úr starfi og leitar enn að eftirmanni hans. Þessi lið mætast einmitt í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar en varaforseti spænska liðsins, Emilio Butragueno, neitar því að Wenger sé á óskalista félagsins.

„Wenger er þjálfari Arsenal og við verðum að bera virðingu fyrir Arsenal. Hann er samningsbundinn svo við getum ekki talað við hann um það. Við munum líklega taka ákvörðun um nýjan stjóra í þessari viku,“ sagði Butragueno en auk Wenger hafa Fabio Capello stjóri Juventus og Rafael Benítez hjá Liverpool verið orðaðir við stöðuna. - hþh



**CHARLIE NICHOLAS** Nicholas var einn af bestu leikmönnum Celtic á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Charlie Nicholas:

## Efast um komu Keane til Celtic

**FÓTBOLTI** Charlie Nicholas, fyrrum fyrirliði Celtic, efast um að Roy Keane muni hafa jákvæð áhrif á leik Celtic, en hann kom fyrir skömmu til félagsins eftir að hafa verið rekinn frá Manchester United. „Ég efast um að Keane muni verða til vandræða en ég gat ekki séð það á blaðamannafundinum að Gordon Strachan, knattspyrnustjóri Celtic, hefði mikinn áhuga á því að fá Keane.“

Nicholas hefur ávallt verið óhræddur að viðra skoðanir sínar á málum hjá Celtic en stuðningsmenn félagsins eiga eflaust eftir taka þessum yfirlýsingum Nicholas illa, þar sem Keane er þegar orðið mikið uppáhald stuðningsmanna liðsins. - mh

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

DESEMBER

17 18 **19** 20 21

**Mánudagur**

**SJÓNVARP**

- **16.00 Amerískí fótboltinn** á Sýn.
- **18.00 Íþróttaspjallið** á Sýn.
- **19.00 Krýning knattspyrnumanns ársins** á Sýn. Bein útsending frá krýningu knattspyrnumanns ársins í karla- og kvennaflokki.
- **20.30 Ítölsku mörkin** á Sýn.
- **21.00 Ensku mörkin** á Sýn.
- **21.30 Spænsku mörkin** á Sýn.


**Geggjað tilboð í dag, mánudag.**

**890,- kr.kg**

**Af öllum ferskum fiski í dag.**
**Skötuselur, lúðusneiðar, laxaflök ýsuflök og fleira og fleira**

**ALLT KR: 890,-**

**Tilboðið gildir aðeins í dag og í báðum verslunum.**

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti
Sími 553-0003

Bjarki Gunnlaugsson ætlar ekki að endurtaka fyrri mistök, en hann hefur oftar en ekki meiðst á sumrin:

# Spilar aðeins á næsta ári ef hann er í góðu formi

**FÓTBOLTI** „Ég ætla að taka ákvörðun um það hvort ég spili þegar ég veit betur hvernig lappirnar á mér eru. Ég hef ekki verið að æfa neinn fótbolta og hef bara hlaupið og lyft og ég ætla ekki að gera mönnum það að fara í eitthvað félag nema vita að ég geti gert eitthvað af viti. Ég fór í aðgerð í lok ágúst og er að jafna mig eftir það en það lítur ágætlega út," sagði Bjarki Gunnlaugsson í gær en ef hann leikur knattspyrnu næsta sumar verður það annað hvort hjá KR eða ÍA.

„Ég byrja að æfa fótbolta eftir áramót og ég mun væntanlega ræða bæði við Skagamenn og KR um næsta sumar. Það eru aðeins þau tvö félög sem koma til greina. Ég hef fengið að æfa með KR þar sem þetta er mitt gamla félag og við Teitur Þórðarson erum að kynnast.

Eins og þetta hefur verið síðustu tvö ár hef ég verið að hlaupa og lyfta mikið en svo að spila kannski tvo til þrjá leiki á sumri þannig að ég ætla að fullvissa mig um það í þetta skiptið að ég geti spilað áður en ég tek ákvörðun um hvort ég spili eða ekki," sagði Bjarki.

Meiðsli hafa hrjáð Bjarka mikið og spilaði hann til að mynda aðeins fimm leiki síðasta sumar með KR.

„Ég hef engar áhyggjur af líkamlega forminu og það hefur komið vel út en ég hef meiri áhyggjur af ökklanum, hvort hann þoli álagið. Eins og stendur er útlitið ágætt en maður veit meira þegar æfingar hefjast eftir áramót."

- hþh



ARNAR OG BJARKI GUNNLAUGSSYNIR Arnar leikur með Skagamönnum í sumar en Bjarki hugsar sinn gang.

Grétar Rafn Steinsson:

## Skoraði fyrir AZ í sigurleik

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson og félagar hans í hollenska úrvalsdeildarfélaginu AZ Alkmaar komust í gær í efsta sæti deildarinnar með því að leggja Waalwijk að velli með þremur mörkum gegn engu.

Grétar Rafn var að venju í byrjunarliði AZ og skoraði þriðja og síðasta mark liðsins í leiknum.

AZ er nú í efsta sæti deildarinnar með 38 stig eins og PSV Eindhoven en Feyenoord og Ajax eru í þriðja og fjórða sæti með þremur stigum minna.

- mh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kvenna*

HAUKAR - ÍS 89-50

**Stig Hauka:** Kesha Tardy 28 (13) fráköst, Helena Sverrisdóttir 21 (15 fráköst), Kristrún Sigurjónsdóttir 18, Unnur Jónsdóttir 6, Sara Pálmadóttir 4, Bára Hálfdánardóttir 4, Ingibjörg Skúladóttir 3, Sigrún Ámundadóttir 3, Pálína Gunnlaugsdóttir 2.

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 14, Þórunn Bjarnadóttir 10, Helga Þorvaldsdóttir 7, Stella Kristjánsdóttir 6, Berglind Ingvarsdóttir 5, Hann Kjartansdóttir 2, Helga Jónsdóttir 2, Corrie Mizusawa 2, Lovísa Guðmundsdóttir 2.

### *Enska úrvalsdeildin*

M'BORO - TOTTENHMA 3-3

**1-0 Robbie** Keane (25.), 1-1 Yakubu (30.), 2-1 Morrison (43.), 2-2 J. Jenas (63.), 3-2 F. Queudrue (70.), 3-3 Mido (83.).

ARSENAL - CHELSEA

**0-1 A.** Robben (39.), 0-2 J. Cole (73.).

### *Hollenska úrvalsdeildin*

AZ ALKMAAR - RKC WAALWIJK 3-0

**Grétar Rafn** Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ og skoraði eitt mark.

ADO DEN HAAG - FEYENOORD 2-1
NAC BREDA - AJAX 0-2
FC GRONINGEN - NIJMEGEN 3-0
HERAKLES - UTRECHT 1-1

### *Ítalska úrvalsdeildin*

AC MILAN - MESSINA 4-0

**1-0 A.** Shevchenko v. (23.), 2-0 A. Shevchenko (47.), 3-0 Pirlo (83.), 4-0 A. Gilardino (85.).

REGGINA - INTER 0-4

**0-1 Cordoba** (2.), 0-2 Martins (15.), 0-3 Adriano (40.), 0-4 Pizzaro (90.).

SIENA - PARMA 2-2

**0-1 Corradi** (47.), 1-1 Locatelli (52.), 2-1 Chiesa (73.), 2-2 Dessena (90.).

CAGLIARI - ASCOLI 2-1

**1-0 Del** Grosso sjm. (8.), 2-0 Suazo v. (26.), 2-1 Biso (57.).

CHIEVO - UDINESE 2-0

**1-0 Tieri** Bocchi (34.), 2-0 Obinna v. (64.).

EMPOLI - FIORENTINA 1-1

**0-1 Pazzani** (70.), 1-1 Vanucchi (73.).

### *Spænska úrvalsdeildin*

ALAVEZ - VALENCIA 0-1

**0-1 Albiol** (7.)

ESPANYOL - ZARAGOZA 2-2

**1-0 Tamuto** (49.), 1-1 Generalo (52.), 1-2 G. Milito (66.), 2-2 Tamuto (83.).

RACING - MALAGA 1-1

**0-1 Navas** (40.), 1-1 Casquero (45.).

SEVILLA - R. SOCIEDAD 3-2

**0-1 Labaka** (21.), 0-2 Garitano (57.), 1-2 Blanco Gonzalez (77.), 2-2 Kanoute (83.), 3-2 Blanco Gonzalez (89.).

VILLARREAL- GETAFE 2-1

**0-1 Riki** (20.), 1-1 Riquelme (45.), 2-1 Forlan (58.).






Paolo Di Canio segir ekkert athugavert við fasistakveðjur sínar:

# Áframhald á fasistakveðjunum

**FÓTBOLTI** Paolo Di Canio heldur áfram að heilsa að hætti fasista en það gerði hann enn einu sinni í jafnteflisleik Lazio og Juventus á laugardaginn. Di Canio er með húðflúr af einræðisherranum Benito Mussolini á sér en hann er upphafsmaður fasismans. Ítalski sóknarmaðurinn hefur ítrekað heilsað að þessum siðum fyrir framan stuðningsmenn Lazio og hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir athæfið.

„Þetta er fullkomlega eðlileg kveðja, þetta er einkennismerki mitt. Ég trúi á ákveðna hluti og tjái þá sem frjáls maður. Það er ekkert ógeðfellt eða umdeilt við þetta,“ sagði Di Canio í gær.

Di Canio heldur því fram að þeir einu sem sjái eitthvað að þessu séu vinstrisinnaðir stjórnmálamenn. „Mér býður við því að sjá stjórnmálamenn skipta sér af fótbolta bara til að fá athygli og reyna síðan að gera mig að ófreskju,“ sagði Di Canio, sem bætti við að hann hygðist halda kveðjunum áfram. Di Canio var sektaður um tíu þúsund evrur fyrir athæfið í fyrsta skipti en Lazio um átta þúsund evrur í það næsta. Ítalska knattspyrnusambandið hefur ekki enn ákveðið hvort Di Canio verði refsað fyrir kveðjuna í leiknum gegn Juventus.

Delio Rosso, þjálfari Lazio, er alls ekki sáttur við Di Canio: „Ég tel aðgerðir hans ekki benda til kynþáttahaturs en ég er samt sem áður alls ekki ánægður með þær. Ég vil ekki að klúbburinn né stuðningsmennirnir séu alítnir öfgakenndir eða kynþáttahatarar.“

- hþh



**PAOLO DI CANIO** Di Canio heilsar hér stuðningsmönnum Lazio eftir leiks Juventus og Lazio í fyrrakvöld, en hann endaði með jafntefli, 1-1. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ARJEN ROBBEN SKORAR** Robben lék vel í gær en hann hefur verið gagnrýndur töluvert upp á síðkastið. Á myndinni sést þegar hann skorar mark sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Meistarataktar hjá Chelsea

**Chelsea vann í gær Arsenal í ensku úrvalsdeildinni og tryggði stöðu sína á toppi deildarinnar, en liðið hefur nú níu stiga forskot á Man. Utd. sem er í öðru sæti.**

**FÓTBOLTI** Chelsea vann í gær sinn fyrsta sigur á Highbury síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð, þegar liðið lagði Arsenal að velli með tveimur mörkum gegn engu.

Strax á upphafsmínútum leiksins náði Chelsea ágætis tökum á leiknum og átti Arsenal í stökustu vandræðum með kraftmikinn leik Chelsea. Sérstaklega voru það vængmennirnir Arjen Robben og Joe Cole sem ollu Arsenal vandræðum.

Jose Mourinho var ánægður í leikslok enda Chelsea nú með tuttugu stigum meira en Arsenal. „Bilið á milli okkar, Liverpool og Man. Utd. þýddi að jafntefli hefði verið óhagstæð úrslit. Ég var ánægður með alla leikmenn mína. Robben var einstaklega góður í leiknum og hans framlag skipti miklu máli.“

Robben kom Chelsea yfir á 27. mínútu þegar hann lagði boltann fallega framhjá Jens Lehmann, markverði Arsenal, eftir að hafa sloppið inn fyrir vörnina.

Arsenal reyndi svo hvað það gat til þess að komast inn í leikinn en þéttur varnarleikur og skynsamur sóknarleikur Chelsea gerði heimamönnum í Arsenal erfitt fyrir.

Seinni hálfleikur var svipaður og sá fyrri. Arsenal komst lítt áleiðis gegn góðri vörn Chelsea, sem refsaði fyrir öll mistök leikmanna Arsenal með skæðum skyndisóknum.

Joe Cole skoraði síðara mark Chelsea á 73. mínútu með fallegu skoti í stöngina og inn eftir klaufaleg mistök Lauren, hægri bakvarðar Arsenal.

Arsenal sótti stíft á lokamínútunum en varnarmúr Chelsea, og ekki síst markvörðurinn Petr Cech, varðist öllu sem að marki liðsins kom.

Arsenal hefur nú tapað þremur deildarleikjum í röð en það hefur ekki gerst síðan Franski knattspyrnustjórinn Arsene Wenger tók við stjórnartaumunum hjá liðinu, árið 1996. Eiður Smári Guðjohnsen sat á varamannabekk Chelsea allan leikinn.

magnush@frettabladid.is

Heimsmeistaramótinu í handbolta kvenna lauk í gær:

# Rússar höfðu sigur á heimavelli

**HANDBOLTI** Rússneska kvennalandsliðið í handbolta varð í gær heimsmeistari eftir að hafa lagt lið Rúmena að velli með 28 mörkum gegn 23, í úrslitaleik mótsins sem fram fór í St. Pétursborg í Rússlandi.



**YANA USKOVA** Uskova lék afar vel í vörn og sókn rússneska liðsins í gær, en hún sést hér skjóta að marki Rúmena. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rússneska liðið hafði góð tök leiknum allan tímann og var sigur þess aldrei í hættu. Sterkur varnarleikur og markvissar sóknaraðgerðir lögðu grunninn að góðum sigri.

Rúmenska liðið var ekki talið líklegt til afreka fyrir mótið en það kom verulega á óvart með því að komast alla leið í úrslitaleikinn.

Danska landsliðið, sem um árabil hefur verið eitt það sterkasta í heimi, þurfti að sætta sig við fjórða sætið á mótinu eftir að hafa tapað fyrir liði Ungverjalands í leik um þriðja sætið, 27-24.

Athygli vakti að Frakkar náðu sér aldrei á strik á mótinu þó þeir mættu til leiks sem heimsmeistarar, en liðið endaði aðeins í tólfta sæti.

- mh


JÓLAGJAFIR FYRIR HESTA OG MENN
Verslanir okkar eru nú stútfullar af nýjum og spennandi varningi fyrir hestamenn og útivistarfólk!
FATNAÐUR HESTAMANNSINS
Fjölbreytt úrval og flottur fatnaður frá Top Reiter og Sonnenreiter!
TILBOÐ
SAGA
EXPLORER ÚLPURNAR
Úlpur verða ekki mikið hlýrri en þetta!
Saga Collection reiðbuxur nýtt snið - Tilboðsverð kr. 9.900,- Verð áður kr. 12.900
SONNENREITER by elta nova
Ókeypis bók í kaupbæti!
HESTAR OG MENN 1987
ÁRBÓK HESTAMANNA
JÓLAGLAÐNINGUR
Allir viðskiptavinir okkar fá bókina HESTAR & MENN ókeypis í kaupbæti!
Tilboðið gildir út desember á meðan birgðir endast.
25% afsláttur
25% afsláttur af öllum beislum í desember
TOP REITER HNAKKAR
Mest seldu hnakkar á Íslandi
149.900,-
Nýi hnakkurinn frá Top Reiter J-Classic
Tilboðsverð kr. 99.900.-
Verð áður kr. 139.900,-
99.900,-
HRÍMNIR
Gæðingurinn í röðum hnakka á sérstöku tilboðsverði í desember
TOP REITER
BJARNASTAÐIR
ATH!
NÝ VERSLUN Í SMARALIND!
Höfum opnað nýja verslun í Smáralind - Full búð af freistandi tilboðum!
Hrímnir
TOP REITER
SAGA
SONNENREITER by elta nova
HESTAR MENN
Lynghálsi 4 • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is
Smáralind • Hagasmári 1 • Sími 567 3300

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I am the Sherminator, a sophisticated sex robot sent through time to change the future for one lucky lady.“**

Svar:
Sherman úr kvikmyndinni American Pie 2 frá ár-
inu 2001

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI MEÐ MIKLUM ÁHUGA Á TVÖFALDAN LOKAÞÁTT ÍSLENSKA PIPARSVEINSINS.

# Virðingarvert framtak

Tvöfaldur lokaþáttur hins íslenska piparsveins síðasta fimmtudag var mjög áhugaverður. Að sjálfsögðu var hann nákvæm eftirlíking af bandarísku fyrirmyndinni, sem var í sjálfu sér í góðu lagi. Spennan var mögnuð upp með því að sýna frá undirbúningi Jennýjar og Gunnfríðar fyrir úrslitastundina. Þær fóru og skoðuðu hringa, rétt eins og Steini piparsveinn. Var það nokkuð sterkur leikur hjá Steina að velja hring sem skyldi tákna ást sína á þeirri sem hann myndi velja en ekki trúlofun. Algjör óþarfi að æsa sig eitthvað yfir hlutunum eftir aðeins tveggja mánaða samband. Þegar kom að úrslitastundinni var ljóst að Steini var orðinn ansi stressaður því atriðið þegar hann kaus Jenný var allt of stirðbusalegt. Bæði voru þau of formleg og greinilegt að þau áttu erfitt með að vera þau sjálf fyrir framan myndavélarnar og alþjóð. Vissulega skiljanlegt en útkoman var klaufaleg.



Bachelor-parið stóð sig vel í sjónvarpssal Skjás eins.

Þátturinn sem á eftir kom þar sem málin voru gerð upp var sömuleiðis áhugaverður. Sirrý stjórnaði honum af mikilli röggsemi. Helst gekk hún of langt í upphafi þegar hún reyndi hvað hún gat að ganga úr skugga um að Bachelor-þátturinn væri ekki leikinn. Reyndar kom á óvart hversu viðvaningslega unninn þátturinn var. Menn sáust hlaupa inn og út úr settinu á milli auglýsinga og hljóðmaðurinn úti í sal sást gægjast á bak við sviðsmyndina.
Framtak Skjás eins að búa til þátt um hinn íslenska piparsvein var vel þess virði að reyna. Þáttturinn naut vaxandi áhorfs þrátt fyrir að hann hafi oft á tíðum verið ansi hallærislegur og segir það sitt um áhugann á íslenskri dagskrárgerð. Vonandi á næsta þáttaröð, ef af henni verður, eftir að verða enn vandaðri enda ættu framleiðendurnir að vera orðnir reynslunni ríkari eftir þetta mikla piparsveinaævintýri.



▶ 20.35 *Gaman*
ÁTTA EINFALDAR REGLUR



▶ 21.25 *Matur*
YOU ARE WHAT YOU EAT



▶ 21.00 *Lífstíll*
VEGGFÓÐUR



▶ 23:00 *Spenna*
C.S.I.



▶ 21.30 *Fótbolti*
SPÆNSKU MÖRKIN

## SJÓNVARPIÐ

**15.30** Helgarsportið **15.55** Ensku mörkin **17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (18:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Kóalabræður (46:52) **18.11** Fæturnir á Fanney (3:13)

**18.23** Váboði (8:13)
**18.50** **Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (19:24)** Brúðuþættir eftir Jóhann G. Jóhannsson og Þóru Sigurðardóttur. Dagskrárgerð: Eggert Gunnarsson og Hlíf Ingibergsdóttir.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.35** **Átta einfaldar reglur (64:76)** (8 Simple Rules)
**21.00** **Flóðbylgjufólkið** (The Tsunami Generation)
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Karnival (12:12)** (Carnivale II) Bandarískur myndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.25** Spaugstofan **23.50** Ensku mörkin **0.45** Kastljós **1.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Orange County

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Fresh Prince **13.30** Thing You Can Tell **15.15** Osbournes 3 **15.40** Tónlist **16.25** Cubix **16.45** Skjaldbökurnar **17.05** Oobi **17.20** Jesús og Jósefína **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Galdrabókin (19:24)**
**19.45** **The Simpsons (5:22)** (Simpson-fjölskyldan 11) (E-I, E-I, Annoyed Grunt)
**20.10** **Strákarnir**
**20.40** **Wife Swap 2 (11:12)** (Vistaskipti 2)
▶ **21.25** **You Are What You Eat (10:17)** (Mataræði 2) (Jo Cotton)
**21.50** **Six Feet Under (8:12)** (Undir grænni torfu) (Singing For Our Lives) Bönnuð börnum.
**22.45** **Most Haunted (14:20)** (Reimleikar) (Leith Hall, Aberdeenshire, Scotland) Bönnuð börnum.

**23.30** Afterlife (6:6) **0.15** The Closer (5:13) (Bönnuð börnum) **1.00** Last Days, The **2.25** Route 666 (Stranglega bönnuð börnum) **3.50** Twenty Four 3 (15:24) (e) **4.30** Silent Witness (6:8) **5.25** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Summerland (3:13)** (Sledgehammer) Bandarískur myndaflokkur.
**20.00** **Friends 5 (14:23)** (Vinir) (The One Where Everybody Finds Out)
**20.30** **Fashion Television (8:34)**
▶ **21.00** **Veggfóður**
**22.00** **Summerland (4:13)** (Pick Nik) Bandarískur myndaflokkur
**22.45** **Smallville (1:22)** (Crusade) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglingurinnClark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur.

**23.30** Friends 5 (14:23) (e) **23.55** The Newlyweds (11:30) **0.20** Tru Calling (11:20)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Popppunktur (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **Allt í drasli (e)**
**20.00** **The O.C.**
**21.00** **Survivor Guatemala – Tvöfaldur úrslitaþáttur** Í ár fer keppnin fram í Gvatemala og búast má við hörkuslag. Framleiðendurnir finna alltaf eitthvað nýtt til að auka á spennuna en meðal þátttakenda í þessari þáttaröð er Gary Hogeboom, sem leikið hefur með Dallas Cowboys. Tökur fóru fram í þjóðgarðinum í Yaxhá-Nakum-Naranjo og er það í fyrsta sinn sem þátturinn er tekinn upp á jafn helgri grund, en fulltrúar ríkisstjórnar Gvatemala fylgdust með tökunum til að tryggja að ekki væri átt við helgimuni.

▶ **23.00** C.S.I. **23.55** Sex and the City **0.25** Jay Leno **1.10** Boston Legal **1.25** Fasteignasjónvarpið **2.05** Cheers **2.30** Nátthrafnar **2.30** Everybody loves Raymond **2.55** Da Vinci's Inquest

## SÝN

**16.00** Ameríski fótboltinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Sharapova**
**19.00** **Fifa World Player Gala 2005** Bein útsending
**20.30** **Ítölsku mörkin**
**21.00** **Ensku mörkin**
▶ **21.30** **Spænsku mörkin**
**22.00** **Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína. Enginn er fróðari en Howie Schwab en hann veit bókstaflega allt um íþróttir. Glæsileg verðlaun eru í boði fyrir þá sem tekst að slá Schwab við.
**22.30** **FIFA World Cup Championship 2006** (W3 – W4) Útsending frá úrslitaleiknum í heimsmeistaramóti félagsliða í knattspyrnu.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spy Kids 3-D: Game Over **8.00** Juwanna Mann **10.00** Double Bill **12.00** The Importance of Being Earne **14.00** Spy Kids 3-D: Game Over **16.00** Juwanna Mann **18.00** Double Bill **20.00** **The Laramie Project** (Morðið í Laramie) Sannsöguleg mynd. Bönnuð börnum. **22.00** **Spider** (Könguló) Magnað sálfræðidrama. Bönnuð börnum. **0.00** Swimfan (Bönnuð börnum) **2.00** Point Blank (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Spider (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News Weekend **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** It's Good To Be **18.30** Celebrity Soup **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Wild On Tara **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Wild On Tara **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Man. City – Birmingham frá 17.12
**16.00** Fulham – Blackburn frá 17.12 **18.00** Þrumuskot
**19.00** **Stuðningsmannaþátturinn - Liðið mitt (e)**
**20.00** **Arsenal – Chelsea frá 18.12** Leikur sem fór fram í gær.
**22.00** **Að leikslokum**
**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** West Ham – Newcastle frá 17.12 **2.00** Dagskrárlok


# ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?




Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Survivor Guatemala **Skjár einn** kl. 21.00

### *Tvöfaldur lokaþáttur*



***Brooke Struck var keppandi í þessari þáttaröð***

Í ár fór keppnin fram í Gvatemala og er þetta búið að vera hörkuslagur milli metnaðarfullra keppenda. Framleiðendurnir finna alltaf eitthvað nýtt til að auka á spennuna en meðal þátttakenda í þessari þáttaröð var Gary Hogeboom, sem leikið hefur með Dallas Cowboys. Tökur fóru fram í þjóðgarðinum í Yaxhá-Nakum-Naranjo og er það í fyrsta sinn sem þátturinn er tekinn upp á jafn helgri grundu, en fulltrúar ríkisstjórnar Gvatemala fylgdust með tökunum til að tryggja að ekki væri átt við helgimuni. Í kvöld er lokaþátturinn í þessari seríu og kemur í ljósið hver fari heim með verðlaunin góðu.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt **21.30** Á kassanum e **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Í deiglunni **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Valdabrölt í gegnum tíðina **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Söngvamál **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr tónlistarlífinu

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶**21.10**
*Fréttir*

60 MINUTES

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal. **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs.

**19.35 Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

▶**21.10 60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.

**21.55 Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Ski Jumping: World Cup Engelberg **13.00** Snooker: UK Championship York **14.00** Football: Football World Cup Season Magazine **14.30** Football: UEFA Champions League **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: Eurogoals **17.30** All Sports: Daring Girls **17.45** Football: Football World Cup Season Legends **18.45** Football: Football World Cup Season Journeys **19.00** All Sports: FIFA Gala Zurich **20.30** Football: Goooal ! **21.00** Equestrianism: Show Jumping London **22.30** Rally: Dakar Challenge **23.00** Football: Eurogoals **0.00** Olympic Games: Mission to Torino

**BBC PRIME**

**12.00** Are You Being Served? **12.30** Porridge **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Intergalactic Kitchen **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** No Going Back: a Year in France **19.30** A Place in France **20.00** The Inspector Lynley Mysteries **21.30** Shooting Stars Christmas Special **22.10** The Office **22.40** The Office **23.10** Down to Earth **0.10** Journey of Life **1.10** Meet the Ancestors **2.00** Environmental Policy in an International

**NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Poison! **14.00** Seconds From Disaster **15.00** The Hunt For Hitler's Scientists **16.00** A Treasure Ship's Tragedy **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Poison! **20.00** Most Amazing Moments **21.00** The Day James Dean Died **22.00** Year in Review **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** The Day James Dean Died **1.00** The Real Zulu Dawn

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Britain's Worst Pet **14.30** Animal Planet at the Movies **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** The Life of Birds **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** The Life of Birds **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Killer Algae **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** Rides **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Plastic Surgery Head to Toe **21.00** Trauma **22.00** Body Works **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Battlefield Detectives






## HRÓSIÐ

*...fá stjórnendur og framleiðendur þáttarins Popppunkts fyrir að hafa fært landanum fjórar þáttaraðir af stórgóðum spurningaþætti en síðasti þátturinn var sýndur í gær.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** báru að **6** skammstöfun **8** fley **9** útsæði **11** tveir eins **12** kál **14** glæpafélag **16** í röð **17** utan **18** drulla **20** klaki **21** könnun.
**LÓÐRÉTT**
**1** goggs **3** ógrynni **4** drykkur **5** dýrahljóð **7** framfótur **10** gubb **13** ái **15** svara **16** þunnur vökvi **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** komu, **6** eh, **8** far, **9** fræ, **11** rr, **12** salat, **14** mafía, **16** lm, **17** inn, **18** aur, **20** ís, **21** próf.
**LÓÐRÉTT: 1** nefs, **3** of, **4** martini, **5** urr, **7** hrammur, **10** æla, **13** afi, **15** ansa, **16** lap, **19** ró.




Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284
Lottó
Vinningstölur laugardaginn 17.12.2005
5 8 21 24 29
Bónus tala 15
Jókertölur vikunnar
Jóker 6 8 7 5 8

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum
Vinningstölur miðvikudaginn 14.12.2005
Aðaltölur
2 9 17 21 24 27
Bónustölur Ofurtala
39 46 21
Jókertölur vikunnar
9 1 3 2 0
Birt með fyrirvara um prentvillur

SÉRFRÆÐINGURINN EVA HAUKSDÓTTIR SÆKIR NORNAHÁTÍÐ Á VETRARSÓLSTÖÐUM

# *Nótt spádóma og galdra*

Stysti dagur ársins er á miðvikudag þegar sólin stendur kyrr, frá jörðinni séð, og hvorki hækkar né lækkar, en frá og með vetrarsólstöðum byrjar daginn að lengja á ný, um hænufet á dag. Vetrarsólstöður marka tímamót hjá flestum menningarsamfélögum og eru tilefni hátíðahalda, meðal annars hjá ásatrúarmönnum og nornum sem fagna hækkandi sól.

„Nornahátíðir um vetrarsólstöður eru um margt líkar áramótum," segir nornin Eva Hauksdóttir, annar eigandi Nornabúðarinnar. „Nornir telja öll fyrirbæri náttúrunnar vera tákn og að maðurinn endurspegli það sem gerist í náttúrunni. Til eru margar stefnur í nornaskap, en hugmyndin um táknræna samsvörun er það sem allur galdur byggist á," segir Eva og bendir á að vetrarsólstöður séu ábending náttúrunnar um að sólin muni endurfæðast og tími sé loks kominn til að hefja nýtt líf.

„Þetta er því rétti tíminn til heitstrenginga og þegar sólin stendur í stað rennur upp rétta andartakið til að hugleiða hvað menn ætla sér að gera svo framtíðin megi rísa með sólinni," segir Eva og áréttar að hátíðahöldum nornasveima sé misjafnlega háttað hérlendis, enda til margar tegundir norna og ekki allar í svartagaldri.

„Yfirleitt eru frá fimm til tuttugu nornir í lokuðum hópum og sem ekki auglýsa starfsemi sína. Engin lög kveða á um hvernig fagna beri vetrarsólstöðum en þetta er tími til að taka upp nýjar venjur og ný markmið; fremja markmiðagaldra og oftast er kveikt bál, því eldur táknar lífskraft og sköpun. Þá treysta þátttakendur samstöðu með táknrænum athöfnum; drekka skál og mynda hring í handabandi, og svo er þetta nótt spádóma og galdra; heitstrenginga og galdra þeim til staðfestingar," segir Eva og bætir við að meðfram ritúali geri nornir sér glaðan dag í mat og drykk og spádómum hver fyrir aðra.

„Það hefur loðað við sólstöðuhátíðir að þær byggi á kynsvalli, en sú trú er á misskilningi byggð. Sólstöðuhátíð er leikræn tjáning sem ekki felur í sér neitt kynferðislegt heldur liggja þátttakendur fyrst naktir á grúfu en standa svo upp og opna faðminn mót nýrri sól. Slíkt er táknræn athöfn og merkir að nornin ætli sér að vera opin fyrir öllu, horfast í augu við sólina og heiminn sjálfan, og ekki skýla sér fyrir neinu. Nornir líta á kynorku sem mikilvægan drifkraft, en rétt eins og aðrar ástríður. Galdur felst í því að magna upp allar ástríður og beina orku að ósk sinni og markmiði, en þá er það gert með táknum, hreyfingum, hljóðum og hvers kynst athöfnum, öðrum en að sulla í líkamsvessum og koma saman til að verða sódómísk og haga sér eins og svín kynferðislega."



EINAR BÁRÐARSON: ÞAKKLÁTUR FYRIR SÍNA AÐSTÖÐU

# Sjöundu styrktartónleikarnir til stuðnings SKB

Einar Bárðarson hefur verið á faraldsfæti þetta árið enda í nógu að snúast. Hann varð umboðsmaður Kiri Te Kanawa á þessu ári og svo hefur Nylon-stúlknaflokkurinn verið að færa út kvíarnar. Einar var einmitt á leiðinni til London þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum, var rétt búinn að tékka sig inn og var kominn í ysinn á Leifsstöð. „Þetta er allt að fá á sig einhverja mynd," sagði Einar og í bakgrunni mátti heyra iðinn í farþegum á leið út úr og inn í landið. „Við vorum að fá sendar bókanir á þennan túr og stelpurnar fengu létt áfall," bætir hann við en segir jafnskjótt að þær hafi fljótlega jafnað sig.

Um er að ræða tónleikaferð til tuttugu borga á Bretlandseyjum, frá Glasgow og svo niður, Liverpool, Newcastle og auðvitað London. „Þetta er fyrst og fremst kynningarferð fyrir stelpurnar," segir Einar og það má heyra á honum að þau eru með báðar fæturnar á jörðinni. „Það verður fjölmiðlaherferð í öllum staðarblöðunum og þetta fyrst og fremst mikil vinna," útskýrir hann en Nylon heldur af landi brott 22. janúar. „Það verður bara koma í ljós hvort heilladísirnar séu með okkur í liði."



**EINAR BÁRÐARSON** Stúlknaflokkurinn hans Nylon er á leiðinni til Bretlands í víking þar sem þær leggja land undir fót en mikil vinna er framundan hjá hljómsveitinni.

Hinn 29. desember stendur Einar ásamt góðvinum sínum úr tónlistarheiminum, Bylgjunni, EB hljóðkerfum og Háskólabíói, fyrir styrktartónleikum til stuðnings Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Þetta er í sjöunda skipti sem þessi atburður er haldinn en meðal þeirra sem koma fram eru Bubbi Morthens, Nylon, Hildur Vala og Sálin hans Jóns míns en það hefur aldrei orðið messufall hjá þeirri síðastnefndu. Markið er sett hátt í ár og stefnt að því að safna fimmtán miljónum. „Þessir tónleikar hafa gengið mjög vel nema í fyrra kom smá slagsíða," segir Einar og telur það mega rekja til slæms umtals um styrktartónleika. „Í ár, eins og öll önnur ár, gefa allir sína vinnu," útskýrir hann og segir jafnframt að þessir tónleikar gefi öllum sem að þeim standi ótrúlega mikið. „Við erum mjög þakklát fyrir að vera í þeirri stöðu að geta gert svona," segir Einar en þegar hann var námsmaður í Bandaríkjunum greindist lítill frændi hans með krabbamein og þurfti að ganga í gegnum mjög erfiða meðferð. „Ég ákvað þá að samtökin hefðu eignast þar traustan bandamann og er ánægður með að geta sýnt það í verki."

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Miðborgin laðaði að ógrynni af fólki um helgina, sér í lagi að næturlagi. Svo smekkfullt var á skemmtistöðum borgarinnar að færri komust að en vildu. Það gerði það að verkum að óvenju margir voru á vergangi og þegar best lét leit Laugavegurinn út eins og kjötkveðjuhátíðin í Ríó sem endaði með rúðubrotum og slagsmálum sem getur ekki talist mjög hátíðlegt. Það var þó engum skríl hleypt inn á 101 hótel, bara virðulegum gestum eins og **Loga Bergmanni Eiðssyni**, **Sólveigu Bergmann,** Árna Jóni Sigfússyni arkitekt, **Evu Dögg Sigurgeirsdóttur** tískupæju í markaðsdeild Smáralindar, Katrínu Júlíusdóttur og **Þóru Sigurðardóttur** sem hlógu heil ósköp og virtust skemmta sér vel. Á Óliver var líka troðfullt og mikill kraftur í loftinu.





Þar voru meðal annars Hrafn Jökulsson, Muri í Apple, Snæfríður Ingadóttir ritstjóri og rithöfundur sem sýndi dansfimi sína, Ásgeir Kolbeinsson, Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri og Sigríður Hjálmars blaðamaður á Séð og Heyrt. Á b5 var dj Margeir í stuði en líka Elvar Aðalsteinsson, Sveinn Eyland, Anna Karen Sverrisdóttir, Áshildur Haraldsdóttir og menningarmaðurinn Sigtryggur Magnason. Það dansaði þó enginn uppi á borðum.





# Bubbi kominn aftur á Rás 2

Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens eru aftur komnir á dagskrá Rásar tvö eftir nokkurra ára hlé. „Ég var settur út í kuldann eftir ummæli mín um Hannes Hólmstein en nú hafa orðið mannabreytingar á stöðinni og þess vegna sný ég aftur," svarar Bubbi þegar hann er inntur eftir þessum breytingum en tónleikunum hefur að undanförnu verið útvarpað á Bylgjunni. „Það er kominn maður sem veit hvað hann er að gera," bætir Bubbi við.

Aðsóknin hefur verið mikil á þessa tónleika Bubba og mörgum finnst Bubbi spila jólin inn. Hún var ekkert síðri þetta árið því það seldist upp á tveimur tímum. „Við höfum því ákveðið að bæta við öðrum tónleikum á annan í jólum," segir hann en Bubbi var staddur í Kringlunni að kaupa jólagjafir þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Valið á þeim vafðist ekki mikið fyrir honum. „Þetta er ekkert mál," sagði hann kokhraustur og ætlaði eflaust ekki að lenda í Þorláksmessuógöngunum eins og svo margir.

Fyrir helgi kom út ansi veglegur pakki með plötunum Ást og 6 skrefa fjarlægð frá Paradís ásamt mynddisk sem inniheldur heimildarmynd um gerð þeirra en samstarf þeirra Bubba og Barða Jóhannessonar hefur fengið gríðarlega góða dóma. Bubbi var sjálfur mjög ánægður með þennan grip, sem hann sagði vera veglegan og á góðu verði. „Ég er mjög stoltur af þessum hlut," bætti hann við.

Jólin eru ákaflega mikilvægur tími fyrir tónlistarmenn og Bubbi Morthens er á þönum þegar styttist í hátíð ljóss og friðar. Hann segist þó ekki þreytast á því að vera alltaf með tónleikahald þegar aðrir reyna að slappa sem mest af. Merkilegastir eru þó sennilega tónleikarnir sem hann heldur á Litla-Hrauni á aðfangadag en í ár verða þeir 23. í röðinni. „Þeir gefa mér alltaf jafn mikið," segir hann. „Jólin hjá mér byrja þegar hliðið að fangelsinu lokast að baki mér."

**- fgg**



**BUBBI MORTHENS** Verður með Þorláksmessutónleikana á Rás 2 eftir nokkurra ára hlé. Það er uppselt á þá og því hefur öðrum tónleikum verið bætt við á annan í jólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Jólatilboðin í fullum gangi




## Temprakon hitajöfnunarsængin




### Sængin sem breytir öllu

Nú á jólatilboði

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.


TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.


TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY




www.design.is @ 2005

# Heilsukoddar

## Mjúki pakkinn sem bætir lífið

TEMPUR-PEDIC® Heilsunnar vegna


Tempur Original


Tempur Classic


Tempur Millenium

ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI




Allir sem kaupa Tempur heilsukodda fyrir jólin fá hina frábæru bók, Með lífið að láni, að gjöf.


Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið: mánudag til fimmtudagsins 22. des. kl. 10-22**
**og á Þorláksmessu kl. 10-23 - Aðfangadag kl. 10-13**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**ÞRÁINS BERTELSSONAR**

## Jóla-hvað?

Jólin nálgast. Óskaplega líður tíminn hratt. Jólafríið mitt byrjar í dag um leið og ég hef lokið við að skrifa þessa grein. Þá er ég tilbúinn að halda jól. Að halda jól. Hvað inniber það? Hvað á maður við með orðunum „að halda jól“? Jóla-hvað? Hvað er það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa um jól. Út á hvað gengur þetta allt saman?

**HEFÐIR** eru fyrsta orðið sem skýtur upp kollinum. Hefðir og minningar. Minning látinna ástvina. Heimsóknir í kirkjugarð. Ljós á leiði. Hvaða rugl er þetta? Ekki eyði ég jólunum í kirkjugarði. Jólin snúast um samveru fjölskyldunnar. Fjölskyldubönd, að rifja upp að maður er ekki einn í heiminum. Við erum samferðamenn. Í óvissuferð. Hefðirnar tengja okkur saman, gefa okkur öryggistilfinningu. Jólatréð á ákveðnum stað. Hefðbundinn jólaundirbúningur, fastur jólamatseðill. Messa á aðfangadag. Bóklestur á jólanótt.

**JÓLIN** snúast um stöðumat. Hérna erum við núna. Hvað hefur gerst á árinu? Hefur árið verið gott eða erfitt? Hvernig lítur framtíðin út? Þarf að breyta einhverju eftir áramótin? Þau snúast um tengsl við annað fólk. Jólakort, jólakveðjur til fólks sem maður kannski tengdist með einhverjum hætti fyrir mörgum árum, en samfundir hafa verið fáir. Jólin eru tilefni til að hafa samband og láta vita að maður hugsar ennþá til þess.

**JÓLIN** snúast um frið. Eða leit að friði. Eftir undirbúning jólanna reynir maður að skyggnast inn í sjálfan sig. Er friður í hjartanu? Maður hugsar líka um friðinn í víðara samhengi. Er friður í heiminum? Nei, því miður. Ekki frekar en fyrri daginn. Og maður verður angurvær yfir því hvað veröldin er ósréttlát þótt maður sjálfur sé mestan part til friðs. Hvað er eiginlega að þessu mannkyni? En hvað með trúna? Snúast jólin um kristni? Já, að einhverju leyti. Maður minnist Krists sem predikaði stutta stund frið og kærleika í Miðjarðarhafsbotnum og var krossfestur. En Kristsmyndin í huga mínum er fremur óljós. Og þó. Þess er minnst að barn kemur í heiminn, nýtt líf fæðist og því fylgja óskir um frið á jörð og kærleika til alls sem lifir. Gleðileg jól!





